



Kerfislæg áhætta í gjaldþroti

Björgun ríkisins á Sjóvá kom fyrri hluthöfum ekki til góða og varði tjónpola. Kerfislæg áhætta fólst í mögulegu gjaldþroti, segir Hermann Björnsson, nýráðinn forstjóri Sjóvár. » 26-28



congress
REYKJAVÍK

Alhliða skipulagning
ráðstefna og funda

www.congress.is - ☎ 585 3900

vb.is

Viðskiptablaðið

FIMMTUDAGUR

8. DESEMBER 2011
49. tbl. 18. árg.



Barnalánin ólögmæt

Eigendur stofnfjár Byrs sleppa undan milljarða kröfu. » 24-25

Konur lækka í launum

Laun félagsmanna í FVH ýmist hækka eða lækka eftir kyni. » 30



ERLENT

Enn einn neyðarfundurinn

Forystumenn evruríkja vilja nánara ríkjasamband. » 18

Jólagjafalisti vinsælkerans

Góðar tillögur í jólapakkann. » 34

ÓÐINN SKRIFAR UM

hættu á evrópsku hruni. » 22

VÍGAFERLI FRAMUNDAN

Framundan er flókinn og erfiður ráðherrakapall en til stendur að koma Jóni Bjarnasyni og Árna Páli Árnasyni úr ríkisstjórn. » 16



PREPASKIPTUR FJÁRSÝSLUSKATTUR

Þingmenn ræða tillögu um að leggja sértækan 18% skatt á mánaðarlaun starfsfólks fjármálafyrirtækja sem eru yfir 400 þúsund. » 6



Tryggingafélög

Ræða við Landsbankann um að hafa umsjón með sölu TM

TM selt á nýju ári



» **Samningaviðræður** um að Landsbankinn sölutryggi útboð á TM.

» **Algjörlega** óvíst hvort TM verði skráð á skipulegan verðbréfamarkað.

» **Söluverðmæti** TM færi væntanlega vel yfir tíu milljarða króna. » 14

Verslunareigendur athugið! Jólatilboð á viðbótarposum

GSM-, Internet- og fastlínuposar
Einfaldir í notkun og öruggir
Skjót og góð þjónusta



Fyrirtækjalausnir Valitor | sími 525 2080 | www.valitor.is | fyrirt@valitor.is

VALITOR
Lausnir án landamæra

Endurskoðendur Slitastjórn Landsbankans vill fá fleiri gögn en PWC er tilbúið að afhenda

Slitastjórn stríðir enn við Vigni

Fyrirverandi stjórnarformaður PWC hefur mætt í skýrslutöku hjá slitastjórn Landsbankans, en deilt er um hve mikið af gögnum hann eigi að afhenda.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@mbi.is

Slitastjórn Landsbankans og Vignir Rafn Gíslason, endurskoðandi hjá PriceWaterhouseCoopers, deila um það hvaða gögn honum beri að afhenda slitastjórninni vegna endurskoðunar PWC á reikningum Landsbankans árin fyrir hrún. Samkvæmt dómi Hæstaréttar, sem féll í lok september í ár, bar Vigni skylda til að mæta til skýrslutöku í héraðsdómi og afhenda vinnugögn sín vegna vinnu sinnar við endurskoðunina. Vignir segir í samtali við Viðskiptablaðið að hann sé búinn að afhenda þau gögn sem honum beri að afhenda í samræmi við dóm Hæstaréttar. Slitastjórnin er hins vegar ekki sammála honum um túlkun dómsorðsins og vill fá fleiri gögn afhent.

„Ég hef mætt í skýrslutöku vegna málsins, eins og fleiri hafa reyndar



Slitastjórn Landsbankans segir að afhenda beri fleiri gögn en gert hefur verið

gert, og afhent þau gögn sem mér ber að afhenda samkvæmt dómi Hæstaréttar,” segir Vignir, en vísar á slitastjórnina þegar spurt er að því hvort hún hafi viljað fá fleiri gögn en hann hafi talið sér skylt að afhenda. Kristinn Bjarnason, sem situr í slitastjórn Landsbankans, segir menn túlka dóm Hæstaréttar með mismunandi hætti. „Það sem þetta snýst um er hvort búið er að afhenda öll gögn, sem að okkar mati bar að afhenda. Stutta svarið er að það er ágreiningur um þetta,” segir Kristinn.

Enginn titringur innan PWC
Að hluta til snýst deilan núna um muninn á því hvernig dómsorðin voru orðuð annars vegar í dómi héraðsdóms og hins vegar í dómi Hæstaréttar. Í dómi héraðsdóms segir að Vigni sé skylt að afhenda öll vinnugögn vegna endurskoðunar á ársreikningum Landsbankans. Í dómi Hæstaréttar er þetta hins vegar orðað svo að Vigni beri að afhenda vinnugögn sín vegna starfa við endurskoðun á ársreikningunum. Lítur PWC því þannig á að í dómi Hæstaréttar felist aðeins

skylda til að afhenda eigin vinnuskjöl Vignis, en ekki önnur skjöl sem urðu til við vinnu PWC við endurskoðunina. Þá er líka deilt almennt um hversu víðtæk skyldan til afhendingar gagnanna er.

Vignir Rafn er ekki lengur stjórnarformaður PWC á Íslandi, en hann segir að það tengist þessu máli á engan hátt. „Við róterum þessu milli okkar og núna var komið að Guðmundi Snorrasyni að gegna formennsku í stjórninni. Það er ekkert tortryggilegt við það.“ Hann segir jafnframt að eng-

inn titringur sé innan fyrirtækisins vegna málsins og stemningin sé góð.

Óttast dómsmál

Ein af ástæðunum fyrir því að Vignir Rafn og PWC hafa verið treg til að mæta í skýrslutöku hjá slitastjórn og afhenda öll þau gögn sem hún hefur krafist er sú að hugsanlega sé slitastjórn Landsbankans að undirbúa dómsmál gegn PWC. Undir málarekstri í héraði kom fram í máli Vignis að við slíkar aðstæður verði að telja hann og PWC aðila máls og því hafi hann og fyrirtækið ekki sömu skyldu til upplýsingagjafar og vitni. Þá sé slitastjórnin enn að víða að sér upplýsingum vegna slíkrar hugsanlegrar málshöfðunar. Á þessi rök var ekki fallist af héraðsdómi eða Hæstarétti.



Í STUTTU MÁLI

Stýrir vexti utan Norður-Ameríku

Icelandic Water Holdings hefur ráðið Roger Barrey í starf framkvæmdastjóra alþjóðasviðs en hann hefur yfir 20 ára reynslu af sölu drykkjarkfanga. Roger Barrey gegndi áður starfi stjórnanda á alþjóðasviði hjá Anheuser-Busch-InBev



og Coca Cola. Sem framkvæmdastjóri alþjóðamarkaða hjá Icelandic Water Holdings er Roger ábyrgur fyrir alþjóðlegum vexti Icelandic Glacial utan Bandaríkjanna og Kanada. „Sterkir stjórnendur á borð við Roger eru mikilvægir fyrir fyrirtækið til að við vöxum áfram alþjóðlega,” er haft eftir Jóni Ólafssyni, forstjóra Icelandic Water Holdings í tilkynningu.

Dómur í Baugsmálinu á föstudag

Dómur verður kveðinn upp í svokölluðum skattahluta Baugsmálsins á morgun,



Gaums. Ákært var í málinu í desember 2008, eða fyrir þremur árum, en tímabilið sem ákært var fyrir nær frá árinu 1999 til 2002. Er ákærðu gert að sök að hafa skilað inn

föstudaginn, 9. desember. Málið snýst um meint skattalagabrot Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Kristínar Jóhannesdóttur, Tryggva Jónssonar og Fjárfestingarfélagins

röngum skattframtölum á tímabilinu. Gestur Jónsson, lögmaður Jóns Ásgeirs, verður ekki viðstaddur dómsuppkvaðninguna þar sem hann er nú í Bandaríkjunum.

Kauphallarbjallan safnaði ekki ryki

Bjalla Kauphallarinnar, sem notuð er til að hringja við skráningu fyrirtækja á hlutabréfamarkað, hefur verið lítið notuð í að verða fjögur ár. Síðast var hún notuð í þeim tilgangi 19. mars árið 2008 þegar Skipti, móðurfélag Símans, var skráð á markað. Hún hefur ekki verið notuð áður þegar

skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja hafa verið tekin til viðskipta. Kristín Jóhannsdóttir, samskiptastjóri Kauphallarinnar, segir um merkisviðburð hafa verið að ræða í gær, sértryggt skuldabréf Íslandsbanka séu mikilvægt skref fyrir fjármögnun fjármálakerfisins eftir hrún. „Við höfum haldið bjöllumni við og hringt henni á brunaæfingum og í morgunmat og svona,” segir Kristín.



HÚSGAGNAVERSLUN PENNANS ER FLUTT Í SKEIFUNA

GLÆSILEGT ÚRVAL AF SKEMMTILEGRI GJAFAVÖRU OG HÚSGÖGNUM FYRIR SKRIFSTOFUNA OG HEIMILIÐ FRÁ HEIMSPEKKTUM HÖNNUDUM.



Almennt hlutafjárútboð

Áskriftartímabili lýkur í dag kl. 16.00

Eignabjarg ehf., dótturfélag Arion banka hf., hyggst selja þegar útgefna hluti í Högum hf. með almennu útboði.

Markmiðið er að útboðið geri Högum hf. kleift að uppfylla skilyrði NASDAQ OMX Iceland um dreifingu hlutafjár og marki þannig grunninn að dreifðu eignarhaldi á Högum, en þá er bæði horft til þess að almenningur og fagfjárfestar eignist hlut í félaginu, og jafnframt er markmið seljandans að fá ásættanlegt verð fyrir eign sína.



Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hefur umsjón með almenna útboðinu.

Stærð útboðsins nemur 20% af útgefnum hlutum, eða 243.517.168 hlutum, en seljandi áskilur sér rétt til að stækka útboðið í allt að 30% af útgefnum hlutum eða samtals í allt að 365.275.752 hluti. Seljandi óskar eftir áskriftum á verðbilinu 11–13,5 krónur á hlut og mun eftir lok áskriftartímabils ákvarða eitt endanlegt útboðsgengi til allra kaupenda í útboðinu, en það mun verða á framangreindu verðbili. Andvirði útboðsins getur þannig numið á bilinu 2,7–4,9 milljörðum króna.

Peir sem vilja fjárfesta fyrir 100 þúsund krónur til 25 milljónir króna eru beðnir að skila áskrift sinni rafrænt á vef Arion banka, www.arionbanki.is. Til þess notar fjárfestir notandanafn sitt og lykilorð að Netbanka Arion banka, eða kennitölu sína og lykilorð sem hann pantar á áskriftarvefnum og fær sent um hæl sem rafrænt skjal í netbanka sinn hjá hvaða íslenska viðskiptabanka sem er.

Peir sem vilja fjárfesta fyrir 25–500 milljónir króna eru beðnir að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf eða hlutabréfamíðlun fjárfestingabankasviðs Arion banka og skila áskrift sinni á sérstöku formi sem nálgast má hjá þessum söluaðilum.

Útboðið er til aðila (einstaklinga og lögaðila) með íslenska kennitölu sem eru fjárráða og ráða búi sínu sjálfir. Það þýðir m.a. að einstaklingum undir 18 ára aldri er ekki heimiluð þátttaka í útboðinu.

Úthlutun: Komi til þess að eftirspurn í útboðinu verði meiri en sem nemur stærð útboðsins, þá verða annars vegar áskriftir að andvirði 0,5–25 milljónum króna skertar um allt að 50%, en lægstu áskriftir látnar halda sér, og þurfi að koma til frekari niðurskurðar verður hámark netáskrifta lækkað frekar með flötum niðurskurði og hins vegar verða áskriftir yfir 25 milljónum króna skertar samkvæmt einhliða ákvörðun seljanda sem taka mun mið af framangreindum markmiðum útboðsins.

Áskriftartímabil stendur frá mánudeginum 5. desember 2011 klukkan 10.00 til fimmtudagsins 8. desember 2011 klukkan 16.00.

Eindagi kaupverðs: 14. desember 2011

Stefnt er að því að 15. desember 2011 verði fyrsti dagur viðskipta með hluti Haga hf. í Kauphöllinni.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er bindandi.

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar um Haga og skilmála útboðsins sem er að finna í lýsingu Haga dagsettri 26. nóvember 2011 sem gefin er út á íslensku. Fjárfestum er sérstaklega bent á kafla um áhættuþætti í lýsingunni.

Lýsinguna má nálgast rafrænt á www.hagar.is og www.arionbanki.is. Hana má einnig nálgast innbundna í höfuðstöðvum Haga að Hagasmára 1 í Kópavogi og hjá Arion banka í Borgartúni 19 í Reykjavík.

Í STUTTU MÁLI

Greinargerð skilað 14. desember

» Ríkissaksóknari mun skila greinargerð í máli Baldurs Guðlaugssonar til Hæstaréttar fyrir 14. desember næstkomandi, samkvæmt upplýsingum frá Sigríði J. Friðjónsdóttur ríkissaksóknara. Þegar hefur verið skiluð greinargerð af hálfu Baldurs, en frestur til þess rann út 23. nóvember síðastliðinn. Baldur var dæmdur í héraðsdómi í tveggja ára óskil-orðsbundið fangelsi fyrir innherjasvik og brot í opinberu starfi. Brot hans snúa að sölu hlutabréfa í Landsbankanum 17. og 18. september 2008 fyrir alls 192 milljónir króna. Þá var Baldur ráðuneyttisstjóri í fjármálaráðuneytinu og sat í sérstökum samráðshópi vegna vandans á fjármálamarkaði. Niðurstöðu héraðsdóms var áfrýjað til Hæstaréttar og eins og fyrr segir mun ákærvaldið skila greinargerð í síðasta lagi 14. desember.

Majónesið úr tapi í hagnað

» Hagnaður Gunnars Majones hf. á árinu 2010 nam rúmlega 15 milljónum króna samkvæmt nýbirtum ársreikningi félagsins samborið við 32 milljóna króna tap árið áður. Gunnars Majones hf. er þekktast fyrir framleiðslu á samnefndri vöru en einnig framleiðir fyrirtækið krydd, bragðefni og sós-ur. Í lok ársins 2010 námu eignir Gunnars Majones 112 milljónum króna. Eigið fé var neikvætt í árslok um tæplega 63 milljónir króna. Í lok ársins voru eigendur Gunnars Majones þeir sömu og í upphafi árs, en þeir eru Sigríður Regína Waage með 32% hlut, Helen Gunnarsdóttir Jónsson með 27,5% hlut og Nancy Ragnheiður Jónsson með 40,5% hlut.



Leiðrétting

Ranglega kom fram í síðasta Viðskiptablaði að meirihlutaeigandi Vistors væri Jón Helgi Guðmundsson og börn. Hið rétta er að Vistor er að fullu í eigu Veritas Capital hf. Eigendur Veritas Capital hf. eru Stormtré ehf. með 75,5% hlut og Ares ehf. með 24,5% hlut. Stormtré er að mestu í eigu Hreggviðs Jónssonar og Ares er félag í eigu Straumborgar ehf. sem er fjárfestingarfélag í eigu Jóns Helga Guðmundssonar, barna hans og fleiri aðila. Í fréttinni kom einnig fram að Vistor hafi greitt 500 milljónir í arð í fyrra en sú arðgreiðsla

rann til móðurfélagsins, Veritas Capital hf. Veritas greiddi 100 milljónir króna í arð til hluthafa vegna ársins 2010.

Árétting

Í upphafi greinar undir fyrirsögninni „Möguleiki á gengishagnaði fyrir Seðlabankann“ í síðasta tölublaði Viðskiptablaðsins sagði að slitastjórn Landsbankans hefði ákveðið að greiða forgangskröfuhöfum í krónum. Hið rétta er að kröfuhöfum verður greitt í erlendri mynt eins og fram kom síðar í greininni.

Skattar 0,0814% skattur verður lagður á hreinar eignir lífeyrissjóða

Eykur ójafnræði milli lífeyrissjóða

Forseti Alþýðusambandsins telur fyrirhugaða skatta á lífeyrissjóði ganga þvert gegn loforðum sem gefin voru í kjarasamningum.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Fyrirhugaður eignaskattur á lífeyrissjóði eykur ójafnræði milli lífeyrissjóða í ábyrgð ríkisins annars vegar og almennu lífeyrissjóðanna hins vegar. Forsvarsmenn sjóðanna og verkafélagsráðgjafarinnar gagnrýna áformin harðlega og segja þau ganga þvert gegn gefnum loforðum. Efasemdir eru um að skattlagningin standist jafnréttisákvæði stjórnarskrárinnar.

Til stendur að leggja 0,0814% tímabundinn skatt á hreina eign í samtryggingarhluta lífeyrissjóða. Frumvarp þess efnis er nú til þriðju umræðu á Alþingi. Með skattinum vilja stjórnvöld sækja þá fjármuni sem lífeyrissjóðirnir hafa fallist á að greiða til sérstakrar vaxtaniðurfærslu til heimila. Niðurgreiðslan nemur alls 12 milljörðum á tveimur árum og hefur helmingur upphæðarinnar þegar verið greiddur út. Hlutur lífeyrissjóða að fjármögnun greiðslunnar, samkvæmt samkomulagi frá því í desember í fyrra, er 2,8 milljarðar króna. Einnig stendur til að setja fjársýsluskatt og að lækka það 4% iðgjald, sem er í dag frádráttarbært frá skatti í 2%.

Kjarasamningar undir

Þórey S. Þórðardóttir, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, gagnrýndi áform stjórnvalda harðlega í viðtali sem birtist í síðasta tölublaði Viðskiptablaðsins. Þar kom fram að ekki hafi náðst að semja um fjármögnun lífeyrissjóðanna á vaxtaniðurgreiðslunum. Þeir hafa meðal annars lýst yfir vilja til að kaupa hlut í bönkunum og Landsvirkjun til að standa straum af sínum hluta. Þær viðræður eru í strand.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ) tekur í sama streng. Hann segir skattaáformin stórmál. Ljóst er að kjarasamningar geta verið undir í málinu. Þeir verða teknir til endurskoðunar í janúar á nýju ári. Í samtali við Viðskiptablaðið tekur hann þó fram að það sé ekki hans að ákveða um að halda samningum gildum eða ekki, heldur aðildarfélagi ASÍ og samninganefndar um kjarasamningana.

„Eitt af meginmarkmiðum kjarasamninganna var að ná áfanga um jöfnun lífeyrisréttinda. Þetta gengur algjörlega gegn því“, segir Gylfi. Bæði hann og Þórey segja að skattlagningin muni skerða réttindi þeirra sem njóta almennra lífeyrisréttinda, en ekki þeirra sem eru hjá ríkinu. Gylfi bend-



Gylfi Arnbjörnsson segir áform um að skerða hækkun bóta almannatrygginga, álögur á lífeyrissjóði til að fjármagna starfsemi ríkisins og skattlagningu á launakostnað sjóðanna ganga þvert gegn fyrirheitum.

VB MYND/HAG

ir á að 2,8 milljarða kostnaðurinn muni skila sér í 800 milljóna króna hækkun á ábyrgð ríkisins vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). „Þær milljónir eru nákvæmlega þær sem ekki er hægt að nota til að hækka bætur á almenna markaðinum“, segir hann.

Samþykkt þýðir ekki skattar

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði í morgunútvarpi Rásar 2 í fyrradag að ef ekki náist samkomulag um málið gæti svo farið að það verði engar vaxtaniðurgreiðslur á næsta ári. Hann sagði að nú sé búið að reyna í heilt ár að fá lífeyrissjóðina til að skila sínum hlut, en það hafi ekki gengið.

Aðspurður um þá staðreynd að forsvarsmenn lífeyrissjóða hafi samþykkt að koma að niðurgreiðslunum segir Gylfi það ekki þýða að fallist sé á skattlagningu. „Sjóðirnir hafa samþykkt að fjármagna Landsspítala-háskólasjúkrahús, alls konar vegaframkvæmdir og halla á ríkissjóði. En það á ekki að gerast með skatti á þá. Þeir fjármögnuðu einnig kaup á aflandsbréfum á síðasta ári, sem framkallaði 20 milljarða söluhagnað hjá fjármálaráðherra. Hann notaði það í hitina en ekki í vaxtaniðurgreiðslur. Þar fengust þrefaldar niðurgreiðslurnar í hagnað, sem var tilkominn vegna aðkomu lífeyrissjóðanna“, segir Gylfi en þar visar hann í Avens-viðskiptin svokölluðu. Hann tekur fram að báðir aðilar, ríkið og lífeyrissjóðir, hafi hagnast á þeim viðskiptum. Vegna gjaldeyrishaftanna liggi þó fjármunir sjóðanna á vaxtalágum reikningum.

Gylfi segir einnig að búið sé að leita logandi ljósi að ákjósanlegum eignum

sem lífeyrissjóðirnir geti fjárfest í, og þannig greitt sinn hluta. „En ríkið telur sig ekki geta selt bréf í bönkunum og það liggur ekki fyrir stefna varðandi Landsvirkjun eða orkustofnanir. Það er ekki við lífeyrissjóðina að sakast að það finnst ekkert sem ríkið getur lát-ið afhendi.“

Ójafnræði milli almennra sjóða

Í samtali við Viðskiptablaðið bendir Þórey á að eignaskatturinn eykur ekki aðeins misvægi milli lífeyrissjóða á almennum markaði annars vegar og opinberu sjóðanna hins vegar, heldur einnig milli almennra lífeyrissjóða. „Skatturinn mun koma mismunandi niður á almennum sjóðum eftir því hvernig þeir skilgreina samtryggingarhlutann og sértryggingarhlutann“, segir hún. Þar sem skatturinn leggst á samtryggingarhlíð muni þeir sjóðir sem eru með stærri hluta eigna undir sértryggingum greiða hlutfallslega lægri skatt. Sem dæmi um sjóði sem eru með mest undir sértryggingum má nefna Frjálsa og Almenna lífeyrissjóðinn. Þórey telur að vegna þessa kunni að reyna á jafnræði við skattlagningu.

Ókeypis
Bilanagreining
á PC tölvum

TÖLVUVIRKNI

Tölvuvirkni ehf - Holtasmára 1 - Kópavogi - Sími 5556250

Tölvukerfi fyrirtækisins á okkar ábyrgð

Dell netþjónar

Öflugir netþjónar sem henta litlum fyrirtækjum. Ódýrir og áreiðanlegir.

Dell PowerEdge T110 II
Verð áður
299.950 kr.

**Verð nú
209.950 kr.**



5 ára
varahlutaábyrgð
3 ára
vinnuábyrgð

Dell fyrirtækjafartölvur

Dell Latitude eru öflugar, öruggar og sérstaklega sterkbyggðar fartölvur fyrir viðskiptalífið.

Dell Latitude E5520
Verð áður
199.950 kr.

**Verð nú
139.950 kr.**



5 ára
varahlutaábyrgð
3 ára
vinnuábyrgð

Dell borðtölvur

Öruggar og auðveldar í umsýslu, OptiPlex tölvurnar passa í nánast hvaða skrifstofuumhverfi sem er.

Dell OptiPlex 790
Verð áður
183.750 kr.

**Verð nú
129.950 kr.**



5 ára
varahlutaábyrgð
3 ára
vinnuábyrgð

Dell fartölvur

Dell Vostro eru hannaðar með lítil fyrirtæki í huga, einfaldar en sterkbyggðar. Hlaðnar nýjustu tækni og skila fyrsta flokks árangri.

Dell Vostro 3550
Verð áður
189.900 kr.

**Verð nú
149.950 kr.**



3 ára
ábyrgð

Hvað er okkar ábyrgð?

Okkar ábyrgð er meira en lögleg lágmarksábyrgð. Okkar ábyrgð nær líka yfir þjónustuverið sem er alltaf opið og yfir vöruúrvalið sem samanstendur af vörum sem þú getur treyst.

Kaupu tölvukerfi fyrirtækisins á okkar ábyrgð.

www.ejs.is/tolvubunadur

Okkar
ábyrgð

Grensásvegi 10
108 Reykjavík

Tryggvabraut 10
600 Akureyri

440 9000
sala@ejs.is



EJS | HLUTI AF
SKÝRR

Í STUTTU MÁLI

Góð laun hjá Fjármálaeftirlitinu

» Meðallaun starfsmanna í Fjármálaeftirlitinu eru um 660.000 krónur á mánuði, samkvæmt upplýsingum frá FME, en meðallaun starfsmanna í fjármálageiranum almennt eru um 473.000 krónur, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Upplýsingar um laun í Fjármálaeftirlitinu koma fram í svari FME við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns. Kemur þar fram að af 113 starfsmönnum FME þann 6. desember eru aðeins 12 starfsmenn með mánaðarlaun undir hálfri milljón, en átján starfsmenn eru með laun yfir 800.000 krónum. Þar af eru þrír með yfir eina milljón króna í laun á mánuði. Langflestir starfsmenn FME eru hins vegar með laun á bilinu 500.000–800.000 krónur á mánuði og er miðgildi launanna á bilinu 600.000–700.000 krónur á mánuði. Samkvæmt þessu er heildarlaunakostnaður Fjármálaeftirlitsins um 75 milljónir króna á mánuði eða um 900 milljónir á ári.

Laun án launatengdra gjalda í
Fjármálaeftirlitinu m.v.
6. desember 2011:

Laun	Starfsmenn
200.000-299.999	0
300.000-399.999	4
400.000-499.999	8
500.000-599.999	30
600.000-699.999	29
700.000-799.999	24
800.000-899.999	10
900.000-999.999	5
1.000.000-1.099.999	1
1.100.000-1.199.999	2
Alls	113

Heimild: Fjármálaeftirlitið 6. desember 2011

Gamli Landsbankinn greiðir upp í Icesave-skuld

» Slitastjórn Landsbankans greiddi í gær kröfuhöfum 432 milljarða króna úr þrotabúi bankans. Þetta jafngildir einum þriðja af forgangskröfum. Þær eru í heildina í kringum 1.300 milljarða króna. Kröfurnar eru að nær öllu leyti svokallaðar Icesave-kröfur sem bresk og hollensk stjórnvöld fá úr þrotabúinu. Greiðslan er í blandaðri mynt, evrum, breskum pundum, dólum og krónum. Þetta er nær allt laust fé þrotabúsins sem nam fyrir útgreiðsluna 484 milljörðum króna. Ekkert hefur verið gefið upp um næstu hlutagreiðslu. Áfram verður greitt úr búinu í samræmi við það sem eignir gefa af sér. Fast er í hendi að það geti tekið í það minnsta þrjú til fimm ár, samkvæmt upplýsingum frá skilaneftndinni.



Efnahags- og viðskiptanefnd hefur frumvarpið nú til meðferðar. Helgi Hjörvar og Guðlaugur Þór Þórðarsson sitja báðir í nefndinni.



Skattar Þingnefnd fjallar um nýjar hugmyndir um þrepaskiptan fjársýsluskatt

Hugmyndir uppi um
18% fjársýsluskatt

Hugmyndir um þrepaskiptan fjársýsluskatt koma fram í greinargerð fjármálaráðuneytis. Efra þrepið yrði 18% af launagreiðslum.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Á form ríkisstjórnarinnar um að leggja 10,5% launatengd-an fjársýsluskatt á fjármála-fyrirtæki hafa vakið hörð viðbrögð forsvarsmanna fjármálafyrirtækja sem og samtaka starfsmanna slíkra fyrirtækja. Gera má því ráð fyrir að nýjar hugmyndir, sem reifaðar eru í greinargerð tekju- og skattaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, um útfærslu á slíkum skatti auki enn á óánægjuna. Í greinargerðinni, sem Viðskiptablaðið hefur undir höndum, eru viðráðar hugmyndir um þrepaskiptan fjársýsluskatt, þannig að fyrirtæki greiði herra hlutfall launa í skatt ef laun eru undir 400.000 krónum en herra hlutfall ef laun eru hærri. Í greinargerðinni segir að markmiðið með fjársýsluskattinum sé að afla ríkissjóði 4,5 milljarða króna og ef það markmið eigi að nást verði lægra skattþrepið að vera 8% og hið herra 18%. Eins og áður segir gerir frum-

varpið, eins og það stendur núna, ráð fyrir flötum 10,5% skatti á laun allra starfsmanna.

Í greinargerðinni segir að ef lægra þrepið væri 5% og hið herra 15% myndi skatturinn væntanlega afla ríkissjóði um þremur milljörðum króna á næsta ári og því þurfi að leita annarra leiða til að afla þeirra 1,5 milljarða sem eftir standa.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir í samtali við Viðskiptablaðið að margar hugmyndir um aðra útfærslu á skattinum hafi komið upp. „Við erum ennþá að fara yfir þessar hugmyndir í nefndinni, en eins og málið stendur núna þá er frumvarpið óbreytt og gerir ráð fyrir flötum 10,5% skatti.“ Magnús Orri Schram, sem einnig situr í nefndinni, segir að málið sé ennþá til skoðunar. „Við gerum ráð fyrir því að afgreiða frumvarpið úr nefndinni öðru hvoru megin við helgi, en þó er líklegra að það verði eftir helgi.“

Bitnar á nýjum og smáum fyrirtækjum

Verði hugmyndirnar um 8-18% fjársýsluskatt að veruleika má gera ráð fyrir því að hann muni bitna harðast á litlum og nýstofnuðum fjármálafyrirtækjum, að sögn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, alþing-

ismanns og nefndarmanns í efnahags- og viðskiptanefnd. „Í raun er þarna verið að gera vonda hugmynd verri. Lítil fyrirtæki í þessum geira, eins og sparisjóðirnir, munu eiga í mestu erfiðleikunum með að standa undir þessum skatti. Stóru bankarnir þrír munu eiga auðveldara með að greiða skattinn, þó að það verði að sjálfsögðu ekki auðvelt. Þeir sem hagnast á þessu eru óeftirlitsskyld fyrirtæki og erlend-ir aðilar og má ætla að sú starfsemi sem eftirlitsskyld fyrirtæki eru með núna muni færast í auknum mæli yfir til óeftirlitsskyldra aðila.“

Ekki er vitað hvaðan hugmyndin um þrepaskiptan fjársýsluskatt er komin, enda segir í greinargerð ráðuneytisins aðeins að hún hafi verið viðruð. Ekki er ólíklegt samt að hún sé hugsuð, að hluta til að minnsta kosti, sem svar við um-sögn Samtaka fjármálafyrirtækja um frumvarpið. Þar segir að fjársýsluskattur á launakostnað sé líklegur til að leiða til frekari uppsagna starfsfólks, en meðallaun starfsfólks fjármálafyrirtækja séu 473.000 krónur og meðallaun kvenna um 420.000 krónur. Má því ætla að þrepaskiptingin sé hugsuð þannig að fjársýsluskatturinn leiði frekar til uppsagna hjá tekjuhærra starfsmönnum, ef til uppsagna þarf að koma.

BLÓMABÚÐIN

Borgartúni 23

Fagleg þjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Blóm fyrir öll tilefni
Heimsendingarþjónusta

Jólavendir
Jólaskreytingar
Kertaskreytingar
Innpakkanir
Gjafavara

Blómaverslunin

Blóm og Brúðkaup

Borgartúni 23 S: 561-1300



Cayenne Diesel

Komdu í Porsche salinn á undan tollabreytingunni!

Um næstu áramót munu tollahækkanir eiga sér stað.

Getum afgreitt Porsche fyrir þann tíma. Láttu tilfinningarnar ráða,- strax.

Komdu í Porsche salinn og fáðu tilboð.

Porsche Cayenne Diesel:

Eyðsla: 7,2 l/100 km í blönduðum akstri

Co2: 189 g/km

Tog: 550 Nm

Hröðun: 7,6 sek. 0-100 km/klst.

PORSCHE
INTELLIGENT
PERFORMANCE

Bílabúð
Benna
— Sérfræðingar í bílum —



Í STUTTU MÁLI

Viðskiptavild 328% af eigin fé

» Rekstrarhagður Primera Travel Group nam 1.760 milljónum króna í fyrra. Eigið fé var 35,3 milljónir evra um síðustu áramót og var eiginfjárhlutfall félagsins um 25%. Viðskiptavild félagsins var færð til bókar á 82,4 milljónir evra þannig að hún nam um 328% af eigin fé en framkvæmt var virðisrýrnunarpróf og fært upp um 6,8 milljónir evra. Skammtímaskuldbindingar Primera Travel Group námu um áramótin 44,5 milljónum evra en veltufjáreignir 19,6 milljónum þannig að veltufjárhlutfall félagsins var þá um 0,44.



Hagvöxtur mælist 3,7%

» Landsframleiðsla á fyrstu níu mánuðum ársins jókst að raungildi um 3,7% samanborið við fyrstu níu mánuði ársins 2010. Hagstofan birti nýjar tölur um landsframleiðsluna í gær. Milli annars og þriðja ársfjórðungs í ár jókst landsframleiðslan um 4,7% að raungildi. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöldin um 1,6%. Einkaneysla jókst um 1,1%, samneyslan var óbreytt og fjárfesting dróst saman um 5,3%. Útflutningur jókst um 6,8% milli ársfjórðunga og innflutningur um 1,2%. Í Hagtíðindum Hagstofunnar kemur fram að afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd sé mun meiri á 3. ársfjórðungi en hann var á 2. ársfjórðungi. Afgangur jókst um 25 milljarða og var alls 61 milljarður á 3. fjórðungi.



Kauphöll Íslandsbanki skráir skuldabréf til viðskipta í Kauphöll Íslands

Arion fylgir Íslandsbanka

Íslandsbanki gaf í gær út sértryggð skuldabréf, fyrst íslenskra fjármála-fyrirtækja til að gefa út skuldabréf frá hruni. Arion banki er kominn langt í sinni fyrstu útgáfu og Landsbankinn stefnir á slíka útgáfu á næsta ári.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is



Fjögurra milljarða framboð af bréfum Íslandsbanka dugði ekki til að svala eftirspurn eftir bréfunum. Bréfin voru skráð í Kauphöllina í gærmorgun. Af því tilefni hringdu Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, og Páll Harðarson Kauphallarstjóri, Kauphallarþjöllunni. Páll skýrði málin fyrir gestum í gær.

VB MYND/BIG

Gagnaver á Íslandi: Tækifæri til framtíðar

Málstofa í Háskólanum í Reykjavík, á morgun, 9. desember kl. 9–11.

Landsvirkjun, í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, efnir til málstofu og pallborðsumræðna um framtíð gagnaversiðnaðar á Íslandi.

Gagnaversiðnaður á Íslandi: Möguleikar og markaðstækifæri

Halldór Sigurðsson, Jr. partner hjá McKinsey

Data Centers: Iceland's Game to Win or Lose

Isaac Kato, CFO hjá Verne Global

Gagnaversiðnaður á Íslandi: Framtíðarsýn og aðgerðaáætlun

Ríkarður Ríkarðsson, viðskiptastjóri hjá Landsvirkjun

Við pallborð sitja auk fyrirlesara:

Ómar Benediktsson, framkvæmdastjóri Farice

Þórður Hilmarsson, forstöðumaður Invest in Iceland

Magnús Orri Schram, þingmaður Samfylkingarinnar

Helgi Þór Ingason, dósent við Háskólann í Reykjavík

Gestur Gestsson, forstjóri Skýrr

Fundarstjóri er Magnús Bjarnason, framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun.

Málstofan fer fram í stofu M209.

Aðgangur ókeypis, allir velkomnir.

Markmið opinna funda Landsvirkjunar er að stuðla að gagnsærri og faglegri umræðu um málefni tengd starfsemi fyrirtækisins.



Bjallan í Kauphöll Íslands hljómaði í fyrsta sinn í rúm þrjú ár í gær, þegar sértryggð skuldabréf útgefin af Íslandsbanka voru tekin til viðskipta. Útgáfan er ekki stór, um 4 milljarðar króna, en heildarheimild bankans í útgáfu skuldabréfa-flokksins er 100 milljarðar. Áætlað er að á næstu árum verði árlega gefin út allt að 10 milljarðar til viðbótar af sértryggðum bréfum.

Í síðasta mánuði fékk Arion banki heimild Fjármálaeftirlitsins (FME) til þess að gefa út sértryggð bréf. Væntanleg útgáfa þeirra er samkvæmt upplýsingum Viðskiptablaðsins langt á veg komin. Í tilkynningu frá bankanum segir að á næstu dögum verði útgáfan kynnt fyrir fjárfestum. Að baki sértryggðra skuldabréfa liggja ákveðnar eignir. Bréf Arion verða tryggð með íbúðalánnum í eigu bankans sem veitt hafa verið á árinu 2011. Í dag liggur ekki fyrir hvoru megin við áramótin ráðist verður í útgáfuna.

Flóknari umgjörð

Veð að baki bréfum Íslandsbanka eru einnig húsnæðislán, að upphæð fimm milljarðar króna. Um er að ræða verðtryggð bréf til fimm ára og eru nafnvextirnir 3,5%. Samkvæmt reglum um sértryggð skuldabréf frá árinu 2008 er skylt að veð bréfanna sé hærra en útgáfan sjálf. Veð bréfanna munu því hækka í takt við útgáfuna.

Sértryggð skuldabréf kalla á mun meira umfang en útgáfa hefðbundinna skuldabréfa. Til að mynda þarf að veita upplýsingar um veð og stöðuna á þriggja mánaða fresti. Þá hefur óháður eftirlitsaðili heimild til þess að kanna stöðuna hvenær sem er. Hjá Arion banka verður KPMG sérstakur skoðunaraðili. Hann mun reglulega skila skýrslu til FME um stöðu lánasafnsins sem er til tryggingar.

Landsbankinn í útgáfu á næsta ári

Reiknað er með að Landsbankinn gefi út sértryggð skuldabréf á síðari hluta næsta árs, samkvæmt svari bankans við fyrirspurn Viðskiptablaðsins. Fyrirkomulagið er enn í mótn og ekki hefur verið tekin ákvörðun um til hvers langt tíma bréfin verða. Ólíkt Íslandsbanka og Arion hefur bankinn ekki sótt um leyfi hjá Fjármálaeftirlitinu. Í tilkynningu Arion banka segir um sértryggð bréf að formið sé algengt og verið mikið notað á Norðurlöndunum og í Evrópu. „Skuldabréf tryggð með íbúðalánnum fela í sér mikilvæga vernd fyrir fjárfesta og þykja því góður kostur fyrir þá sem vilja lágmarka áhættu í sínum fjárfestingum. Skuldabréfaútgáfa Arion banka mun þannig fjármagna veitt íbúðalán bankans og auka fjölbreytni í fjármögnun hans. Þar sem skuldabréfin verða tryggð með íbúðarhúsnæði munu þau bera lága vexti.“

Flóra fjárfesta

Jón Guðni Ómarsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandsbanka, sagði á fundi með blaðamönnum í gær að áhugi á bréfunum hafi verið mikill og var eftirspurn meira en framboðið. Aðspurður um fjárfesta, og hvort þeir hafi að stærstum hluta verið lífeyrissjóðir, sagði hann flórana breiða. Birna Einarsdóttir bankastjóri bætti við að fjárfestar virðast spenntir fyrir nýjum afurðum á markað, en mikil einsleitni í fjárfestingum hefur einkennt síðustu ár.

Útgáfa skuldabréfanna er jákvætt skref fyrir Íslandsbanka. Birna bendir á að innlánahlutfall bankans sé hátt, rúmlega 80%. Skuldabréfaútgáfan sé mikilvægt skref í að breyta núverandi fjármögnun bankans, þótt skrefið sé ekki stórt í fyrstu. Hún sagði að lækkun hlutfallsins í um 65% endurspegli betur eðlilegt ástand.

Ljóst er að Arion banki mun líkt og Íslandsbanki fara sérhægt í fyrstu skrefum útgáfu sértryggðra bréfa og útgáfa Arion verði því svipuð eða jafnvel minni en hjá Íslandsbanka. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum er útgáfa sértryggðra skuldabréfa í vinnslu, en er þó ekki komin jafn langt og hjá hinum bönkunum.

SAGE

SIMMS®

Bara það besta



VEIÐIHORNID

Metnaður okkar er að þjónusta viðskiptavini af þekkingu og reynslu og tryggja þeim ánægjulega og árangursríka veiðiferð.

Ástin mín fær það sem hún óskar sér ...



Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, sagði það markmið bankans að auka útlán hans. Hún kynnti afkomu þriðja ársfjórðungs ásamt Jóni Guðna Ómarssyni (t.v.), Kristjáni Rúnari Kristjánssyni og Guðnýju Helgu Herbertsdóttur. VB MYND/BIG

Bankar Hagnaður Íslandsbanka dróst saman milli ára

Hlutfallið lækkar um 8 prósentur

Vaxta- og þóknatekjur Íslandsbanka drógust saman á fyrstu níu mánuðum ársins. Lægra vaxtastig og brotthvarf Borgunar, sem snýr nú aftur með Byr, skýrir meðal annars lækkanirnar.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Íslandsbanki hagnaðist um 11,3 milljarða króna á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins, samkvæmt árshlutareikningi sem bankinn birti í fyrradag. Á sama tímabili í fyrra var hagnaðurinn tæplega 13,2 milljarðar. Á þriðja ársfjórðungi einum var hagnaðurinn um 3,3 milljarðar. Eiginfjárlutfallið er nokkuð hátt í lok ársfjórðungsins, eða 28,8%. Lágmarkshlutfall samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins (FME) er 16%. Fram kom í máli Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, á fundi með blaðamönnum í gær að búist sé við að hlutfallið verði rúmlega 20% eftir sameininguna við Byr. Bankastjóri kynnti afkomuna ásamt Jóni Guðna Ómarssyni, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, og Kristjáni Rúnari Kristjánssyni, forstöðumanni áhættustýringar.

Samruni bankans og Byrs hefur verið samþykktur og tekur hann gildi frá 29. nóvember síðastliðnum. Eignir Íslandsbanka samkvæmt árshlutareikningnum nema alls 679 milljörðum króna. Sú tala mun hækka um 18 til 20% við samrunann.

Tekjurnar minni

Hreinar vaxtatekjur bankans lækkuðu milli ára um 1,6 milljarða króna og námu á fyrstu níu mánuðum ársins um 24,1 milljarði. Birna sagði skýringuna einkum lækkað vaxtastig í landinu. Þá hefur hækkun eignasafns, sem var fært frá gamla bankanum til hins nýja, áhrif á þennan lið. Birna sagði ljóst að svo myndi vera næstu misseri.

Að sama skapi lækkuðu þókn-

anatekjur bankans, samanborið við sama tímabil 2010. Þær námu 4,4 milljörðum í ár en voru um 900 milljónum hærri í fyrra. Lækkunin skýrist að stærstum hluta af brotthvarfi dótturfélagsins Borgunar úr samstöðunni. Félagið fer aftur undir bankann við yfirtökuna á Byr.

Lítil breyting er á eignum og skuldum bankans milli ára og lækka stærðirnar milli ára um 4 milljarða í 679 milljarða. Helsta

Rúmlega 50 milljarða hagnaður

Af stóru viðskiptabönkunum þremur er hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins langmestur hjá Landsbankanum. Alls nemur hagnaður bankans um 27 milljörðum króna. Hann er einkum tilkominn vegna hækkunar hlutabréfa í eigu Horns fjárfestingarfélags, dótturfélags bankans. Hjá Arion banka er hagnaðurinn 13,6 milljarðar, um 2,3 milljörðum hærri en hjá Íslandsbanka. Samanlagður hagnaður bankanna þriggja er því um 52 milljarðar króna á fyrstu þremur ársfjórðungunum. Ef lítið er til arðsemi eigin fjár er hlutfallið hæst hjá Landsbankanum, eða 18,2% á ársgrundvelli. Hjá Arion banka er hlutfallið 17,6% og 11,9% hjá Íslandsbanka. Birna Einarsdóttir sagði það verða sífellt erfiðara að viðhalda hlutfallinu, og sé eitt af því sem bankinn glími við.

breytingin innan eigna er í útlánunum til viðskiptavina. Þau lækka um 20 milljarða frá lokum árs 2010 og eru í dag um 495,5 milljarðar. Þar kemur meðal annars til lán til sjávarútvegsfyrirtækja, sem hafa mörg hver greitt af lánum sínum á árinu. Birna sagði það markmið bank-

ans að auka útlán. Á þeim markaði þurfi að auka markaðshlutdeild. Staða bankans er þegar sterk á lánunum til bifreiðakaupa. Að sögn Íslandsbankamanna hefur rekstur Ergo, sem lánar til bílakaupa, gengið vel á árinu og er rekstur umfram væntingar. Markaðshlutdeild Ergo er um 70%.

280 milljarða afskriftir

Með uppgjörinu birtir Íslandsbanki gögn yfir afskriftir til einstaklinga og fyrirtækja frá hrúni. Svo ítarlegar upplýsingar hafa ekki áður verið birtar af hálfu bankans. Endurreikningum á húsnæðislánum vegna ólögmæti gengistryggingar og annarra niðurfellinga er nú lokið. Birna sagði bankann vera að hefja vinnu við að endurreikna lán fyrirtækja, sér í lagi þau sem þarf að endurreikna samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar í Mótormáx-málinu. Búist er við að þeirri vinnu ljúki á fyrsta ársfjórðungi næsta árs.

Alls hafa um 17.700 einstaklingar fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum hjá bankanum. Samanlögð lækkan á skuldum einstaklinga nemur 65 milljörðum króna, þar af má rekja 9 milljarða til hreinna gjaldþrota. Þessar afskriftir hjá bankanum ná aftur til þriðja ársfjórðungs 2009.

Afskrifaðar hafa verið skuldir hjá um 2.700 fyrirtækjum. Samanlögð lækkan er um 215 milljörðum, þar af eru um 120 milljarðar vegna gjaldþrota. Eins og áður segir er vinnu við skuldir fyrirtækja ekki lokið, og því viðbúið að þessi tala hækki í náginni framtíð.

Athygli vekur að launakostnaður bankans jókst töluvert á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við sama tímabil í fyrra. Í ár nam hann um 7.100 milljónum en var 6.690 í fyrra. Birna sagði skýringuna meðal annars þá að „brjálæðisleg vinna“ sé við endurútreikninga á lánum. Þeirri vinnu fylgi mikið umstang. Þá skýrist stór hluti af almennum launahækkunum í tengslum við kjarasamninga.

Gjafakort er gjöf sem kemur að gagni

Með gjafakorti Íslandsbanka getur viðtakandi valið sér nákvæmlega það sem hann vill. Gjafakortið virkar eins og önnur greiðslukort, þú velur upphæðina ...



Fámennt var en góðmennt á stýrivaxtafundi Seðlabankans í gær þar sem þeir Mair Guðmundsson og Arnór Sighvatsson voru fulltrúar bankans. VB MYND/BIG

Efnahagsmál Tíðindalítil stýrivaxtafundur Seðlabankans í gær

Stýrivextir verða óbreyttir um jólin

Óhætt er að segja að ekki hafi verið fullt út úr dyrum á stýrivaxtakynningarfundi Seðlabankans í gær. Aðeins tveir voru mættir og hvorugur í þeim erindagjörðum að spyrja spurninga. Ekkert hefur dregið úr efnahagsbatanum.

G. SVERRIR ÞÓR
sverrirth@vb.is

Synd væri að segja að peningastefnunefnd Seðlabankans hafi komið markaðnum í opna skjöldu þegar hún tilkynnti vaxtaákvörðun sína í gærmorgun. Vextir eru óbreyttir og því fór sem allir höfðu búist við enda hafði Mair Guðmundsson seðlabankastjóri þegar gefið það mjög sterklega í skyn opinberlega fyrir skömmu að ekki yrði hróflað við stýrivöxtum að þessu sinni.

Það sem kannski helst er fréttæmt af fundi Más og Arnórs Sighvatssonar aðstoðarseðlabankastjóra með fréttamönnum og sérfræðingum í gær er að á fundinum voru hvorki fréttamenn né sérfræðingar. Auk fulltrúa Seðlabankans voru aðeins tveir mættir á fundinn og var annar þeirra sjónvarpstökumaður en hinn ljósmyndari. Eins og nærri má geta höfðu þessir tveir ekki margar spurningar til handa seðlabankastjórnunum enda ekki þar í þeim erindagjörðum og stóð fundurinn því aðeins í sex mínútur. Hlýtur að vera leitun að styttri stýrivaxtakynningarfundi í hinum siðmenntaða heimi undanfarin ár.

EKKI HÆGT Á BATANUM

Hvað um það. Peningastefnunefnd ákvað að hrófla ekki við stýrivöxtum enda var vart við því að búast.

Ekkert hefur komið fram undanfarin vikur sem ætti að gefa tilefni til slíks. Ljóst er að hagkerfið er að sækja í sig vedrið eftir lægð undanfarinna ára og eins og Mair benti á í stuttri tölu sinni á fundinum með

Fjárfesting eykst

Undanfarin misseri hafa hagspár Seðlabanka og þjóðhagsreikningar Hagstofunnar ekki rímað alveg og hefur bankinn yfirleitt varpað upp bjartari mynd af stöðu hagkerfisins en Hagstofan. Nú er hið öfuga hins vegar uppi á teningnum því ef marka má Hagstofuna virðast horfur vera bjartari en spá bankans hafði gert ráð fyrir. Í máli hans kom einnig fram að verulegur upptaktur sé í bæði atvinnuvega- og íbúarfjárfestingu, þó öllu meiri í atvinnuvegafjárfestingu.

Ljósmyndaranum og sjónvarpstökumanninum auk nokkurra netverja (blaðamaður Viðskiptablaðsins var í þeirra hópi) bendir fátt til þess að stýrivaxtahækkunar í ágúst og nóvember hafi orðið til þess að hægja á efnahagsbatanum. Jafnframt hafi erfiðleikar í heimshagkerfinu og aukin efnahagsleg óvissa á erlendum vettvangi ekki virst hafa dreg-

ið úr batanum. Þá hefur verðbólga verið að gefa lítillega eftir sem verður að teljast jákvætt en styrking krónunnar í haust virðist vera að skila sér út í verðlagið.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar sem birt var á vef bankans einni og hálfri klukkustund áður en fundurinn stutti hófst segir enda: „Nýjustu hagtölur eru í meginatriðum í takt við spá Seðlabankans, sem birt var í nóvemberhefti Peningamála. Efnahagsbatinn hefur haldið áfram, þrátt fyrir að það dragi úr hagvexti í heiminum og óvissa hafi aukist. Verðbólga er enn fyrir ofan verðbólguþröng Seðlabankans en nýleg þróun bendir til þess að því verði náð á spátím- anum.“

Hækkun í spilunum

Hverjar eru þá horfurnar í stýrivaxtamálum? Af yfirlýsingu peningastefnunefndar má ráða að líklegra sé að stýrivextir hækki á næstunni en að þeir lækki og hið sama sagði Mair í raun berum orðum á fundinum í gær. Nánar tiltekið sagði hann líklegra en hitt að aðhald peningastefnunnar muni aukast á næstunni en þó ekki alveg víst hvort það muni verða með hækkun nafnvaxta eða lækkun verðbólgunnar. Lækki verðbólga með óbreytta vexti hækka raunstýrivextir og hækki vextir við óbreytta verðbólgu hækka raunstýrivextir einnig.

Haldi efnahagsbatinn áfram af sama afli og verið hefur að undanfögnu, svo ekki sé talað um að enn bæti í hann, er ljóst að fyrir eða síðar mun peningastefnunefnd þurfa að auka aðhald til þess að koma í veg fyrir ofhitnun.

... hann fær að velja sjálfur hvað hann vill

... og kortið gildir í verslunum um allan heim og á netinu. Gjafakortið er góð og gagnleg gjöf sem kemur í falletum umbúðum.

Þú færð gjafakort Íslandsbanka í öllum útibúum okkar

HVITA HÚSD / SÍA - 11-2544

Í STUTTU MÁLI

OR selur Úlfjótsvatn

» Borgarráð Reykjavíkurborgar hefur samþykkt sölu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) á jörðinni Úlfjótsvatn. Þar með getur



OR selt jörðina, en kaupendur sem rætt er við eru Bandalag íslenskra skáta og Skógræktarfélag Íslands. Borgarráð samþykkti væntanlega sölu á fundi 1. desember síðastliðinn. Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins er kaupverð um 200 milljónir króna. Kaupin eru ólík annarri eignasölu OR að því leyti að jörðin er ekki sett í

útboð. Samkvæmt upplýsingum Viðskiptablaðsins er ástæðan fyrir því sú að kaupendur, það eru Skátarnir og Skógræktarfélagið, höfðu samband við OR að fyrra bragði og lýstu yfir áhuga á að eignast jörðina. Skátarnir hafa um árabil starfrækt útilífsmiðstöð við Úlfjótsvatn.

Fólk hirðir tennurnar með sér

» Þróun á gullverði hefur haft umtalsverð áhrif á íslenskar tannlækningar og tannsmíði síðustu ár. Eins og margoft hefur komið fram hefur verð á gulli rokið upp frá hruninu 2008, en gull þykir enn besta fyllingarefnið og bráðnaðsýnlegt í ýmsa tannsmíði. Árið 2005 kostaði grammið af gulli 840 krónur á gengi þess tíma en kostar nú 6.500 krónur. „Fólk er með-vitaðra en áður um þau verðmæti sem felast í gulltönnum og er algengara að þegar skipt er um brýr og krónur að fólk taki gullið með sér heim til að selja öðrum,“ segir Sigurður Benediktsson, formaður Tannlæknafélagsins. „Þá hefur þetta breytt tannsmíðum, þannig að við erum meira að nota heilar postulínstennur í staðinn fyrir postulínshúðað gull. Þetta hefur því orðið hvati til nýsköpunar að þessu leyti.“



Skuldatryggingarálagið stefnir niður fyrir 300 punkta

» Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldabréf ríkissjóðs hefur verið á stöðugri niðurleið síðan það náði hámarki í 349 punkt-



um ofan á vexti á milli-bankamarkaði hinn 24. nóvember síðastliðinn. Samkvæmt upplýsingum á keldan.is var álagið í fyrradag komið niður í 301 punkt og hefur það eins og áður segir lækkað stöðugt undanfarna daga. Á fullveldisdaginn 1. desember lækkaði það í 325 punkta og daginn eftir

lækkaði það á ný, í þetta skipti um 8 punkta og fór niður í 317 punkta. Nú stefnir álagið sem sagt niður fyrir 300 punkta á ný en á þeim slóðum hefur það verið lungann úr árinu 2011. Um síðustu áramót var álagið 269 punktar.

Upplýsingar um aflandsgengi frá Deutsche Bank

» Aflandsgengi evru gagnvart íslensku krónunni, sem sjá má á upplýsingaveitunni keldan.is, endurspeglar þau kjör sem Deutsche Bank býður

í gjaldeyrisviðskiptum með aflandskrónur. Keldan uppfærir aflandsgengið daglega, en það hefur farið hækkandi á undanförunum vikum. Markaður með aflandskrónur er nokkuð ógagnsær og viðskiptin strjál. Viðskiptablaðið leitadi því upplýsinga um hvaðan upplýsingar um kjörin fást, og koma þær frá þýska bankanum Deutsche Bank.



Í kjölfar útboðsins sem lýkur í dag mun Kauphöllin taka hluti í Högum til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland. Gert er ráð fyrir að fyrsti dagur viðskipta með bréfin verði 15. desember.

Kauphöll Greining Íslandsbanka verðmetur hvern hlut í Högum á 16 krónur

Verðmatið 45% yfir lágmarksútboðsgengi

Greining Íslandsbanka verðmetur Haga á 18,8 milljarða sem er ekki ýkja langt frá verðmati IFS Greiningar sé miðað við að markgengi Haga eftir 9-12 mánuði verði 15,5 krónur á hlut.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON
ago@vb.is

Greining Íslandsbanka verðmetur Haga á 18,8 milljarða króna, sem er um 45% yfir markaðsvirði miðað við síðustu viðskipti með bréf félagsins sem og yfir skráðu lágmarksútboðsgengi í hlutafjárútboðinu sem lýkur kl. 16 í dag. Verðmatsgengi greiningar Íslandsbanka er 16 krónur á hlut, lágmarksgengi í útboðinu er 11 krónur á hlut en hámarksgengi 13,5 krónur.

Gætu hagnast verulega
Verði lágmarksgengi niðurstaðan í útboðinu er verðmat Íslandsbanka engu að síður um 18,5% hærra og því ljóst að miðað við þær forsendur er útlit fyrir að núverandi eigendur Haga, aðrir en Arion banki, munu hagnast verulega verði verðmat Íslandsbanka að veruleika eftir að Hagar hafa verið skráðir í kauphöllina. Kaupverð 44% hlutarins sem Búvöllir keyptu á þessu ári nam tæplega 5,5 milljörðum króna en væri um 8,3 milljarðar króna miðað við verðmat greiningar Íslandsbanka. Það táknaði um 50% ávöxtun eigin fjár Búvalla og enn meiri ávöxtun hafi kaupin

að einhverju leyti verið gíruð, þ.e. fjármögnuð með lánum. Tekið skal fram að engin leið er að spá hvert gengi Haga verður eftir skráningu og eins er rétt að árétta að lífeyrissjóðir sem áttu hlut í Búvöllum hafa leyst til sín sína hluti og halda þeim nú í eigin nafni og nemur eignarhlutur Búvalla nú rétt tæplega 21%.

Mun herra verðmat en hjá IFS Greiningu
Verðmat greiningar Íslandsbanka á Högum er um 23% hærra en verðmat IFS Greiningar en IFS mat Haga á um 15,2 milljarða með

viðkvæmir fyrir hvaða ávöxtunarkrafa er sett á eigið fé fyrirtækisins en í tilviki IFS Greiningar er nafnávöxtunarkrafan 17% en hjá Íslandsbanka er byggt á 10 ára ríkisskuldabréfum þeirra mynta sem mynda sjóðstreymi félagsins. Þá er umtalsverður munur á vegnum meðalkostnaði fjármagns en hjá IFS reiknast hann tæp 13% en 16% hjá Íslandsbanka. Við þessa útreikninga þurfa menn einnig að gefa sér forsendur um vöxt í rekstrartekjum Haga (sem er 3% hjá báðum), fjárfestingar, leigukostnað, skattahlutföll o.s.frv. Þannig að óvissuþættirnir eru allnokkrir og slíkar greiningar því fráleitt mjög nákvæm vísindi – eins og hefur raunar sýnt sig í gegnum tíðina.

Verðmæti Haga vanmetið
En svo horfið sé frá tæknilegum forsendum þá ber greiningunum saman um að allt bendi til þess að verðmæti Haga sé vanmetið og þannig telur IFS Greining að svokallað markgengi Haga eftir níu til tólf mánuði sé um 15,5 krónur á hlut þannig að þar á bæ reikna menn með að gengið muni hækka um nær 20% á innan við ári og verða þá nálægt verðmatsgengi Íslandsbanka. Þá ber þess að geta að Íslandsbanki gefur einnig upp verðmat miðað við 50 punkta eða 0,5% breytingu á reiknaðari ávöxtunarkröfu og gefur hærri ávöxtunarkrafa verðmatið 14,7 krónur á hlut en sú lægri 17,4 krónur á hlut. Þannig að þegar á allt er horft og óvissuþætti einnig er munurinn á þessum tveimur greiningum kannski ekki svo ýkja mikill.

Stærstu hluthafar Haga eftir útboð

- » Eignabjarg 21-31%
- » Búvöllir 20,9%
- » Gildi 8,6%
- » Stefir ÍS-5 6,5%
- » Festa 3,7%
- » Fjárfestar í útboði 20-30%

verðmatsgengið 13 krónur á hlut. Þannig að umtalsvert ber á milli þótt í báðum greiningum sé stuðst við útreikninga á núvirtu fjármagnsflæði (FCF) þar sem sjóðstreymi er núvirt með vegnum meðalkostnaði fjármagns (WACC). Slíkir útreikningar eru ákaflega

Fyrirtækjapjónusta AVIS



Eigð'ann eða leigð'ann

Yngdu upp ***bílaflotann og sparaðu!***

Hverjar eru þínar þarfir í bílamálum?

Hafðu samband og við finnum bestu lausnina fyrir þitt fyrirtæki



30 tegundir bíla í boði.
2010 og 2011 árgerðir
til leigu eða kaups.



S. 591 4000 • *avis.is*

AVIS

***Við gerum
betur.***

Í STUTTU MÁLI

Meira veltufé frá rekstri

» Samkvæmt fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar fyrir næsta ár er reiknað með að veltufé frá rekstri A-hluta bæjarsjóðs verði 1,7 milljarðar króna en reiknað er með að það verði 1,4 milljarðar í ár en árið 2010 var veltufé frá rekstri aðeins um 600 milljónir króna. Þá er gert ráð fyrir að skuldir ásamt lífeyrisskuldbindingum muni nema 31,6 milljörðum króna 2012 sem táknar þá að hlutfallið milli skulda og veltufjár væri um 18,6. Fyrir samstæðuna er gert ráð fyrir að EBITDA ársins verði 4,1 milljarður króna á móti 3,7 í ár og 2,7 árið 2010. Greinilegt er að greiða á upp langtímaskuldir með skammtímaffjármögnun eða þá að stórar afborganir eru á gjalddaga 2012 þar sem reiknað er með að langtímaskuldir lækki um sex milljarða en að skammtímaskuldir hækki um 5,6 milljarða króna.

Mindgames með neikvætt eigið fé

» Tap íslenska tölvuleikjaframleiðandans Mindgames jókst milli áranna 2009 og 2010. Tapaði fyrirtækið 476.000 krónum árið 2010, en tapað árið 2009 var 387.000 krónur. Að sumu leyti stendur fyrirtækið sterkar árið 2010 en árið á undan. Tekjur í fyrra námu 5,3 milljónum króna, en engar tekjur voru af starfsemi inni árið 2009. Þó ber að nefna að þessar tekjur eru ekki af aðalstarfsemi, heldur annarri starfsemi fyrirtækisins. Þá er það farið að geta greitt einhver laun, því launakostnaður árið 2010 nam 2,3 milljónum króna en var enginn árið 2009. Það breytir því þó ekki að eigið fé var neikvætt um 366.000 krónur í árslok 2010.

Atvinnuleysi útlendinga eykst

» Erlendum ríkisborgurum á atvinnuleysissskrá hérlandis fjölgaði um átta tíu í október en í lok mánaðarins voru þeir orðnir 1.924 samanborið við 1.844 í lok september. Þetta kemur fram í skýrslu Vinnumálastofnunar um ástandið á vinnumarkaði í október. Því virðist sem atvinnuleysi á meðal erlendra íbúa landsins aukist hraðar en atvinnuleysi á meðal Íslendinga. Fyrir ári voru 2.147 útlendingar á atvinnuleysissskrá. Sem fyrr eru fleiri karlar á meðal atvinnulausra útlendinga, 1.059 á móti 865 konum. Hlutfallslega fjölgar konum þó meira en körlum í október. Þá er mikill meirihluti atvinnulausra á höfuðborgarsvæðinu, 1.431 samanborið við 1.493 á landsbyggðinni.

Enn siglir SAAB í strand

» Sænski lögfræðingurinn Guy Lofalk sem haft hefur fjárhagslega endurskipulagningu SAAB á sinni könnu að undanförunu hefur óskað eftir því við héraðsdómsstólinn í Vänersborg í vesturhluta Svíþjóðar að endurskipulagningunni verði hætt. Ekki virðist ætla að ganga að fá kínverska fjárfesta að félaginu eins og stefnt hafði verið að og strandar það á andstöðu bandaríska bílarisans GM sem neitar að láta Kínverjunum í hendur tækni þá sem notuð er við framleiðslu SAAB-bíla. GM á tæknina. Fyrir vikið leggja Kínverjarnir SAAB ekki til það fé sem samið hafði verið um og þar af leiðandi hefur fyrirtækið ekki það fjármagn sem nauðsynlegt er fyrir endurskipulagninguna.



Gömlu höfuðstöðvar TM við Aðalstræti. Nú stefnir í að nýir herrar taki við stjórn félagsins gangi sala TM eftir á næsta ári.

Sala Markaðsvirði Tryggingamiðstöðvarinnar gæti verið 10 til 15 milljarðar króna

Landsbankinn Íslands sölutryggi útboð á TM

Tíðinda er senn að vænta af útboði TM sem selja á á fyrsta ársfjórðungi en viðræður standa nú á milli stjórnar Stoda og Landsbankans um að bankinn sjái um útboðið en óvíst er hvort félagið verði skráð á markað.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON
ago@vb.is

Allt útlit er fyrir að Landsbankinn muni sjá um útboð á Tryggingamiðstöðinni, sem er í eigu Stoda, sem aftur er að stærstum hluta í eigu Landsbankans, Arion Banka og Glitnis. Ásamt því að sjá um útboðið er verið að semja um að Landsbankinn sölutryggi útboðið. Eftir því sem Viðskiptablaðið kemst næst má reikna með að tilkynning um útboðið berist fljótlega. Rætt hefur verið um að félagið verði selt strax á fyrsta fjórðungi næsta árs en algerlega er óvíst hvort TM verður skráð á markað í kauphöllinni eins og margir virðast reikna með. Fyrir liggur að eigendur þess vilja selja það en allt eins mun koma til greina að selja TM í heilu lagi ef hægt er.

Eiga í viðræðum
„Stoðir eiga í samningaviðræðum við Landsbankann um það að Landsbankinn hafi umsjón með sölufarli TM, meira get ég ekki sagt á þessu stigi málsins,“ segir Júlíus Þorfinnsson, framkvæmdastjóri Stoda. Aðspurður staðfestir hann þó að eitt af því sem komi til greina sé að Landsbankinn sölutryggi útboðið.

„Já, það er eitt af því sem kann að koma til greina í þessu.“ Júlíus tekur þó fram að ekki hafi enn verið endanlega gengið frá samningum milli Stoda og Landsbankans. Ekki fengust svör frá starfsmönnum Landsbankans um gang viðræðnanna og rökin fyrir því að bankinn sölutryggi útboðið. Eigið fé Tryggingamiðstöðvarinnar nam um 8,8 milljörðum króna í lok síðasta árs en félagið hefur ekki birt árshlutareikninga á þessu ári. Fyrir liggur þó að reksturinn hefur gengið vel og líklega mjög vel í ár og því er ljóst að eigið fé TM hefur aukist nokkuð eða jafnvel umtalsvert. Algengt er að hlutfall markaðsvirðis á móti eigin fé tryggingafélaga, þ.e. V/E-hlutfall, geti verið á bilinu 1-1,5 en samkvæmt því gæti verðmæti TM legið einhvers staðar á bilinu frá níu milljörðum og upp í 13,2 að gefnu eigin fé um áramótin en líklega er verðmæti félagsins þó nokkru meira vegna aukningar á eigin fé á þessu ári. Ljóst er að fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans fengi verulegan spón í ask sinn ef reyndin verður sú að hún muni sjá um útboðið.

Hækkun hjá Standard & Poor's

Standard & Poor's (S&P's) hefur hækkað mat sitt á Tryggingamiðstöðinni (TM) úr BB í BB+. Í rökstuðningi fyrir matinu segir meðal annars að grunnrekstur félagsins sé góður og hafi stöðugt batnað undanfarin þrjú ár. Þá hafi stjórnendur náð athyglisverðum árangri við innleiðingu stefnu félagsins og að sá árangur sé m.a. forsenda hækkunarinnar. Sigurður Viðarsson, forstjóri TM, segir í tilkynningu félagsins að hækkun matsins á TM sé fyrst og fremst viðurkenning á því góða starfi sem starfsfólk félagsins hafi unnið á undanförunum árum. „Hækkunin endurspeglar þá skoðun S&P's að TM er öflugt, traust og vel rekið félag. Hún er jafnframt athygliverð í ljósi þeirrar óvissu sem nú ríkir á fjármálamörkuðum heimsins. TM er einn fárra íslenskra aðila sem S&P's metur og eina íslenska tryggingafélagið. Þetta eru því ekki einungis jákvæðar fréttir fyrir starfsfólk og viðskiptavinum TM, heldur einnig fyrir íslenskt efnahagslíf,“ segir Sigurður.



Björgólfsfeðgar Fátt um nýjar eða bitastæðar upplýsingar í skýrslu Kroll frá 2006

Tengslin við Galmond sótt í Morgunblaðið

Skýrsla Kroll um þá Björgólfsfeðga byggir að verulegu leyti á heimildum úr dagblöðum, m.a. ýtarlega grein Morgunblaðsins um danska lögfræðinginn J.P. Galmond og tengsl hans við Björgólfsfeðga.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON
ago@vb.is

Skýrsla rannsóknarfyrirtækisins Kroll frá árinu 2006 um Björgólfsfeðga, sem greint var frá í Kastljósi, vakti sem von var nokkra athygli enda má segja að Kroll nafnið eitt gefi slíkum fréttum töluverða vigt. Rétt er auðvitað að taka fram að skýrslan var unnin fyrir Barr Pharmaceuticals og Björgólfur Thor hefur greint frá því að á þeim tíma hafi Barr og Actavis barið um lyfjafyrirtækið Pliva. Hann fullyrðir þannig að Barr hafi leitað allra leiða til að fá fjárfestingarsjóði til liðs við sig fremur en Actavis og liður í því hafi verið samantekt „á orðrómi og dylgjum, sem slúðrað hafi verið um í tengslum við bjórverksmiðju í Pétursborg“. Hvort sem sú fullyrð-

ing er rétt eða ekki virðist þó ljóst að skýrsla Kroll byggir að verulegu leyti á fréttum sem þegar höfðu birst í dagblöðum og tímaritum, staðfestum eða óstaðfestum. Og þótt áhuga-vert sé að lesa skýrsluna virðist staðreyndin þó vera sú að í henni sé fátt nýtt að finna sem ekki hefur komið fram áður.

Mikið gert úr tengslum við Galmond og Reiman

Í Kastljósi var töluvert gert úr meintum tengslum Björgólfsfeðga við áhrifamenn í rússneskum stjórnámum og þá ekki síst við Leonid Reiman, fyrrum fjarskiptaráðherra Rússlands sem var forstjóri símans í Pétursborg á níunda áratugnum. Tengslin við Reiman eru rakin til danska lögfræðingsins Jeffrey Peter Galmond, sem vann mikið fyrir Reiman – og sumir telja hafa verið lepp fyrir hann



Danski lögfræðingurinn Jeffrey Galmond sætir nú rannsókn í nokkrum löndum.

– en Galmond sætir nú rannsókn í nokkrum löndum fyrir m.a. peningaþvætti. Í skýrslu Kroll er greint frá umsvifum Galmonds og tengsl hans við Björgólfsfeðga dregin fram, m.a. að hann hafi unnið sem lögfræðingur fyrir þá þegar Bravo var selt Heineken. Kroll vísar í þessu sambandi í langa

og ýtarlega grein sem birtist í Morgunblaðinu 7. apríl 2005, ári áður en skýrslan var gerð.

Abildstrøm hægri hönd Galmonds

Í þeirri grein, sem byggðist að verulegu leyti á heimildum úr dönskum blöðum, var ferill Galmonds rakinn, tengsl hans

við Reiman og síðan greint frá því hvernig hann hefði kynnst Björgólfsfeðgum og Magnúsi Þorsteinssyni fyrir algera tilviljun þar sem hann hefði lent við hliðina á einum þeirra í flugvél á leið til Pétursborgar. Björgólfur Thor neitar því að Galmond hafi verið hluthafi í Bravo eða unnið fyrir þá feðga og sömuleiðis því að hafa átt í viðskiptum eða hitt Reiman. Hann viðurkennir þó að tveir danskir lögfræðingar á sömu lögfræðistofu og Galmond, Sune Skadegaard Thorsen og Claus Abildstrøm, hafi um tíma starfað fyrir hann og viðskiptafélaga hans á árum áður. Í grein Morgunblaðsins kom reyndar fram að Claus Abildstrøm hafi verið meðeigandi og hægri hönd Galmonds og að hann hafi einnig unnið fyrir Birgi Bieltvedt og síðan setið í stjórn Magasin du Nord sem var um tíma í eigu Baugs. Eftir stendur þó að Björgólfur hefur ævinlega neitað að gefa upp hverjir áttu hlut í Bravo með þeim feðgum þegar fyrirtækið var selt Heineken.

GEFÐU GÓMSÆTA GJÖF UM JÓLIN GJAFABRÉF Í MIKLU ÚRVALI

„VIÐ Á **FISKMARKAÐNUM** OG **GRILLMARKAÐNUM** HÖFUM SETT SAMAN NÝ GJAFABRÉF FYRIR JÓLIN ÞAR SEM ÞÚ GETUR VALIÐ Á HVORUM STAÐNUM ÞÚ NÝTIR ÞAU. AÐ ÞVÍ TILFNI ÆTLUM AÐ VEITA **15% AFSLÁTT** AF ÖLLUM GJAFABRÉFUM TIL **15. DESEMBER**“.



Gleðilega hátíð...

Hrefna og gengið

FISH MARKET
FISKMARKAÐURINN

ADALSTRÆTI 12 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 578 8877
INFO@FISKMARKADURINN.IS | FISKMARKADURINN.IS



GRILLMARKAÐURINN

LÆKJARGÖTU 2A | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 571 7777
INFO@GRILLMARKADURINN.IS | GRILLMARKADURINN.IS





Núningurinn milli Steingríms J. og Árna Páls hefur lengi legið í loftinu en er nú orðin öllum augljós á Alþingi. Það sem minna hefur farið fyrir er óvild Jóhönnu í garð Árna Páls en hún hefur nær undantekning- arlaust tekið afstöðu með Steingrími í „baráttunni“ við Árna Pál.

VB MYND/BIG

Stjórnsmál Til stendur að henda tveimur ráðherrum út úr ríkisstjórninni

Flókinn ráðherrakapall framundan

Eins og komið hefur fram stendur til að henda þeim Jóni Bjarnasyni og Árna Páli Árnasyni út úr ríkisstjórn við fyrsta tækifæri. Jón hefur reynst erfiður í aðildarferlinu að ESB en samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins hefur Árni Páll aðallega reynst Steingrími J. Sigfússyni erfiður.

GÍSILI FREYR VALDÓRSSON
gislifreyr@vb.is

Mikil kergja og óþolinmæði er farin að gera vart við sig í ríkisstjórnarsamstarfinu og er nú komin upp á yfirborðið. Fyrir tæpum tveimur vikum varð ljóst að staða Jóns Bjarnasonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, var orðin völt. Þá liggur fyrir að bæði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra eru áfjád í að losna við Árna Pál Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, úr ríkisstjórn.

Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins hefur Steingrímur J. lengi viljað losna við Árna Pál úr ríkisstjórninni og samstarf þeirra hefur verið stírt. Þau átök hafa þó lítið verið á yfirborðinu og á tíðum ekki einu sinni við ríkisstjórnarborðið.

Sumir viðmælendur Viðskiptablaðsins vilja meina að óvild Steingríms J. til Árna Páls nái til þess tíma þegar Árni Páll tók þátt í ungliðastarfi Alþýðubandalagsins. Þar studdi Árni Páll dyggilega við bakið á Ólafi Ragnari Grímssyni í harðri valdabaráttu við Svavar Gestsson, sem aftur á móti naut óskilyrts stuðnings Steingríms J. Sú skýring er þó sett fram í hálfkæringi.

Samstarf þeirra Steingríms J. og

Árna Páls hefur engu að síður verið stírt frá því að þeir settust saman í ríkisstjórn árið 2009. Það kristallaðist m.a. í Árbótarmálinu svokallaða.

Á síðasta ári myndaðist síðan mikil kergja á milli þeirra í aðdraganda umræðu um skuldaafskriftir en Árni Páll var þá félagsmálaráðherra. Ágreiningur þeirra sneri fyrst og fremst að því að samkvæmt ráðleggingu Indriða H. Þorlákssonar stóð til að skattleggja afskriftir skulda bæði á heimili og fyrirtæki. Sem félagsmálaráðherra beitti Árni Páll sér gegn því að afskriftirnar yrðu skattlagðar með þeim rökum að afskriftir myndu lítið gagnast skuldsettum heimilum ef þau þyrftu síðan að greiða skatt af þeim.

Safnaði liði gegn Steingrími

Málið var þó lítið rætt formlega innan ríkisstjórnarinnar en í byrjun september 2010 varð Árni Páll efnahags- og viðskiptaráðherra í kjölfar uppstökkunar í ríkisstjórninni. Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins lögðust starfsmenn efnahags- og viðskiptaráðuneytisins hart að starfsmönnum fjármálaráðuneytisins að bakka með skattlagningu á fyrrnefndum afskriftum við dræmar undirtektir. Árni Páll fékk því hagsmunaaðila innan atvinnulífsins, s.s. Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins, ASÍ og fleiri, í lið með sér og í byrj-

un nóvember 2010 var Beina brautin svokallaða kynnt til sögunnar.

Það sem gerði Steingrím J. fyrst og fremst reiðan var að Árni Páll skyldi „safna liði“, ef þannig má að orði komast, gegn sér með því að fá utanaðkomandi aðila inn í málið. Steingrímur J. leit á það sem persónulega árás á sig og sitt ráðuneyti og viðraði þá skoðun við vopnabræður sína í

Jóhanna tekur afstöðu með Steingrími

Til viðbótar við framangreind atviki féll Árni Páll algjörlega í ónád í sumar þegar hann gagnrýndi nýgerða kjarasamninga, bæði innan ríkisstjórnarinnar og opinberlega. Steingrímur J. hafði þá setið ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í ráðherranefnd um rík-

Jóhönnu – sem fannst bæði óeðlilegt og ósanngjarnt að Árni Páll væri að gagnrýna eigin ríkisstjórn.

Veikur meirihluti

Eins og fram kom á vef Viðskiptablaðsins í síðustu viku fékk Steingrímur J. umboð þingflokks VG til að „leysa mál“ Jóns Bjarnasonar í ríkisstjórn, eins og það var þá orðað. Það felur í grunninn í sér að Jóni verði vikið úr ríkisstjórninni ásamt Árna Páli.

Vandamálið er þó að núverandi stjórnarmeirihluti er tæpur og hangir á einum manni, þ.e. þingmenn stjórnarflokkanna eru 32 gegn 31 þingmanni stjórnarandstöðunnar.

Svo virðist sem þau Jóhanna og Steingrímur J. séu þó ekki búin að hugsa ráðherrakapalinn til loka. Ekki er sjálfgefið að þeir Árni Páll og Jón Bjarnason styðji ríkisstjórnina eftir að hafa verið vikið úr henni, en teljast verður ólíklegt að þeir samþykktu vantraust á hana. Þá hefur ríkisstjórnin reitt sig á þau Guðmund Steingrímsson og Siv Friðleifsdóttur í erfiðum málum þegar stjórnarmeirihlutinn er ekki samstíga. Þess utan má gera ráð fyrir að þingmenn Hreyfingarinnar styðji ákveðin mál ríkisstjórnarinnar þó þau kunni að gagnrýna annað.

Nú þegar búið er að samþykka fjárlögin má þó gera ráð fyrir að fyrstu spilin í ráðherrakaplinum verði lögð á borðið á næstu dögum eða vikum. Hvernig sá kapall endar veit að sjálfsögðu enginn en samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins stóð til að klára kapalinn fyrir ríkisráðsfund sem fer að venju fram á gamlársdag.

Átökin óvart á yfirborðið

Öllum má vera ljóst að Jóhönnu Sigurðardóttur, og í raun stærstum hluta þingflokks Samfylkingarinnar, er mikið í mun að losna við Jón Bjarnason úr ríkisstjórninni og þá helst vegna andstöðu hans við aðildarferlið að Evrópusambandinu. Fyrir tæpum tveimur vikum varð sá slagur opinber þegar Jóhanna gagnrýndi Jón opinberlega fyrir að birta drög að frumvarpi um stjórn fiskveiða á vef ráðuneytisins. Drögin voru í stuttu máli ekki í takt við stefnu Samfylkingarinnar í málinu. Jóhanna sá þó eftir því þar sem ekki stóð til að birta fyrstu spilin í komandi ráðherrakapli fyrr en eftir að fjárlögin hefðu verið samþykkt. Eins og kemur fram í umfjölluninni hér á síðunni stóð heldur ekki til að gera átökin opinber þar sem ekki liggur fyrir hvernig þau Jóhanna og Steingrímur hyggað tryggja líf og framgang ríkisstjórnarinnar eftir að hafa hent þeim Jóni Bjarnasyni og Árna Páli út úr ríkisstjórn.

Vinstri grænum að koma þyrfti Árna Páli úr ríkisstjórninni.

Reyndar höfðu þeir Steingrímur J. og Árni Páll tekist á um aðrar skattahækkanir, þar sem Árni Páll vildi spyrna fótum við frekari skattahækkunum, en sú barátta fór að mestu fram innan ríkisstjórnarinnar og í einkasamtölum á milli þeirra tveggja, en varð minna opinber. Þá hafði Árni Páll einnig gagnrýnt meðferð ríkisins á fyrirtækjum á borð við Sjóvá, VBS og Sögu fjárfestingarbanka. Sú gagnrýni snerist eðli málsins samkvæmt helst gegn Steingrími J.

isfjármál. Samkvæmt heimildum Viðskiptablaðsins voru áhrif kjarasamninganna aldrei kynnt öðrum ráðherrum fyrr en en þeir höfðu verið undirritaðir. Starfsmenn efnahags- og viðskiptaráðuneytisins voru fljótir að átta sig á því að þarna væri um mjög dýra samninga að ræða sem myndu auka á verðbólgu – eins og komið hefur á daginn.

Í lok júlí sl. sagði Árni Páll í samtali við fréttastofu RÚV að aukin verðbólga ætti rætur sínar að rekja til nýgerðra kjarasamninga. Þau ummæli fóru illa í aðra ráðherra, þá sérstaklega Steingrím J. og ekki síður

Orkuveitan Aðgerðaáætlun OR er á undan áætlun það sem af er árinu

Orkuveitan verði „bankavæn“ á ný

Á næstu sex árum eru skuldir að fjárhæð 107 milljarðar króna á gjalddaga hjá OR. „Planið“ er áætlun til að standa undir þeim greiðslum.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Markmiðið með „Plani“ Orkuveitu Reykjavíkur er annars vegar að fyrirtækið geti staðið undir rekstri sínum og 107 milljarða króna afborgunum á skuldum á næstu sex árum og hins vegar að gera OR „bankavæna“ að nýju. Forstjóri OR, Bjarni Bjarnason, segir að það verði gert með því að afla meiri tekna, m.a. með gjaldskrárhækkunum og eignasölu, og með því að lækka útgjöld. „Ekki stendur til að hækka gjaldskrár meira, en eigendur OR hafa sett það sem skilyrði að gjaldskrár hækki í takt við verðlag, sem þær höfðu ekki gert árin fyrir hrún. Við höfum miðað við að veitur OR skili um 5% arðsemi af fjárbindingu, en fyrir gjaldskrárhækkanirnar í fyrra

og í ár var arðsemi mun lægri. Til dæmis var arðsemi fráveitunnar aðeins um 1,6%, sem gengur ekki upp þegar fjármagnskostnaður er mun hærri.“

Þegar Bjarni talar um að OR verði bankavæn á hann við að sá möguleiki verði aftur fyrir hendi að fyrirtækið geti endurfjármagnað lán eða tekið ný, en planið gerir hins vegar ekki ráð fyrir frekari lántöku.

Samkvæmt planinu á að bæta rekstrarstöðuna samtals um fimm tíu milljarða króna á árunum 2011 til 2016 og að geta staðið undir greiðslubyrðinni og rekstri fyrirtækisins án þess að taka frekari lán. Fyrir allt árið 2011 er gert ráð fyrir því að staðan batni um 11,5 milljarða króna. Þar af eru 8 milljarðar víkjandi lán frá eigendum OR. Þessu markmiði var nær náð á fyrstu þremur ársfjórðungum þessa árs, en upphæðin sem búið var að ná í lok september nam 11,2 milljörðum. Allt útlit er því fyrir að markmið ársins í ár náist. Á næsta ári er gert ráð fyrir því að bæta reksturinn um 9,8 milljarða



Bjarni Bjarnason segir að arðsemi fjárbindingar í veitum Orkuveitunnar verði að vera um 5%.
VB MYND/BIG

króna, m.a. með því að selja eignir fyrir tvo milljarða króna. Þar á meðal er Perlan, en einnig kemur til greina að selja austurhluta aðalstöðva Orkuveitunnar við Bæjarháls, eða að leigja þann hluta út.

Erfiðasta árið er 2013

Erfiðasta árið verður hins vegar 2013, en þá eru skuldir upp á 30

milljarða króna á gjalddaga. Það ár er einnig gert ráð fyrir því að selja eignir fyrir um 5,1 milljarð króna. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hjá stjórn OR að selja Gagnaveituna, en planið gerir ráð fyrir því að Gagnaveitan verði seld það ár. Árið 2013 kemur einnig til nýtt fjögurra milljarða króna víkjandi lán frá eigendum til viðbótar

við þá tæpu átta milljarða sem eigendur lánuðu OR í ár.

Í þeim árangri sem náðst hefur í rekstri OR vegur þungt að lækkun fjárfestinga í veitukerfum og viðhaldi hefur verið meiri en áætlanir miðuðu við og þá hefur rekstrarkostnaður lækkað mun meira en gert hafði verið ráð fyrir. Rekstrarkostnaður átti að lækka um 300 milljónir á árinu samkvæmt planinu, en á þriðja ársfjórðungi hafði hann lækkað um tæpar 500 milljónir. Þar skiptir mestu að fækkun starfsmanna hefur verið mun hraðari en gert hafði verið ráð fyrir. Hefur það verið gert með því að ráða ekki í stað þeirra sem hætta og þá hefur eldri starfsmönnum verið boðið að fara fyrr á eftirlaun. Fimm starfsmönnum hefur verið sagt upp á árinu.

Þrátt fyrir að planið gangi ekki út á að OR taki lán á þessu sex mánaða tímabili er markmiðið samt að gera fyrirtækið bankavænt, þannig að hugsanlega sé hægt að endurfjármagna hluta skuldastabbans sem er á gjalddaga á næstu árum.

Þingvallavatn

Þingvallavatn er stærsta náttúrulega stöðuvatn Íslands og er 83,7 km² að flatarmáli. Þar sem Þingvallavatn er dýpst er það 114 m og er dýpsti punkturinn u.þ.b. 13m undir sjávarmáli. Vatnið er hið fjórða dýpsta á landinu. Mest af vatninu kemur beint úr uppsprettum og því er aðeins litill hluti þess úr ám. Þó renna árnar Villingavatnsá, Ölfusvatnsá og Öxará í Þingvallavatn. Úr vatninu rennur Sogið en það er stærsta lindá á Íslandi.

Sjóðir

Hvaða sjóður hentar þér?

Lykillinn að góðum árangri í fjárfestingum er að gera sér grein fyrir fjárfestingarmarkmiðum og velja hentugar ávöxtunarleiðir.

Arion banki býður úrval sjóða, bæði verðtryggða, óverðtryggða, langa og stutta, sjóði sem fjárfesta í skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum fjármálagerningum.

Leitaðu til okkar og við aðstoðum þig við að finna hvað hentar þér og þínum markmiðum.

Hvað skiptir þig máli?



Fjármálaplágan Merkozy tekur öll völd innan Evrópusambandsins en geta þau spilað úr þröngri stöðu?

Fá tromp eftir á hendi

Leiðtogar Evrópusambandsins koma saman í Brussel í dag til þess að eiga enn einn úrslitafundinn um lausn evrukreppunnar. Angela Merkel Þýskalandskanzlari og Nicholas Sarkozy Frakklandsforseti voru búin að ákveða hvernig þetta ætti allt að vera, en nú lífur út fyrir að það geti farið einhvernvegin öðruvísi.

ANDRÉS MAGNÚSSON
andres@vb.is

Margir hafa sagt það standa lausn evrukreppunnar fyrir þrifum hve margir þurfa að koma að ákvörðunum um hana. Þeim hefur raunar fækkað nokkuð eftir hallarbylt-ingarnar í Aþenu og Róm, þar sem tryggum embættismönnum Evrópusambandsins var komið á valda-stóla, en til þess að taka enga áhættu hittust þau Merkel og Sarkozy um liðna helgi og náðu að sameinast um beinskeyttari áætlun en flestir höfðu þorað að vona. Bæði gáfu eftir

og stóðu svo þétt að fyrirætluninni (sjá hliðardálk) að gantast var með að blendingurinn Merkozy hefði tekið öll völd í Evrópu.

Það var ekki fjarri sanni, þessi tvö höfuðríki Evrópusambandsins (ESB) geta farið nokkuð sínu fram innan sambandsins standi þau saman, en nú er einnig svo komið að flestir gerðu ráð fyrir að önnur ríki fylgdu einfaldlega forystu þeirra, dauðfegin að einhver væri að veita ESB og Evrusvæðinu forystu á annað borð eftir ringulreið, upplausn og efnahagsóvissu undanfarinna mánaða og missera. Áhyggjur af lýðræðishalla og þess háttar mættu biða betri tíma.

Metallica tekur stöðu
Bjartnýnin bráði þó skjótt af mönnum. Á mánudag gaf Standard & Poor's til kynna að lánshæfismat evruríkjanna kynni að verða lækk- að (annað er nánast óhugsandi), á þriðjudag kom á daginn að stórfeng- legur fjármagnsflótti frá Frakklandi hefur veikt franska seðlabankann verulega og í gær varaði þýskur embættismaður við of mikilli bjartnýni. Að síðustu bárust fréttir af því að þungarokkssveitin Metallica hefði flýtt fyrirhugaðri tónleikaför sinni

í Evrópu um ár til þess að hagnast á sterku gengi evrunnar nú, áður en gjaldmiðillinn gæti hrundið.

Til þess að allur þessi bölmóður færi ekki forgörðum sendu Frakkar og Þjóðverjar síðan bréf til Hermans van Rompuy, hins lítt sýnilega forseta Evrópusambandsins, í gær og báðu hann um að leggja drög að sameiginlegum fyrirtækjaskatti sambandsins, skatti á fjármálastarfsemi og sameinaða vinnumarkaðsstefnu.

Sú aðgerð er nánast óskiljanleg, því allt þetta er eitruð í beinum Breta, sérstaklega þó skatturinn á fjármálastarfseminu, sem mun leggjast að langmestu leyti á City í Lundúnum, helstu fjármálamiðstöð heims. David Cameron, forsætisráðherra Breta hefur viljað leysa þessi mál með pólitískum viðræðum, en þetta bréf — einmitt þegar verst á stendur — gerir það að verkum, að boði Cameron ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu um þessar breytingar á eðli ESB, biður hans uppreisn í eigin flokki, sem hann gæti hæglega tapað. Reyni hann það gætu hinir evrópusinnuðu frjálslyndu demókratar hins vegar slitið stjórnarsamstarfinu. Ekkert af þessu greiðir fyrir nauðsynlegri sáttmálabreytingu eða skjóttum aðgerðum.

Klaufska eða slægð?

Stjórnmálaskýrendur velta því þess vegna fyrir sér hvort markmið Frakka og Þjóðverja kunni að vera að skilja alfarið á milli ESB og Evrusvæðisins, en innan Evrusvæðisins er forysta ríkjanna tveggja alger og þurfa þau í raun ekki að hirta um álit hinna evruríkjanna.

Ráðsnilldin hjá ESB er endasöm við sig. Í gær stakk van Rompuy upp á því að tveir helstu björgunarsjóðir sambandsins (hinn gamli EFSF og hinn nýi ESM) yrðu lagðir saman í risasjóð, án þess að spyrja Frakka og Þjóðverja, sem höfnuðu hugmyndinni af því að hún er óframkvæmanleg, ólögleg og sýnir að girun sjóðanna hefur mistekist. Umfram allt kemur hún þó upp um að forseti ESB áttar sig ekki á því að þar ræðir um nánast sömu ótiltæku fjármunina. Sem er ekki alveg nógu traustvekjandi.

En á næstu tveimur dögum þarf Merkozy að sýna á spilin og eins gott að þar sé nóg af trompum. Það má sáralítið koma fyrir til þess að franska bankakerfið falli og þá er þetta búíð. Þess mun gæta langt út fyrir Evrusvæðið.

TILLÖGUR MERKOZY

- » Sjálfkrafa refsiaðgerðir ef ríki fara yfir 3% fjárlagahalla. Aukinn meirihluta þarf til þess að koma í veg fyrir þær.
- » Evrópudómstóllinn getur ekki ógilt fjárlög einstakra ríkja, en það verður á hans valdi að dæma um hvort hinar nýju reglur um ríkisfjármál hafi eða fái næga lagastöð í aðildarríkjunum.
- » Viðvarandi björgunarsjóði Evrusvæðisins verður komið á þegar á næsta ári.
- » Ekki kemur til frekari afskrifta handhafa ríkisskuldabréfa þurfi að hlaupa undir bagga með fleiri evruríkjum.
- » Sameiginleg evruskuldabréf eru útilokuð.
- » Frönsk og þýsk stjórnvöld munu hér eftir sem hingað til láta vera að tjá sig um starfsemi Evrópska seðlabankans. (Óvænt gamansemi!)
- » Ríkjaleiðtogar Evrusvæðisins munu hittast mánaðarlega uns annað verður ákveðið.
- » Binda þarf ofangreint í nýjan sáttmála ESB eða Evrusvæðis.



Beosound 3



Beosound 8

DRAUMAR RÆTAST...

Hvort sem þú ert að leita að hljómflutningstæki, sjónvarpi eða síma, þá erum við með lausnina fyrir þig. Komdu til okkar og láttu drauminn rætast.

Beosound 3

Beosound 3 er ferðaútlit og stafrænn tónlistarspilar. Hleðslurafhlaða Beosound 3 endist í allt að 10 tíma, sem gerir þér kleift að spila tónlistina þína hvar og hvenær sem er. Verð 145.500 kr.

Beosound 8

Beosound 8 er hljómflutningstæki fyrir Iphone, Ipod eða Ipad tækið þitt. Einnig er hægt að nota Beosound 8 sem hátalara fyrir tölvuna þína. Kristaltær hljómur og tímalaus hönnun. Veggfesting og fjarstýring fylgir. Verð 195.000 kr.

A8 Heyrnatól

A8 Heyrnatólin eru hönnuð til að passa á þig, um leið flytja þau þér tært og ómengað hljóð. Komdu við í verslun okkar og uppfærðu ipod spilarann þinn með A8 heyrrnatólunum, þú sérð ekki eftir því. Verð 24.500 kr. Fæst í fjölbreyttum litum.



A8 Heyrnatól

BANG & OLUFSEN

Síðumúla 21, Reykjavík

Sími 581 1100, reykjavik@beostores.com

www.bang-olufsen.is

Opnunartími verslunar 10:00 - 18:00 alla virka daga • 11:00 - 14:00 laugardaga

Viðskiptablaðið

Stofnað 1994
Myllusetur ehf., Reykjavík

ÚTGEFANDI: Pétur Árni Jónsson
RITSTJÓRI: Björgvin Guðmundsson
PRENTUN: Landsprent ehf.

Sótt í sjóðina

Tilraunir stjórnmalamanna til að sækja fé í lífeyrissjóðina kemur ekki á óvart. Allt frá hruni hefur verið hætt á að sjóðirnir yrðu þjóðnýttir með einum eða öðrum hætti. Umræða um almennar skuldaniðurfellingar og íhlutun stjórnmalamanna um þátttöku lífeyrissjóðanna í fjármögnun verkefna hefur hoggið ansi nærri sjálfstæði þeirra. Ásetningurinn er vissulega góður en fordæmið hættulegt. Milljarðarnir sem lífeyrissjóðunum er treyst fyrir er ávísun launþega á afhendingu lífeyris á efri árum. Sé gengið í þessa sjóði er verið að endurdreifa peningum fólksins og taka af einum til að afhenda öðrum.

Stjórnmalamenn verða að átta sig á samhengi hlutanna. Vissulega hafa stjórnendur lífeyrissjóðanna staðið vörð um réttindi sjóðsfélaga og ber að hrósa þeim fyrir að standa vel vaktina. Þeir hafa á sama tíma reynt að koma til móts við það sjónarmið að lífeyrissjóðirnir eigi að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins eftir hrun. Stofnun Framtakssjóðsins var liður í því. Einnig fjármögnun afmarkaðra verkefna. Það hefur þó ekki ennþá verið gert á kostnað ávöxtunar. Pólítískum afskiptum hefur verið reynt að halda í lágmarki.

„Ef skattur er á annað borð kominn á, þá er það sjaldnast þannig að hann leggist af síðar.“

Það er ekki auðveld barátta fyrir forystumenn lífeyrissjóðanna. Alls staðar hafa verið uppi kröfur um aðkomu þeirra þar sem skammtímahagsmunir hafa ráðið meiru en hagsmunir fólksins, sem hefur á löngum tíma safnað réttindum með mánaðarlegu framlagi af launum sínum. Nú síðast litaði þessi afstaða málflutning formannsframbjóðenda í Sjálfstæðisflokknum. Það er því lítið skjól að finna sem endurspeglast í skattlagningaráformum löggjafans.

Í síðasta Viðskiptablaði var upplýst að frá og með næstu áramótum standi til að leggja sérstakan eignaskatt á lífeyrissjóðina til að fjármagna vaxtaniðurgreiðslur eignafólks, sem er að borga af húsnæði sínu. „Ef skattur er á annað borð kominn á, þá er það sjaldnast þannig að hann leggist af síðar. Það er sagt að eignaskatturinn verði tímabundinn, en það verður hann líklega aldrei,“ sagði Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, í viðtali við Viðskiptablaðið.

Áhyggjur hennar eru réttmætar. Til stóð að leggja á tímabundinn auðlegðarskatt sem nú er búið að framlengja. Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður færir rök fyrir því í grein í Viðskiptablaðinu að auðlegðarskatturinn gæti falið í sér brot á ákvæðum stjórnarskrár á friðhelgi eignaréttarins. Standist skattheimtan lög þá sé eignaupptaka orðin leyfileg að hætti sósíalismsans.

Þórey bendir á að eignaskattur á lífeyrissjóði komi fram sem bein skerðing á lífeyrisgreiðslum. Í opinbera kerfinu, þar sem ríki og sveitarfélög ábyrgjast lífeyrisgreiðslur starfsmanna, sé verið að færa úr einum vasa í annan. Þetta sé í hreinni andstöðu við áform um að jafna réttindi milli almenna lífeyriskerfisins og hins opinbera. Það sé því hæpið að þessi leið standist grundvallarjafnræði og því vel hugsanlegt að hún standist ekki stjórnarskrá.


Á sama tíma er dregið úr hvata fólks til að leggja meira fyrir í séreignarsjóði með því að lækka hlutfall skattfrjálsra greiðslna. Það styður líka skoðun Þóreyjar að enn og aftur hafa stjórnvöld framlengt heimild fólks til að taka út séreignarsparnað sinn. Bæði sveitarfélög og ríkissjóður geta ekki án þessara skatttekna verið. Ein forsenda um auknar tekjur í fjárlagafrumvarpi næsta árs byggir einmitt á þeirri staðreynd. Fáir hið opinbera einu sinni skatttekjurnar er ekki aftur snúið.

Undanfarið hafa grunnstoðir lífeyrissjóðakerfisins veikt og það færst meira í átt að gegnumstreymiskerfi. Sjóðasöfnunin hvílir á veikari forsendum og ástandið á fjármálamörkuðum, sérstaklega í ljósi gjald-eyrishaftha, takmarkar möguleika á ávöxtun peninganna. Á sama tíma eru sóttir meiri peningar í sjóðina með skattheimtu eins og eignaskatti og fjársýsluskatti.

Freistingin er til staðar. Gegn henni verða fulltrúar launþega og atvinnurekendur að standa.

HUGINN & MUNINN

Menn klóruðu sér í hausnum í gær yfir dræmri mætingu á kynningarfund Más Guðmundssonar og Arnórs Sig-
hvatssonar vegna ákvörðunar peninga-
stefnunefundar um óbreytta stýrivexti. Svo virðist sem Seðlabankinn sé ekki í skotlínu fjölmiðla þessar vikurnar og athygli fjöl-
miðlamanna – og annarra – beinist að öðr-
um. Kannski voru það óbreyttir stýrivextir sem drógu úr spennunni? Einhverjir sátu við tölvurnar og ætluðu að hlusta á áleitnar spurn-
ingar sem beint yrði að



seðlabankastjórnunum en gripu í tómt. Fundurinn stóð stutt og þegar Mór spurði hvort það væru nokkrar spurningar kom aðeins ein. Ljósmyndari Frétta-

blaðsins spurði hvort hann mætti bragða á veitingunum sem í boði voru.

Menn hafa tekist á um hvað búi að baki gríðarlegum útgjaldaauka FME sem fjármagnaður er með lögbundnum gjöldum sem innheimt eru af fjármálafyrirtækjum. Í Viðskiptablaðinu er birt tafla yfir launadreifingu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins. Þar má sjá að langflestir starfsmanna FME, eða fleiri en 100, eru með hálfa milljón eða meira í tekjur á mánuði. Og fjöldi starfsmanna hefur aukist í réttu hlutfalli við samdrátt í bankakerfinu. Svo vildu starfsmennirnir líka vinna í turninum í Höfðatorgi. Sá kostur var dýrari en ódýra húsnæðið í Kópavogi sem stóð eftirlitinu til boða. Trúverðugt eftirlitskerfi verður nefnilega að vera vel staðsett.

Sumir myndu halda að högværðin ein ein-
skennið gamla sósíalista eins og Svavar Gestsson. Þess vegna kom á óvart við lest-

ur bókar um Icesave-samningana eftir Sig-
urð Má Jónsson að samstarfsmönnum Svavars fannst hann ofmetnast þegar hann hélt um þræði valdsins og liti á lausn deilunnar sem tækifæri lífs síns. Gamli pólitík-usinn hefði komið upp á yfirborðið. Sama hvar í flokki menn standa virðast þeir alltaf vilja endurheimta forna frægd. Og finnst þeir eiga skilið að hafa það gott – stundum á kostnað annarra. Þannig seldi Svavar gamla sendiherrabústaðinn í Gentoftu því hann var of langt frá miðborg Kaupmannahafnar. Bústaðurinn hafði þjónað mörgum frá árinu 1971 þangað til splæst var í nýjan á Friðriksbergi. Mismunurinn kostaði skattgreiðendur 400 milljónir króna.



GAMLA MYNDIN



Áberandi fyrir aldarfjórðungi

Þeir sem nálgast miðjan aldur og eru jafnvel orðnir eldri en svo muna eflaust vel eftir fyrirtækinu Ávöxtun sem var mikið í fréttum fyrir um aldarfjórðungi. Ávöxtun var óháð fjármálafyrirtæki sem varð gjaldþrota og kostaði marga allt sitt sparifé. Þar á bæ ræði Ármann Reynisson ríkjum. Hann var áberandi í borgarlífinu. Gekk í dýrum fötum og hélt miklar og umtalaðar veislur. Myndin birtist í Frjálsri verslun árið 1987.

TIL Á PRENTI

Ekki komi til neinna afskrifta

„Vegna umfjöllunar um málefni Haga þar sem ítrekað hefur verið farið rangt með staðreyndir er rétt að eftirfarandi komi fram: Engar skuldir hafa verið afskrifaðar á Haga og ekki stendur til að afskrifa neinar skuldir á Haga. Hagar eru þvert á móti eina fyrirtæki landsins sem hefur á sl. 18 mánuðum greitt upp að fullu með vöxtum skráðan skuldabréfaflokk, sem var meginhluti skulda félagsins. Hagar eru nú vel fjármagnað félág til langs tíma. Nú er unnið að lausn á skuldum eignarhaldsfélagsins 1998, eiganda Haga. Þar er meginmarkmiðið að ekki komi til neinna afskrifta skulda, m.a. með því að erlendir fjárfestar leggi fram verulega fjármuni til félagsins í formi nýs hlutafjár. Umfjöll-

un eða fullyrðingar um annað eru einfaldlega rangar.

Líta verður á umfangsmikla umfjöllun Morgunblaðsins undanfarnar vikur sem einstaka í sögu blaðamennsku. Sú umfjöllun verður ekki skilin öðruvísi en sem aðför að Högum og því starfsfólki sem þar starfar. Megininntakið í málflutningi blaðsins er að nauðsynlegt sé að Bónus starfi í framtíðinni án Jóhannesar í Bónus. Blaðið heldur því fram að hagsmunum félagsins sé best borgið með brott-hvarfi stofnandans og frumkvöðulsins Jóhannesar í Bónus. Þessu er ég, sem forstjóri Haga, með öllu ósamála og deili ég þar skoðunum með stjórnendum og starfsfólki Haga.“

FINNUR ÁRNASON, FORSTJÓRI HAGA, Í FYRILÝSINGU Í MORGUNBLAÐINU 14. NÓVEMBER 2009.


HJARTARPILLAN



Hjörtur fylgdist að sjálfsgöðu með lokaafgreiðslu fjárlaga á Alþingi og sá að þingið ákvað vísitandi að auka enn á fjárlagahalla næsta árs. Hirti fannst nóg um þegar fjármálaráðherra kynnti fjárlagafrumvarpið með 17,7 milljarða króna halla í byrjun október. Eftir því sem Hjörtur veit best er hann barnlaus og þarf því ekki að hafa áhyggjur fyrir hönd barna sinna og framtíðarskattgreiðenda.

NEDANMÁLS
HALLDÓR BALDURSSON

TÝR



Sammála Lilju

Það er ekki oft sem Týr er sammála þeim sex þingmönnum sem í gær greiddu atkvæði með breytingartillögu Lilju Mós- esdóttur um að fella niður framlag rík- isins til stjórnmálaflokkanna. Samkvæmt fjárlögum næsta árs munu rúmar 295 milljónir króna renna úr vösum skatt- greiðenda til þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi.

Auk Lilju greiddu þau Atli Gíslason, Guðfríður Lilja Grét- arsdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Þór Saari atkvæði með tillögunni.



Það kom Tý því miður ekki á óvart að aðrir viðstaddir þingmenn, 55 talsins, greiddu allir atkvæði gegn tillögunni. Meira að segja þingmenn Sjálfstæðisflokksins virð- ast telja réttlæt看legt að skattgreiðendur haldi flokknum uppi með þessum hætti.

Það er líka þægilegra að vera áskrifandi að peningum fólksins í landinu og stuðla að ríkisvæðingu stjórnmálanna.

SKOÐUN

Auðlegðarskattur – skattheimta eða eignaupptaka?

HRJÓBJARTUR JÓNATANSSON



Samkvæmt gildandi skattalög- um heimtir ríkið svonefndan auðlegðarskatt í 3 ár, frá 2009 til og með 2012 en í honum felst skylda til að greiða ríkissjóði 1,5 % af eignum einstaklinga yfir 75 millj- ónum króna en 100 milljónum þegar hjón eiga í hlut. Ríkisstjórnin hefur nú ákveðið að framlengja töku auð- legðarskattsins og hækka hann og því er tilefni til að velta fyrir sér eðli skattheimtu af þessu tagi og hvort hún samrýmist stjórnarskrá íslenska lýðveldisins um friðhelgi eignaréttar og jafnrétti. Hér skal ekki fjallað um efnahagsleg áhrif auðlegðarskatts, utan þess að nefna að löngu er sýnt fram á að skattheimta af þessu tagi leiðir til fjárflóta og hefur neikvæð- ar efnahagslegar afleiðingar til lengri tíma.

Það er viðurkennd grundvallar- regla í lýðræðisþjóðfélagi sem byggir á stjórnarskrárbundnum mannrétt- indum að löggjafar- og framkvæmda- valdi ríkisins eru sett ákveðin mörk og skilyrði um löglega beitingu opinbers valds. Af henni leiðir að skattlagning- arvald ríkisins, líkt og annað opinbert vald, afmarkast af samspili þeirra rétt- anda sem ríkið hefur til að stjórna með valdi annars vegar og þeirra réttinda sem þegnarnir hafa til þess að ráð- stafa sér og sínum eignum hins vegar.

Í 77.gr. stjórnarskrárinnar segir að skattamálum skuli skipa með lög- um og ekki megi leggja skatt á nema heimild hafi verið fyrir honum í lög- um þegar þau atvik urðu til sem ráða skattskyldu. Hugtakið „skattur“ er þó ekki skilgreint í stjórnarskránni og kemur því ekki fram þar hvaða skil- ing stjórnarskrárgjafinn lagði í hug- takið þegar ákvæðið var sett. Segja má að skatthugtakið tengist að öllu jöfnu skyldubundnum framlögum til hins opinbera sem stofnast vegna vinnu, erfða eða annarra tilvika þegar skatt- þegni áskotnast fjárhagsleg verðmæti af einhverju tagi. Í skatti felst því hlut- deild ríkisins í tekjum fólks hvaðan sem þær eru sprotnar, hvort heldur eru launa- eða fjármagnstekjur ell- egar fyrir arf, happdrættisþátttöku, skaðabótaskyldan verknad svo dæmi séu nefnd. Í öllum þessum tilvikum heldur skattþegninn eftir meginhlut- anum af þeirri eignaaugningu sem honum áskotnast. Skattar af bifreið- um og fasteignum grundvallast á til- tekinni þjónustu eða notkun á eign- unum.

Auðlegðarskattur á Íslandi er frá- brugðinn þeirri skattlagningu sem að framan er lýst, á þann hátt að hann grundvallast ekki á eignaaugningu sem skattþegninn fær í einu eða öðru formi, eða fyrir þjónustu eða notkun eignar, heldur miðast hann við eign- irnar sem slíkar án tillits til arðs eða tekna. Þannig felur auðlegðarskatt- urinn í sér í raun eignaupptöku rík- isins í tilteknum mæli á hverju ári. Í núverandi löggjöf er ríkinu gert kleift að taka til sín eignir fólks umfram lög-

“

Að mínu viti ríkir a.m.k. verulegur vafi um lögmæti auðlegðarskattsins eins og hann er settur fram.

bundið fríeignamark á tilteknum ára- fjölda. Er því eðlilegt að íhuga hvort skattheimta af þessu tagi samrýmist stjórnarskrárbundinni eignavernd og jafnrétti.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar er kveð- ið á um að eignarétturinn sé friðhelg- ur og að engan megi skylda til að láta eign sína af hendi nema almennings- þörf krefji, lög mæli fyrir um það og fullt verð komi fyrir. Hvaða þýðingu hefur þetta ákvæði í þessu sambhengi? Er auðlegðarskattur brot á ákvæð- inu um friðhelgi eignaréttarins eða er hann eðlileg skattheimta sem á sér langa sögu? Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er mælt fyrir um jafnrétti í öllu til- liti milli fólks, karla og kvenna.

Eðli auðlegðarskattsins kemur skýrt í ljós ef skattprósentan er auk- in úr 1,5% á ári í t.d. 25%, svo dæmi sé tekið, en þá tekur ríkið eignirnar til sín á 4 árum í stað lengri tíma. Í þessu sambhengi fer ekkert á milli mála að

eignaupptaka á sér í raun stað undir merkjum skattheimtu. Það er því eng- inn eðlismunur á því hvort ríkið taki eignir á 4 árum eða 50 árum heldur aðeins stigsmunur á því hversu lengi ríkið er gera eignirnar upptækar.

Eignaskattar tilheyra fortíðinni viðast hvar í Evrópu. Árið 1994 lýsti þýski stjórnlagadómstóllinn eigna- skatt ölögmætan þar sem skattheimt- an tók ekki tillit til tekna viðkomandi skattþegns og því fælist í skattinum ölögmæt eignaupptaka. Í framhald- inu var skatturinn aflagður þar í landi. Þar sem skatturinn er enn við lýði er hann jafnan tengdur tekjum viðkom- andi, þ.e.a.s. eignaskatturinn takmar- kast að hámarki við tiltekinn hundr- aðshluta launa viðkomandi. Má sem dæmi nefna að á Spáni er í gildi tímabundinn eignaskattur til 2ja ára sem þó verður aldrei hærri en 60% af tekjum hvers árs. Þessi tenging við tekjur skattgreiðandans setur skatt- heimtuna í viðurkennt tekjusambhengi og er því síður metið sem eignauppt- aka sem sé andstæð stjórnlögum.

Auðlegðarskatturinn á Íslandi tekur hins vegar ekkert tillit til tekna skattþegans og er því af sama toga og t.d. eignaskattar sem kommúnist- ar settu á víða í Austur-Evrópu, eft- irstríðsáranna. Þá var aðferðin sú að hækka eignaskatta og hírða svo eignirnar af fólki þegar skattar fóru í vanskil. Auðlegðarskattur á slíkum forsendum er auðvitað ekkert ann- að en eitt form á eignaupptöku. Sam- bærilegt blasir við sumum Íslending- um s.s. þeim sem eiga eignir en hafa litlar tekjur. Taka má dæmi um aldr-

aðan einstakling, sem ekki er lengur á vinnumarkaði, hann á e.t.v. verðmæta fasteign sem í núverandi árferði gefur ekki af sér tekjur en telst vera auðlegð- arskattstofn upp á 150 milljónir króna. Ríkið krefst þess að fá 1,5-2% af verð- mæti eignarinnar á hverju ári eða kr. 2.250.000-3.000.000. Ef viðkomandi einstaklingur á ekki laust fé til að greiða skattinn fer ríkið í innheimtu- aðgerðir til að knýja greiðsluna fram með fyrirsjáanlegum afleiðingum, eignin verður seld á uppboði til að ríkið fái sitt og hann sviptur eign- inni. Spyrja má hvort einhver munur sé þá á íslenskum sósíalísma árið 2011 og austur-evrópskum sósíalísma eft- irstríðsáranna?

Það er augljóst að lítið virði er í stjórnarskrárákvæðinu um friðhelgi eignaréttarins ef auðlegðarskattur er talinn lögleg skattheimta, án nokk- urs tillits til tekna viðkomandi ein- staklings. Þá er eignaupptakan orð- in leyfileg að hætti sósíalismans. Að því er jafnréttið varðar, þá er ljóst að með því að mismuna fólki eftir sam- búðarformi, þá er höggvið nærri hinu stjórnarskrárbundna jafnrétti. Af hverju er fritekjumark einstakl- inga í óvígðri sambúð herra en fólks í hjónabandi?

Að mínu viti ríkir a.m.k. veruleg- ur vafi um lögmæti auðlegðarskatts- ins eins og hann er settur fram og því nauðsynlegt að fá dómstóla til að skera úr því hvar valdmörkin séu á milli réttmætrar og óréttmætrar eignaupptöku.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

ÓÐINN

Óðinn man ekki lengur hvort það er þessi vika, næstu tíu dagar, þessi mánudir eða bara þessi helgi sem skiptir sköpum fyrir framtíð evrusvæðisins. Óðinn man ekki heldur í hvað mörg skipti fréttaskýrendur hafa sagt næsta fund Angelu Merkel og Nicolas Sarkozy skipta sköpum fyrir evrusvæðið. Óðinn veit hins vegar að því oftar sem þau hittast og komast að samkomulagi því nær ganga þau af evrunni dauðri. Það er nefnilega rangt að mati Óðins að skuldakreppa einstakra ríkja eins og Grikklands sé að ganga af evrunni dauðri. Það eru viðbrögð ráðamanna í Evrópu við skuldavandanum sem eru að eyðileggja myntina.

★ ★ ★

Í grunninn er vandi evrusvæðisins ósköp einfaldur; löndin eru orðin of skuldsett. Mestu vonbrigði Evrópu-sambandsins er að því hefur mistekist að örva hagvöxt með opnun innri markaðar. Í stað þess að Evrópusambandið hafi aukið samkeppnishæfni með opnun markaðssvæða hafa þrýstihópar, studdir af stjórnvöldum, getað beitt því fyrir sig til að takmarka samkeppni. Þrátt fyrir metnaðarfull markmið eins og Lissabon-áætlunina hefur Evrópa dregist enn frekar aftur úr síðasta áratug.

★ ★ ★

Helsti ávinningurinn sem flest lönd Evrópu hafa notið af samstarfinu er lægri fjármagnskostnaður. Svo virðist sem lítið hafi verið þannig á að öll lönd evrusvæðisins hafi verið jafn öruggir skuldarar. Óðinn á bágt með að trúa því. Evrópska seðlabankanum var sérstaklega bannað að kaupa ríkisskuldabréf einstakra ríkja, því gat evrusamstarfið varla talist ólíkt til dæmis gullfætinum að því leyti, en lánskjör mismunandi ríkja á gullfæti voru eins og alkunna er mismunandi. Óðinn grunar að þetta sé eftiráskýring gráðugra skuldabréfa-fjárfesta, rétt eins og fjárfestar töldu skyndilega eftir fjárkreppuna 2008 að seðlabönkum heims bæri skylda til að bjarga bönkum eins og til dæmis Lehman, og rétt eins og Hollendingar og Bretar töldu skyndilega að það væri ríkisábyrgð á Icesave eftir að sjoppan fór á hausinn.

★ ★ ★

Sá litli hagvöxtur sem hefur verið í Evrópu undanfarinn áratug hefur verið drifinn áfram af aukningu lánsfjár og það sem verra er, ríkissjóðir hafa lifað langt um efni fram. Þetta vandamál er ekki bundið við evrusvæðið eða Evrópu, sama þróun á sér stað í öðrum efnahagsveldum eins og Bandaríkjunum, Japan og Kína. Vandinn brýst hins vegar fram með mismunandi hætti í hverju landi fyrir sig. Í Bandaríkjunum er skuldsetning ríkis að nálgast hættumörk og almenn skuldsetning sennilega komin fram yfir þau. Japanska ríkið er það skuldsettasta í heimi, um 230% af VLF, og íbúunum er bæði að fækka og meðalaldurinn að hækka þannig að þar er æ lægra hlutfall þjóðarinnar á vinnualdri. Í Kína er enn ein stærsta lánsfjárbóla sögunnar í gangi með tilheyrandi mis- og offjárfestingu, þar

verður hrun á næstu misserum en það er alls óvíst hvernig Kínverjum mun takast að vinna bug á fyrstu fjármálakreppu sinni. Innviðir Kína eru að mörgu leyti enn mjög óþroskaðir en samfélagsverkfræðingar kommúnistastjórnarinnar hafa unnið óbæt-anlegt skemmdarverk á samfélaginu með „manneldispólítík“ sinni. Það lýsir sér meðal annars í því að þrátt fyrir að þjóðin sé rétt að komast til bjargálna þá eldist hún mjög hratt, karlar eru töluvert fleiri en konur þar sem drengir þóttu betri fjárfesting en stúlkur og stórfjölskyldan og sú sam-

hans. Ef Jón lánar Gunnari 100 kr. þá hefur það engin áhrif á auð þjóðfélagsins heldur hafa einungis orðið til móttæð debet og kredit. Þegar skuldir heimsins fara úr 260% í 310% af framleiðslu heimsins hafa skyndilega orðið til eignir og skuldir sem nema helmingi allrar framleiðslu sem hefur ekki verið fjármagnaður með nýrri verðmætasköpun. Spurningin er því hvaðan kom þetta fé og hvert fór það? Eins og sést á myndinni er mesta aukningin í skuldum banka, þessar eignir voru fjármagnaðar með peningaprentun. Ef þessu fé hefði

Evrópski Seðlabankinn gekkst í ábyrgð fyrir skuldir Grikklands þrátt fyrir að blátt bann væri lagt við því í samþykktum hans. Niðurstaðan er sú að vegna þess að Grikkland var ekki látið semja um skuldir sínar þá smitaði ástandið út frá sér. Því var mætt með stofnun björgunarsjóðs Evrópu ESFS, sem talað var um að yrði allt að tvær til fjórar billjónir evra, í síðasta mánuði tókst hins vegar ekki að klára skuldabréfaútbod sjóðsins að fjárhæð þrír milljarðar evra. Þessu til viðbótar hefur síðan verið rætt um að fullkomna skuldabandalagið

fyrir vegna þess að fullvalda ríki eru treg til að leita samninga um kröfur sínar fyrr en í algjört óefni er komið.

★ ★ ★


Markmiðið með slíkum reglum er að binda mismunandi kröfuhafa til að lúta samþykkt aukins meirihluta þeirra um lúkningu skulda. Með því móti yrði komið í veg fyrir að einstakir kröfuhafar geti þvælst fyrir í von um fullar heimtur. Þetta er líka sérstakt vandamál í dag þegar sumir eigendur skuldabréfa geta í raun haft hag af því að engir samningar náist þar sem þeir hafa keypt fleiri skulda-tryggingar en skuldabréf. Ramminn myndi veita löndum greiðslustöðvun þannig að einstakir kröfuhafar geti ekki ruðst fram í kröfuröðinni, eins og hið óbilgjarna þrotabú Depfa reyndi í Hafnarfirði, en eftir það geti landið byrjað að taka nauðsynleg rekstrarlán í samráði við kröfuhafa sem mundu þá njóta forgangs. Þetta er auðvitað það sem vantaði í lausnir Gríslanda að eðlileg fjármögnun gæti hafist á ný. Þessum vettvangi væri ætlað að tryggja jafnræði á milli kröfuhafa, bæði innlendra og erlendra, og tryggja það að landið yrði starfhæft á ný, með t.d. starfhæft bankakerfi. Krueger nefnir að slíkur rammi geti verið með svipuðu sniði og 9. kafli bandarísku gjaldþrotalaganna sem fjallar um sveitarfélög.

★ ★ ★

Sanngjarnt skuldauppgjör er stóra verkefnið sem er framundan í Evrópu, eins og áður sagði hafa skuldir ekki áhrif á auð þjóðfélaga, einungis skiptingu hans, og uppgjör skulda hefur mikil áhrif á skiptingu hans, bæði innan og á milli þjóðfélaga. Það er miklu stærri áskorun og miklu meira í húfi að leysa þetta vandamál en að bjarga evrunni, enda bjargar hún sér sjálf ef hún er á annað borð á vetur setjandi. Í kjölfar slíks uppgjörs geta einstök ríki síðan tekið ákvörðun um hvort þau vilji vera áfram hluti af evrusamstarfinu, en það er önnur spurning.

★ ★ ★

Ástæðan fyrir því að það er svo mikilvægt núna að byrja að vinna ofan af spilaborg skuldsetningar og peningaprentun er til að það sé hægt að fá raunverulegt verð á fjáreignir og raunverulega stöðu fjármálakerfisins, þannig að það sé hægt að endurfjármagna það. Annars er raunveruleg hætta á að það hrynji. Afleiðingar þess yrði að fjármálakerfið myndi ekki lengur miðla lánsfjármagni og hætta á langvarandi kreppu eins og á fjórða áratug síðustu aldar. Hingað til hafa stjórnmalamenn og keynesískir hjálparkokkar þeirra meðhöndlað hagkerfið eins og eimreið, þeir hafa haldið að það myndi leysa vandann að moka bara meira af kol- um í eimreiðina ef hún höktir (peningaprentun og hallarekstur ríkissjóða), en hagkerfið er miklu líkara vistkerfi en vél, það þarf að hlúa að því og ekki sist að grísa það. Peningaprentun síðustu ára hefur nært ósjálfbæra starfsemi sem nú hótar að kæfa hagkerfið allt.



félagslega festa sem hún veitir er nánast horfin þar sem komnar eru fram margar kynslóðir af einkabörnum.

★ ★ ★

Vandi Evrópu er því ekki einstakur, en það eru viðbrögð ráðamanna við honum, að breyta myntbandalagi í skuldabandalag. Í stað þess að láta Grikklandi og lánardrottnum þess eftir að vinna úr ósjálfbærri skuldastöðu landsins voru skattgreiðendur annarra evruríkja látnir gangast í ábyrgð fyrir skuldir Grikkja. Það hafði tvenns konar afleiðingar í för með sér, annars vegar minnkaði það hvata Grikkja til að taka til í ríkisfjármálum sínum og hins vegar voru fjárfestar í grískum ríkisskuldabréfum ekki látnir bera ábyrgð á gerðum sínum. Það hefur svo aftur stuðlað að því að bankakerfi Evrópu er alltof stórt og hefur ekki rifað seglin til að draga úr áhættu eftir að skuldakreppan hófst.

★ ★ ★

Til að setja þetta í samhengi er hér birt mynd úr bréfi J. Kyle Bass hjá Hayman Capital Management til fjárfesta frá 30. nóvember. Á myndinni sést að heildarskuldir heimsins hafa farið úr 80 billjónum dollara í lok árs 2002 í 200 billjónir dollara í lok síðasta árs. Það nemur um 11% aukningu á ári, á sama tíma var hagvöxtur í heiminum um 4% á ári. Skuldir heimsins sem hlutfall af verðmæti framleiðslu heimsins hafa því farið úr um 260% í 310% á tímabilinu.

★ ★ ★

Lánsfjármögnun hefur engin áhrif á auð þjóðfélaga, einungis skiptingu

verið varið í neyslu hefði mátt búast við töluverðri verðbólgu á þessu tímabili, en svo var ekki, megnið af lánsfjárbólinni fór í fasteignabóluna og hvers kyns verðbréf.

★ ★ ★

Eftir því sem peningamagn jókst, því lægri urðu vextir og eftir því sem vextir urðu lægri því hærra varð verð fjáreigna og fasteigna og eftir því sem verð þeirra varð hærra því meira var hægt að lána út á veð í þeim. Þannig spiralaðist verðbólga upp í heiminum þótt hennar sæi lítt stað í vísitölu neysliverðs, hún er hins vegar vel sýnileg í efnahagsreikningum banka. En þótt spirallinn upp geti verið tryllingslegur þá er fallið lóðrétt þegar kerfið missir tiltrú. Eignirnar gufa upp þegar vextir hækka og skuldirnar fylgja í kjölfarið hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

★ ★ ★

Og þá komum við aftur að Grikklandi og öðrum Gríslöndum. Skuldir Grikklands í dag nálgast 160% af VLF og vextir á 10 ára ríkisskuldabréf Grikklands eru 33% (nei, þetta eru ekki SMS-lán), fjárlagahalli Grikklands verður líkast til nærri 15%. Það er allveg ljóst og búið að vera í næstum tvö ár að Grikkland getur ekki staðið við skuldir sínar, það er bara um eitt að ræða og það eru nauðasamningar við kröfuhafa. Evrópusambandið lagðist gegn því vegna þess að það óttaðist að ef Grikkland stæði ekki við skuldir sínar myndi ástandið smita út frá sér og fjárfestar glata trúnni á önnur skuldsett evruríki.

★ ★ ★

með aðkomu og ábyrgðum frá AGS. Samt hefur ekkert af þessum fréttum skapað traust á markaði. Hvers vegna skyldi það nú vera? Til að svara því er ágætt að ímynda sér að maður sitji makindalega á skrifstofu skuldabréfasjóðs á tunglinu eða annarri plánetu og íhugi ástandið á jörðinni og hvort rétt sé að kaupa skuldabréf þaðan. Þá sér maður að skuldabréf t.d. Þýskalands, Spánar, Ítalíu og Frakklands verða ekkert fýsilegri við það að vera með ábyrgð Seðlabanka Evrópu sem aftur er með ábyrgð meðal annars frá þessum ríkjum, eða frá ESFS sem aftur er með ábyrgð frá þessum ríkjum eða AGS, sem aftur er með ábyrgð frá þessum ríkjum. Vandamálið er að eignir standa ekki undir skuldunum og þær minnka ekkert við að vera skipt upp í fleiri vafninga.

★ ★ ★

Árið 2002 skrifaði Anne O. Krueger, forstjóri AGS, bókina A New Approach to Sovereign Debt Restructuring um hvernig hægt væri að koma á alþjólegum lagaramma um nauðasamninga þjóðríkja undir forystu AGS. Hugmyndin þá var auðvitað að fyrst og fremst að vinna úr vanda þróunarríkja og því var verkið aldrei klárað. Það sem Evrópa þarf á að halda í dag er vettvangur til að semja um skuldir ríkja sem geta ekki staðið í skilum með sama hætti og einka-fyrirtæki geta leitað nauðasamninga. Munurinn á ríki og einkaaðila er auðvitað sá að ekki er hægt að gera ríki upp, þess vegna er enn mikilvægara að til sé alþjóðlega viðurkennt ferli um réttlátt uppgjör skulda. Krueger segir tilgang slíks ramma sé að forða því mikla tjóni sem bæði kröfuhafar og þegnar af skuldsettra ríkja verða

Fjármálamarkaðir Fjárfestar leita að öruggu skjóli fyrir eignir sínar og endurskilgreina áhættu

Úr öskunni í eldinn

RÓBERT
HELGASON



„Ef þú telur að einhver eign sé án áhættu, þá skortir þig einfaldlega ímyndunarafl.“

Skilgreining á „áhættulausum eignum“ er vinsælt hugtak innan hag- og fjármálafræðinnar en með því er tapsáhættan á ákveðnum eignaflokkum talin vera engin. Hugtakið hefur náð yfir ýmsar tegundir eigna, og þá sérstaklega ríkisskuldur, og ekki er langt síðan að skuldir fjármálafyrirtækja og sveitarfélaga í flestum löndum féllu einnig í þennan flokk. Þrátt fyrir að orðalag skilgreiningarinnar hér að ofan sé skýrt þá er ein staðreind sem þarf að hafa í huga. Í raunheiminum eru áhættulausar eignir ekki til. Ef þú telur að einhver eign sé án áhættu, þá skortir þig einfaldlega ímyndunarafl.

Í þeim óróleika sem nú ríkir á fjármálamörkuðum í Evrópu leita margir fjárfestar að öruggu skjóli fyrir eignir sínar. En hvar er sá staður? Atburðir síðustu ára hafa verið sem endurmenntun fyrir marga, og er andrúmsloftið á fjármálamörkuðum Evrópu nú að líkjast því sem við þekkjum frá haustinu 2008. Á svona óvissutímum er það ekki „return on capital“ heldur „return of capital“ sem skiptir máli. Raunin er sú að á flestum fjármálamörkuðum heims ríkir nú sífellt meiri óvissa um þær hefðbundnu „áhættulausu“ eignir en í manna minni.

Heldur innlánstryggingin ef á reynir?

Lengi vel voru innlán, sem eru í raun skammtímalán til fjármálafyrirtækja,

talin öruggasti kosturinn sem völ var á. Engin binding, ekkert flókt. Fæstir núlifandi upplifðu kreppuna miklu í Bandaríkjunum og þekkja því ekki til þeirra aðstæðna sem leiddu til þess að innlánstrygging var upphaflega tekin í gagnið. Hafa ber í huga, hinsvegar, að innlánstrygging kemur ekki endilega í veg fyrir tap, heldur færir það aðeins til – venjulega yfir á þann sem tryggir innlánin.

Skynsamlegt má vera að treysta ekki um of á innlán, ekki aðeins í löndum þar sem skuldastaða ríkisins er slæm, heldur líka þar sem möguleg skuldastaða ríkis gæti orðið illviðráðanleg sökum stærðar fjármálakerfisins í landinu. Það getur orðið dýrt fyrir stjórnvöld margra ríkja að hlaupa undir bagga með fjármálastofnunum ef þeim hlekkist verulega á. Í Bretlandi, Belgíu og Frakklandi til dæmis eru eignir fimm stærstu fjármálafyrirtækja 5-6x stærri en hagkerfið þar á landi.

Fjármagnseigendur eru í auknum mæli að átta sig á áhættunni sem leynist í innlánum hjá fjármálastofnunum. Til dæmis á Írlandi og í Grikklandi fer þeim aðilum hratt fækkandi sem vilja taka áhættuna á að innlánstrygging fjármálastofnana þar standi ef á hana reynir. Innlán í Grikklandi hafa lækkað nær samfelldu um langt skeið og eru nú um 23% lægri en fyrir tveimur árum.


Að auki er raunveruleg hætta á að innan ríkis sem ákveður að víkja úr evrusamstarfinu og taka upp eigin mynt verði öllum innlánum (og öðrum skuldum) umbreytt í þá nýju mynt. Fjármagnseigandi með innlán í evrum á bankareikningi á Ítalíu gæti staðið uppi með reikning fullan af verðminni ítölskum lírum, og takmarkanir á fjármagnsflæði.

Þýskar skuldir og þýsk mörk

Út frá þeim forsendum að ríki innan evrusamstarfsins gæti sagt sig frá því, hefur sú kenning verið sett fram að

Bankar og opinberar skuldir

– sem hlutfall af VLF



þýskar evrur, þ.e. evrur í þýskum innlánum og skuldum, séu örrugari og verðmeiri heldur en til dæmis ítalskar evrur. Þessi kenning byggir ekki einungis á þeirri hættu að Ítalía kynni í framtíðinni að taka upp ítalska líru því að á sama hátt gæti Þýskaland ákveðið að taka upp eigin mynt. Sumir greinendur á fjármálamörkuðum hafa nýverið haldið því fram að auðveldara væri fyrir Þýskaland að víkja úr evrusamstarfinu, og þar með endurmeta sín innlán og skuldir í (verðmeiri) þýskum mörkum, þar sem hin löndin eru líkari hvoru öðru heldur en Þýskalandi.

Ef leið samheldni og samtryggingar verður fyrir valinu þá gæti það orðið dýrt fyrir þýska skuldabréfaeigendur, sérstaklega þeim sem eiga lengri bréf. Viðbrögð fjárfesta við tilkynningu af því tagi gefa ekki í skyn að kröfur heildarinnar falli aftur niður í þýska vexti eins og var, heldur að vextirskuldabréfamismunandi landa innan samstarfsins mætist á miðri leið. Sú niðurstaða væri skammgóð-

ur vermir fyrir þá fjárfesta sem veðja á öruggt skjól fyrir eignir í þýskum skuldabréfum. Segja má að fjárfestingar í skuldum annarra, hvort sem það eru innlán eða skuldabréf, hefur tekið á sig allt aðra mynd.

Hörfað til Sviss... í samfloti með öllum öðrum

Saga fjármálamarkaða sýnir að sú eign sem upphaflega var talin örugg af fjárfestum, en er þegar komin í eigu flestra, hættir þar með að vera örugg. Við höfum nýleg dæmi um slíkt. Margir fjárfestar hafa hörfað undan þeirri óvissu sem nú ríkir í þeim löndum sem hafa evru sem gjaldmiðil og flutt sig yfir í aðrar myntir í staðinn. Svissneski frankinn, vinsælt skjól fjármagns um langa tíð, hefur orðið fyrir valinu hjá mörgum. Sviss hefur orðstír fyrir að vera eitt öruggasta hagkerfi í heimi, þar sem fyrir hendi er sterk mynt, jákvæður viðskiptahalli og stöðug fjárlög. Þetta hefur ekki farið fram hjá mörgum fjárfestum í þessu árferði og því

hefur gríðarlegt innflæði fjármagns til Sviss átt sér stað. Stjórnvöldum í Sviss hefur þótt nóg um og brást seðlabanki landsins við með því að taka upp fastgengisstefnu til að stemma stigu við ört hækkandi gengi svissneska frankans.

Þó margar stærðir geti litið vel út á blaði þá ber að vekja athygli á einni í þessu samhengi. Eignir fimm stærstu banka í Sviss eru meira en sjö sinnum stærri en allt hagkerfið þar í landi, en þar eru UBS og Credit Suisse stærsti hluti kökunnar. Ef stjórnvöld í Sviss standa frammi fyrir því í framtíðinni að þurfa að tryggja annað hvort innlán eða aðrar skuldir fjármálakerfisins gæti niðurstaðan orðið hagkerfinu þung í skauti. Eingöngu 10% tap á eignum svissneskra fjármálastofnana jafnast á við nær 80% af hagvexti landsins, og 400% af árlegum tekjum.

Þó að svissneskt fjármálaregluverk sé einstakt, vel hannað, og undir ströngu eftirliti, með girun af þessu tagi, þarf bara einn svartan svan til.

Úr öskunni í eldinn

Ef hægt er að draga lærdóm af reynslu síðustu tíu ára þá er hann sá að fjárfestingarkostur sem var hvað vinsælastur á hverjum tíma og almennt talinn öruggur reyndist ekki vera það þegar upp var staðið – hvort sem um var að ræða bandarískar fasteignir, Nasdaq hlutabréf eða skuldabréf þekktra fjármálafyrirtækja. Oft er það einmitt í vinsældunum sem mesta áhættan leynist. Hvernig svo sem fjárfestum gengur að forða eignum í öruggt skjól væri það ekki í fyrsta skiptið sem sá öruggi staður reyndist í raun enn áhættusamari en sá fyrri, fjárfestar eiga nefnilega á hættu að fara úr öskunni í eldinn þegar stormurinn nær hæstu hæðum.

Róbert er fjármálasérfræðingur og skrifar af erlendum vettvangi fyrir Viðskiptablaðið.

Frá 15. nóvember

Félamatsæðill

Tapas barsins

★ Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk

★ 7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið

Tvíreykt hangikjöts tartar með balsamik vinaigrette

Rauðrófu og piparrótargrafinn lax

Spænsk marineruð síld með koriander og mango

Appelsínugrafin andabringa með malt- og appelsínsósu

Kalkúnabringa með spænskri „stuffing“ og calvados villisveppasósu

Steiktur Saltfiskur með sætri kartöflumús

Hægelduð grísasiða með heimatilbúnu rauðkáli, fíkjum og fjallagrasasósu

★ Og í lokin tveir ljúfir eftirrættir

Rise a la mande með berjasaft

Ekta súkkulaðiterta

4.990 kr.



RESTAURANT - BAR

Vesturgata 3B | 101 Reykjavík
Sími 551 2344 | www.tapas.is

„Villandi upplýsingagjöf“ og „alvarlegt skeytingarleysi“

Hæstiréttur sýknaði á dögunum aldraðan stofnfjáreiganda í Byr af kröfum Íslandsbanka og komst að þeirri niðurstöðu að bankinn hefði eingöngu veð í stofnfjárbréfunum sjálfum. Málið hefur fordæmisgildi fyrir hundruð stofnfjáreigenda sem tóku þátt í stofnfjárukningu Byrs í lok ársins 2007.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON
ago@vb.is

Íslandsbanki sótti og tapaði nýverið máli fyrir Hæstarétti sem bankinn hafði höfðað gegn stofnfjáreiganda í Byr en málið hefur fordæmisgildi fyrir aðra þá sem tóku þátt í stofnfjárukningu Byrs í lok árs 2007. Það þýðir að þeim ber ekki að greiða Íslandsbanka lán sem þeir tóku hjá Glitni vegna stofnfjárukningar í Byr en Íslandsbanki tók yfir kröfur Glitnis. Um verulegar upphæðir var að tefla enda var stofnfé Byrs aukið um 27 milljarða og lánin, sem mörg hver voru í erlendum myntum, höfðu hlaðið á sig kostnaði.

Glitnir lánaði á sínum tíma m.a. ófjárráða börnum vegna kaupa þeirra á stofnfé en í umræddu prófmáli höfðaði Íslandsbanki

mál gegn stofnfjáreiganda, konu sem var 74 ára gamall ellilífeyrisþegi þegar stofnfjárukningin fór fram. Íslandsbanki, sem krafði konuna um 20 milljónir auk dráttarvaxta, tapaði málinu fyrir héraðsdómi og síðan einnig fyrir Hæstarétti sem staðfesti dóm héraðsdóms þess efnis að stofnfjáreigandinn skyldi sýkn af kröfum Íslandsbanka og að bankinn skyldi greiða honum tvær milljónir í málskostnað. Krafan um sýknu var m.a. reist á þeirri forsendu að forsendubrestur væri fyrir hendi og víkja skyldi lánasamningnum í heild til hliðar þar sem hann hafi brotið í bága við yfirlýsingar frá Glitni; þannig liggja fyrir að bankinn hafi séð um alla skjalagerð og konan ekki notið lögmannaðstoðar heldur hafi hún treyst á yfirlýsingar starfsfólks Byrs sparisjóðs og Glitnis banka um að lántökuáhættan væri bundin við stofnfjárbréfin.

Börn fengu tugi milljóna í lán

Um tíu ófjárráða börn fengu tugi milljóna króna lán hjá Glitni til þess að kaupa stofnfjárbréf í Byr seint um haustið 2007 og voru börn stjórnarmanna í sjóðnum á meðal þeirra. Lánin til barnanna voru veitt eftir að sýslumaður hafði samþykkt börnin sem löglega eigendur stofnfjár í Byr. Á grundvelli þess samþykkis veitti Glitnir börnunum lán til að taka þátt í stofnfjárukningunni. Í kjölfar þess að Viðskiptablaðið greindi frá þessu í október 2009 sendi Íslandsbanki, sem tók yfir umrædd lán Glitnis, frá sér tilkynningu þar sem Íslandsbanki harmaði málið og viðurkenndi að lánin væru ólögleg þar sem samþykki sýslumanns hefði ekki náð til heimildar til lánveitinga og tekið var fram að engar innheimtuaðgerðir myndu fara fram vegna þessara lána. Í útvarpsviðtali viðurkenndi Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, að það hefði verið gagnrýnivert hvernig staðið hefði verið að stofnfjárukningunni af hálfu Byrs.

Glitnir hafði hagsmuni af því að sem mest seldist
Í dómnum kemur fram að Glitni banka hafi borið að fylgja almennri reglu laga um verðbréfavíðskipti sem leggur þá skyldu á fjármálafyrirtæki að starfa í sam-

ræmi við eðlilega viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármála- markaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Bankinn hefði því átt sjá til þess að konan fengi nægilega greinargóðar upp-

lýsingar um þá áhættu sem fólst í að taka lán til kaupa á stofnfjárbréfum sem námu sexfaldri stofnfjáreign hennar. Þar sem um þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta hafi verið að ræða hefði Glitnir átt að óska eftir upplýsingum um þekkingu og reynslu konunnar á sviði þessarar tegundar verðbréfavíðskipta áður en ákveðið var að lána henni til kaupanna en það virðist ekki hafa verið gert. Jafnframt beri að hafa í huga að Glitnir banki hafi verið skuldbundinn til að kaupa allt stofnféð sem ekki seldist í útboðinu. Vegna reglna um útreikning á eiginfjárgrunni banka hefði Glitnir þurft að draga frá eiginfjárgrunni sínum öll þau stofnbréf í Byr sparisjóði sem hann kynni að þurfa að kaupa. Því hafi Glitnir haft gríðarlega hagsmuni af því að losna undan sölutryggingunni. Það hafi ekki verið hægt að gera með öðrum hætti en þeim að fá kon-



Merkilegur dómur

Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður, sem var verjandi stofnfjáreigandans, segir að samkomulag hafi verið við Íslandsbanka um að umrætt mál skyldi vera prófmál og niðurstaða þess gilda fyrir aðra stofnfjáreigendur, sem tóku lán hjá Glitni, en þeir skipti væntanlega nokkrum hundruðum og upphæðirnar milljörðum króna.

Hróbjartur minnir á að Glitnir hafi í reynd haft forgöngu um að Byr færi í stofnfjáraukningu og Byr og Glitnir hafi gert samning sín í milli um framkvæmd á útboðinu. Í þeirri samvinnu hafi þeir ákveðið að hafa skyldi samband við alla stofnfjáreigendur og þeim gert ljóst hvað það þýddi að taka ekki þátt, eins og það var orðað. Þeir hafi búið til upplýsingaefni þar sem nánast var kveðið á um það að ef menn tækju ekki þátt þá myndu þeir sæta verðmætaskerðingu og að þeirra hluti kynni að rýrna í verðmæti um liðlega 80%. Þetta hafi verið kynnt þannig af hálfu starfsmanna Byrs að ábyrgðin væri bara bundin við stofnbréfin sjálf. Það hafi verið samkvæmt



Hróbjartur Jónatansson: „Þetta hefði aldrei tekist nema vegna þess að við vorum með þessa málsástæðu uppi og leiddum til vitnis fjölda starfsmanna og stjórnenda Byrs og starfsmenn Glitnis sem sáu um þetta.“

fyrirmælum yfirmanna Byrs sem aftur byggði á samskiptum sínum við Glitni. Því hafi upplýsingagjöfin verið í senn röng og villandi sem leitt hafi til rangrar ráðgjafar sem leiddi aftur til þess að stofnfjárhafar, eins og umrædd kona, hafi tekið ákvörðun sína á röngum forsendum. „Þetta varð almennur skilningur hjá stofnfjárhöfum eftir úthringingar Byrs og raunar Glitnis líka og þess vegna fékkst svona góð þáttaka. Og þá þurfti Glitnir ekki að efna sölutryggingu sem hefði haft áhrif til lækkunar á eiginfjár-

hlutfalli bankans sem hefði verið slæmt á þessum tíma.“

Hróbjartur segir niðurstöðuna vera afar merkilega, ekki síst vegna þess að reynst hafi afar erfitt að vikja til hliðar skriflegum samningi við lánastofnun, hvað þá lána-samningi, á einhverjum öðrum forsendum en greinir frá í lánasamningnum sjálfum. „Þetta hefði aldrei tekist nema vegna þess að við vorum með þessa málsástæðu uppi og leiddum til vitnis fjölda starfsmanna og stjórnenda Byrs og starfsmenn Glitnis sem sáu um þetta.“

una og „aðra stofnfjáreigendur (með öllum ráðum) til að gangast í formlega aukningu á stofnfénu“. Þá er og vísað til þess að Glitnir hafi veitt öllum stofnfjáreigendum lán til kaupa á stofnfjárbréfum án tillits til aldurs þeirra, eignastöðu eða greiðslugetu, þar á meðal til ófjárráða barna og nýstofnaðra einkahlutafélaga. Engin skoðun hafi þannig farið fram á fjárhagslegri getu konunnar til að takast á hendur skuldbindingu af þessu tagi. Með því hafi bankinn lýst því yfir í verki að hann gerði ekki kröfu um persónulega ábyrgð lántakenda.

„Villandi ráðgjöf“ og „alvarlegt skeytingarleysi“

Hæstarétti þótti því ljóst að konan hefði samþykkt lántökuna vegna „villandi ráðgjafar“, sem mátti rekja til ónákvæmrar upplýsingagjafar af hálfu Glitnis á þeirri röngu forsendu að áhætta hennar takmarkaðist við hin veðsettu stofnfjárbréf. Þá segir að Glitnir banki hafi sýnt af sér „alvarlegt skeytingarleysi“ um hagsmunir konunnar sem hafði ekki mikla þekkingu á verðbréfaviðskiptum; í ljósi aðstæðna og þeirr-

ar villu sem hún var í um eðli skuldbindingarinnar þyki líklegt að hún hefði ekki tekið lánið ef henni hefði verið veitt rétt ráðgjöf sem hefði skýrt hvaða afleiðingar það hefði ef forsendur um rekstur sparisjóðsins og væntar arðgreiðslur gengju ekki eftir.

Þá horfði Hæstiréttur einnig til þess að Glitnir banki átti frumkvæði að hinni umfangsmiklu stofnfjáraukningu hjá Byr sparisjóði og lagði sérstaka áherslu á það á öllum stigum málsins að allir stofnfjáreigendur tækju þátt í henni. Þá hafi komið fram í skýrslum vitna sem komu að málinu af hálfu Glitnis að reiknað hafi verið með að arðgreiðslurnar úr Byr myndu að minnsta kosti fara mjög langt með að standa undir endurgreiðslu lánanna.

Það var því niðurstaða Hæstaréttar að ósanngjarnt hafi verið af Íslandsbanka að bera lánssamninginn fyrir sig að til að sækja greiðslu í öðrum eignum konunnar en hinum veðsettu stofnfjárbréfum og arði af þeim. Því sé rétt að breyta efni samningsins þannig að bankanum „sé einungis unnt að leita fullnustu í stofnfjárbréfunum og arði af þeim“.

Vantryggð þjóð

Hermann Björnsson hefur gegnt starfi forstjóra Sjóvá
í rúman mánuð. Hann segist skilja þá gagnrýni sem
björgun ríkisins á Sjóvá hefur hlotið, en hins vegar
hafi falist kerfisleg áhætta í mögulegu gjaldþroti
félagsins. Fyrst og fremst hafi það verið tjónþolar sem
voru varðir með björgunaraðgerðum. Tryggingageirinn
hefur breyst mikið eftir hrun og er staðan í dag sú að
þjóðin er vantryggð.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is



Öllum þeim hræringum sem voru í kringum Sjóvá eftir hrun, við brotthvarf fyrri eigenda og aðkomu ríkisins að rekstrinum, sóttu önnur tryggingafélög hart að viðskiptavininum Sjóvár. „Það opnuðust hér gluggar og það var sótt að,“ segir Hermann Björns-son, forstjóri félagsins. Hermann er lögfræðingur að mennt og hefur starfað innan fjármálageirans í rúm tuttugu ár. Lengst af var hann í Íslandsbanka en síðast framkvæmdastjóri viðskipta-bankasviðs Arion banka.

Hann segir að hjá Sjóvá hafi verið unnið gríðarlega gott starf við að viðhalda viðskiptum og margir hafi sýnt félaginu mikla trygð á erfiðum tímum.

Nýir eigendur að Sjóvá
Þú ert ráðinn forstjóri í september síðastliðnum. Við hvernig fyr-

*að segja að millibilsástandi sé lok-
ið?*

„Kannski ekki alveg. Áður en kjölfestufjárfestar komu að félaginu hélt ríkið á stórum hlut, um 70 prósent. Þessir aðilar hafa keypt rúmlega 52% og Eignasafn Seðlabankans heldur enn á um 20% hlut. Kaupendurnir eiga forkaupsrétt á þeim hlut. Þannig að nú eiga umræddir kjölfestu-fjárfestar félagið ásamt Eigna-safni Seðlabankans, Glitni og Ís-landsbanka. Það gefur augaleið að Glitnir, sem er í eðli sínu slita-stjórn, og Seðlabankinn munu á einhverjum tímapunkti selja hluti sína.

Innlend og erlend samkeppni

Aðspurður um samkeppni á markaði trygginga segir Her-mann hana harða. Þar séu fjórir sterkir aðilar, og vísar meðal annars í þá sókn sem var gerð að við-skíptavinum Sjóvár. „Við finnum einnig fyrir því í útboðum og öðru að það er hart tekist á. Samkeppni endurspeglar fyrst og fremst heil-brigðan markað,“ segir Hermann.

Hann segir að ekki megigleyma því að innlendu félögin eiga líka í samkeppni við erlend trygg-ingafélög. „Hún er sérstaklega mikil í líf- og söfnunarlíftrygg-ingum. Við ætlum að efla þessa þjónustu hjá Sjóvá og vera áfram

samkeppnishæf gagnvart þessum erlendu aðilum. Markaður með líftryggingar er lítt mettur á Ís-landi og hefð fyrir þeim er ekki löng,“ segir Hermann.

Í þessu sambandi gagnrýnir Hermann aukna skattlagningu á fjármálakerfið, einkum fyr-irhugaða skatta þar sem verður farið eftir launakostnaði fjár-mála- og váttryggingafélaga. „Ef skattur verður lagður á annað en tekjur eða hagnað þá mun hann aðeins falla á innlenda starf-semi, en ekki erlenda. Það þykir mér varhugaverð ráðstöfun sem mun skekkja samkeppnisstöð-una.“ Skattlagning á launakostn-

að muni því aðeins leiða til herra verðlags trygginga, og að trygg-ingafélög færi hluta af starfsem-inni út úr rekstrinum. Því fylgi færri störf og að ábatinn af starf-seminni verði fluttur úr landi sem og hagnaður.

Vantrygð þjóð

Hermann segir ýmislegt hafa breyst eftir hrunið. Í þrenging-unum hafi bæði fyrirtæki og ein-staklingar sagt upp tryggingum í því skyni að draga saman seglin eins og unnt er. „Það hefur leitt til þess að í dag er samfélagið van-tryggt. Að þessu þurfum við að huga vel því sú staða getur komið



Hermann segir samkeppni á tryggingamarkaði mikla, og þar sé bæði keppt við innlenda og erlenda aðila.

VB MYNDIR/BIG

“

Það er rétt að halda því til haga að aðgerðir ríkisins komu á engan hátt fyrri hluthöfum eða lánardrottnum til góða. Það var fyrst og fremst verið að verja hagsmuni tjónþola.

irtæki tekur þú?

„Eitt af því sem mér fannst spennandi þegar mér var boðið starfið var að ég hef þekkt Sjóvá lengi og var hér viðskiptamaður til margra ára. Það er áhugavert verkefni fyrir mig að takast á við rekstur félags með langa og glæsi-lega sögu frá 1918. Einungis lítill hluti þeirrar sögu hefur sett blett á félagið. Ég merki það líka að fólk almennt heimfærir þann tíma ekki beint upp á Sjóvá heldur frekar eigendur félagsins á þeim tíma.

Annað sem gerir félagið heillandi er að í dag er kominn kjölfestufjárfestir til langs tíma að félaginu, sem er í mjög dreifðri eignaraðild lífeyrissjóða og ein-staklinga. Metnaður þeirra fyrir hönd Sjóvár er mikill og það verður spennandi að vinna með þeim að frekari uppbyggingu. Þetta eru aðilar sem líta meira til framtíðar heldur en þeir sem voru hér í millibilsástandi. Við slíkar kring-umstæður eru ekki teknar mjög stórar skuldbindandi ákvarðanir. Markmiðið var fyrst og fremst að halda sjó.“ Hermann vísar þar í aðkomu ríkisins að Sjóvá og eign-arhaldi þess.

Þú talar um millibilsástand. Í dag á ríkið enn hlut í Sjóvá í gegnum Eignasafn Seðlabankans. Er hægt

*Finnur þú fyrir ríkinu sem eig-
anda?*

„Nei.“

Kerfisleg áhætta í gjaldþroti

*Sú ákvörðun að bjarga Sjóvá hef-
ur verið gagnrýnd harðlega, með-
al annars af forstjórum annarra
tryggingafélaga, sem telja aðgerð-
ina inngríp á samkeppnismark-
aði. Telur þú ákvörðun ríkisins að
bjarga Sjóvá rétta?*

„Það er eðlilegt að mínu mati að gagnrýna inngríp sem verða með þessum hætti. En gagnrýnin verður að vera ábyrg. Á þessum tíma var Sjóvá með um þriðjungshlut á tryggingamarkaði. Það fólst því kerfislæg áhætta í því ef félagið yrði gjaldþrota. Hugsanlega hefði allt að þriðjungur heimila og fyr-irtækja staðið uppi ótryggður ef ekkert hefði verið að gert. Beinn kostnaður samfélagsins hefði því orðið mun hærri og mikil óvissa hefði skapast um tryggingalegt uppgjör. Það er rétt að halda því til haga að aðgerðir ríkisins komu á engan hátt fyrri hluthöfum eða lánardrottnum til góða. Það var fyrst og fremst verið að verja hagsmuni tjónþola.“

Tryggir viðskiptavinir

Hermann fullyrðir að önnur tryggingafélög hafi sótt hart að við-skíptavinum Sjóvár þegar tækifæri til þess gafst. Viðskiptavinir félagsins hafi hins vegar mjög margir haldið tryggð við fyrirtækið. Að sama skapi hafi starfsfólk unnið gott starf við að halda viðskiptavinunum. Aðspurður hvort viðskiptahópurinn á þessum markaði sé kvikur, svarar hann því bæði játandi og neitandi. „Það er stór hópur viðskiptavina sem heldur tryggð við félagið vegna þjónustunnar að miklu leyti. Hins vegar, komandi úr öðrum geira, þá finnst mér tryggingageirinn vera of tilboðsdrifinn.“ Þar á Hermann við að fleiri þættir en verð hafi áhrif þegar kemur að vali á tryggingafélagi. Það skipti máli í stóru myndinni, segir Hermann.

Í fréttum RÚV í vikunni var greint frá því að Fjármálaeftirlitið hefði til skoðunar meinta markaðsmisnotkun tryggingafélaga, þar sem reynt sé með kerfisbundnum undirboðum að koma í veg fyrir að viðskiptavinir skipti um tryggingafélag. Kannist þið við þessa rannsókn og eru þessir viðskiptahættir stundaðir?

„Þessi frétt kom okkur á óvart og það var okkar fyrsta verk að hafa samband við FME og spyrja hvort einhver rannsókn væri í gangi. Þar var okkur tjáð að svo væri ekki,“ segir Hermann. Viðskiptablaðið leitaði til hans með spurninguna eftir frétt RÚV.

„Ég kannast ekki við að óeðlilegir viðskiptahættir séu stundaðir. Ég hef hins vegar áður nefnt þá skoðun mína að tryggingamarkaðurinn sé of tilboðsdrifinn. Það er mikilvægt í samtryggingarkerfi að allir borgi í samræmi við áhættu, tjónasögu og viðskiptasögu almennt. Það má ekki fórna þessum sjónarmiðum á kostnað sam-keppninnar. Um það vil ég standa vörð.“

upp hjá okkur öllum að það reyn-ist afdrifaríkt að vera án nauðsyn-legra trygginga,“ segir hann.

Sem dæmi um vantryggingu nefnir hann að bílaflotinn hef-ur elst. „Það hefur leitt af sér að kaskótryggingum er sagt upp. Það sama má segja um líftryggingar. Ungt fólk hefur sagt þeim upp því það lítur svo á að það geti verið án þeirra. En það er auðvitað slæmt ef eitthvað óvænt kemur upp á og tryggingarnar eru ekki til staðar. Þróunin er mjög áberandi á mark-aðinum öllum,“ segir Hermann. Að einhverju leyti sé hún skiljan-leg, fólk reyni að ná endum saman. Þróunin sé hins vegar hvorki holl né góð verði hún viðvarandi.

Hvað geta tryggingafélögin gert til þess að breyta þessari þróun?

„Það er eitt af okkar stóru verk-efnum í dag. Að vinna að því með viðskiptavinum okkar og fara yfir tryggingavernd þeirra. Það er ekki síður á okkar ábyrgð að benda fólki á sé það án mikilvægrar verndar. Þá getur sá aðili metið hvort hann vilji gera úrbætur. Til dæmis þarf að huga að því hvort innbústryggingin, sem tekin var



Fyrirtæki og einstaklingar hafa dregið saman seglin í kjölfar hrunsins. Afleiðingarnar eru þær að þjóðin er í dag vantryggð, segir Hermann.

fyrir fimm eða tíu árum, sé enn í takt við verðmæti innbúsins. Það eru allar líkur á að verðmætin hafi aukist til muna. Í slíku tilviki er umræddur aðili vantryggður.“

“

Það sem mun koma mönnum af stað er von um aukna arðsemi og stöðugra umhverfi en er í dag. Eðlilega þarf fjárfestir að gera hærri kröfu um ávöxtun en hann gerir þegar peningarnir liggja á bankabókum. Það þarf því að vera regluverk sem styður slíkt.

Einsleitar fjárfestingar
Um fjárfestingarkosti Sjóvár segir Hermann ávöxtun í dag vera einsleita og tækifærin fá. Á móti sé þó ávöxtunin trygg, enda einkum í ríkisbréfum og öðrum tryggum pappírnum. „Ávöxtun á markaði í dag er því ekki mikil. Það er mjög mikilvægt að umhverfið hér fari að breytast og sparnaður landsmanna fari að nýttast í atvinnuuppbyggingu. Um leið og það gerist mun það hafa jákvæð áhrif á atvinnulífið og landsmenn alla vegna atvinnuuppbyggingar, sem við þurfum nauðsynlega á að halda,“ segir Hermann.
Frá því að hann tók við starfi forstjóra hefur hann heimsótt útibú Sjóvár á landsbyggðinni, og viðskiptavinum þeirra. „Það er gaman að hitta þessa aðila, ekki sist þá sem eru í framleiðslu og hafa með elju og dugnaði haldið sjó á erfiðum tímum. Þetta er sá þróttur sem einkennt hefur okkur Íslendinga og við verðum að passa að missa hann ekki niður.“
Hann segir mikilvægt að þessir rekstraraðilar fái fjármögnun. Þar sé hlutverk banka og fagfjárfesta, líkt og lífeyrissjóða og tryggingafélaga, mikilvægt. „En hvatinn til þess að fjárfesta er allt of takmarkaður og umhverfið styður ekki við bakið á þeim sem vilja leggja sitt af mörkum. Það sem mun koma mönnum af stað er von um aukna arðsemi og stöðugra umhverfi en er í dag. Eðlilega þarf fjárfestir að gera hærri kröfu um ávöxtun

Greitt eftir áhættusækni
Þróun trygginga í heiminum hefur verið í þá átt að áhætta er metin í auknum mæli niður á þengri áhættuþætti og hegðunarmynstur fólks. „Þó að tryggingar séu í eðli sínu samtryggingamarkaður þá er þróunin sú að áhætta er vegin og metin í þengri hópum, byggt á forsendum sem fyrir liggja,“ segir Hermann og visar í tjónsatburði og hlutfall tjóna. „Við erlendis nýta tryggingafélög eigin tjónaupplýsingar, sem hafa forspárgildi, til að stilla betur verðlagningu miðað við áhættu. Þannig greiða þeir sem stunda áhættusamara lífni herra verð í takt við þann lífstíl sem þeir kjósa. Þeir sem kjósa varkárara líf njóta lægri verðlagningar. Í dag er orðið auðveldara að verðleggja út frá gefinni reynslu. Þannig borga einstaklingar sem réttast verð.

en hann gerir þegar peningarnir liggja á bankabókum. Það þarf því að vera regluverk sem styður slíkt,“ segir Hermann.
Hvatinn mikilvægur
Nú eru þrjú ár frá hruni. Sérðu þetta vera að breytast í dag, að bankar og fagfjárfjárfestar séu í auknum mæli tilbúnir til þess að fjárfesta í atvinnulífinu?
„Nei, ekki ennþá. Það er hættulegt og hver mánuður sem líður

hefur í för með sér vannýtt tækifæri. Fjármagnið er til staðar, en það þarf annað og meira til. Fjármagnseigendur verða að hafa trú á því að fjármunum þeirra sé vel varið.“ Hann telur að þegar hjólin fari aftur að snúast muni það hafa mikil áhrif á afkomu banka- og tryggingageirans.
Hverra er það að bæta stöðuna? Er það stjórnvalda, eigenda fyrirtækjanna eða fjárfesta?
„Ég tel það vera blöndu af öllu. Eins og bent hefur verið á styður núverandi skattaumhverfi ekki við nauðsynlegar breytingar. Menn sjá sér engan hag af því að koma að borðinu og hafa jafnvel efasemdir um að regluverkið haldist óbreytt. Þetta heyrir maður til dæmis hjá erlendum aðilum.“
Hann bendir á að til viðbótar við hvatalítið umhverfi séu mörg fyrirtæki í samkeppni við önnur sem heyri undir banka. Slíkt dragi úr hvata stjórnenda til að reka fyrirtækin á viðskiptalegum forsendum. „Það er nauðsynlegt að lágmarka þann tíma sem fyrirtækin heyra undir lánardrottna eins og kostur er. Rekstraraðilar eiga að hafa beinan hag af rekstrinum. Bankarnir verða því að hraða vinnu sinni og passa að skilja ekki við félögin of skuldsett.“
Hermann segir að þegar menn séu í skjóli einhverra annarra geti það af sér lítinn kraft. Að hans mati sé það einmitt drifkrafturinn sem einkenni Íslend-

inga og sé þeirra helsti styrkleiki. Hins vegar hafi dregið úr honum að undanförunu.
Aukinn kostnaður
Innan bankanna og tryggingafélaga heyrast þær raddir að kostnaður við eftirlit hafi aukist mikið. Takið þið eftir þessari hækkun og hefur hún áhrif?
„Aukningin er augljós, en um tímabundið ástand að ræða að sögn Fjármálaeftirlitsins (FME). Það sem þeir glíma við er að uppfylla alþjóðlegar kröfur á sama tíma og unnið er að rannsókn-um vegna fortíðarinnar. Þegar FME nær utan um þetta þá fer vonandi að siga úr blöðrunni, sem er uppblásin í dag.“
Hann segir að því megi ekki gleyma að FME sé partur af fjármálakerfinu. Öflugt eftirlit sé nauðsynlegt. Hann tekur fram að samskipti Sjóvár við FME séu bæði fagleg og góð. „En þetta er dýrt, það er klárt.“
Hermann segir að það sem af er ári sé ánægja með rekstur Sjóvár og hann skili hagnaði. Hann leggur áherslu á að nauðsynlegt sé að huga að hefðbundinni starfsemi og að hún skili sínu. „Við þurfum að vera vakandi fyrir að verðleggja okkar vörur rétt. Á árum áður var það fjárfestingahliðin sem stóð undir rekstri tryggingafélaga á Íslandi. Í dag þurfum við að einbeita okkur að váttryggingarekstrinum og að hann standi undir sér. Þar gengur okkur vel,“ segir Hermann.

25x
1.000.000

**AFMÆLIS
LEIÐUR**

Íslensk getspá fagnar 25 ára afmæli í ár. Af því tilefni bætum við 25 vinningum við í desember, einni milljón fyrir hvert ár. Ef þú kaupir 10 raðir í Lottó eða Víkinga-lottó, eða ert í áskrift, áttu möguleika á að vinna einn eða jafnvel fleiri af þessum veglegu afmælisvinningum.

**Geymdu lukkunúmerið þitt vel
– við drögum á aðfangadag!**

Nánar á lotto.is

60
MILLJÓNIR.

SKREYTTUM MEÐ MILLJÓNUM!

Sexfaldur Lottópottur stefnir í 60 milljónir.
Leyfðu þér smá Lottó!



FLICR/SIA



facebook

Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is

Kjaramál Kjör viðskiptafræðinga og hagfræðinga fara batnandi

Laun hækkað um 64 þúsund frá hruni


Laun viðskiptafræðinga og hagfræðinga hafa hækkað frá hruni ef stuðst er við miðgildi sem mælikvarða en lækkað ef stuðst er við meðaltöl. Mælikvarðarnir eru í einnig í mótsögn varðandi launamun kynjanna.

G. SVERRIR ÞÓR
sverrirth@vb.is


Heildarlaun viðskiptafræðinga og hagfræðinga hafa hækkað frá hruni ef marka má miðgildi þeirra samkvæmt launakönnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Könnunin var birt í gær en þar kemur fram að miðgidli heildarlauna var á þessu ári 604 þúsund krónur en í fyrra 600 þúsund og hrunárið 2008 var það 540. Þetta á við um bæði kyn en athygli vekur að ef eingöngu er litið til þróunar árána 2009, 2010 og 2011 hefur kynbundinn launamunur aukist á ný á meðal viðskiptafræðinga og hagfræðinga eftir að hafa dregist saman á milli 2008 og 2009.

Nánar verður fjallað um launamun kynjanna í hliðargrein en athygli vekur einnig að þegar stuðst er við hinn mælikvarðann, meðallaun, kemur hins vegar í ljós að laun viðskiptafræðinga og hagfræðinga hafa lækkað á milli ára og sömuleiðis að hlutfallsleg lækkun launa karla er meiri, 1,39%, en hlutfallsleg lækkun launa kvenna, 1,05%, á milli ára. Þessir tveir mælikvarðar eru því í mótsögn hvor við annan en þá ber að líta til þess að yfirleitt er frekar stuðst við miðgildi þegar lagt er mat á launaþróun enda geta öfgakenndar tölur, svokallaðir útlagar, brenglað meðaltölin. Þegar litið er til meðaltalsþróunar launa beggja kynja saman kemur í ljós að meðallaun hafa lækkað um tæp 2,9% á sama tíma og vísitala neysluverðs hefur hækkað um 1,9%. Kaupmáttur þessara hópa hefur því

Miðgildi heildarlauna viðskiptafræðinga og hagfræðinga á mánuði



Heildarlaun eftir starfsheiti



minnkað á milli ára. Meðallaun viðskiptafræðinga og hagfræðinga voru 648 þúsund krónur á mánuði á þessu ári en 667 þúsund krónur á því síðasta.

Endurskoðandi með MBA


Ýmissa grasa kennir í launakönnuninni og má þar t.d.

nefna að reiknuð eru út laun á vinnustund miðað við prófgráður og þá vekur athygli að þeir sem kosið hafa að fara í mastersnám í stað MBAnáms eða cand.oecon. hafa veðjað á rangan hest. Þeir sem hafa lokið mastersgráðu fá að meðaltali 3.452 krónur í tímakaup en þeir sem hafa

lokið cand.oecon. fá 3.825 og þeir sem hafa MBA-gráðu hafa 4.091 krónu á tímenn. Þeir sem hafa lokið doktorsnámi fá 4.167 krónur á tímenn en á móti kemur að þeir vinna yfirleitt um 10 tímum lengur í viku hverri en aðrir.

Sömuleiðis má lesa út úr könnuninni að það virðist borga sig fyrir viðskiptafræðinga að stefna að löggildingu sem endurskoðendur en löggiltir endurskoðendur eru að meðaltali með 1 milljón króna í mánaðarlaun. Aðeins ein stétt kemst í námunda við það en það eru forstjórar og framkvæmdastjórar sem að meðaltali þéna um 850 þúsund.

Heildarlaun eftir prófgráðu




Laun kvenna lækka

Miðgildi heildarlauna kvenna á meðal viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur lækkað á milli ára samkvæmt könnun FVH. Á þessu ári var miðgildið 540 þúsund krónur en í fyrra var það 550 þúsund. Árið 2009 var það 547 þúsund krónur. Þetta mun vera í fyrsta skipti síðan gagnasöfnunin hófst sem laun kvenna í félaginu lækka á milli ára. Þar sem miðgildi launa karla hefur hækkað á sama tíma hefur launamunur kynjanna aukist eftir að hafa dregist saman frá 2008-2009. Árið 2008 munaði 100 þúsund



Sigríður Hallgrímsdóttir, formaður fræðslunefndar FVH, stýrði fundi um kjaramál á Grand Hótel í gær.

krónum á miðgildum kynjanna en 89 þúsundum árið 2009. Í fyrra var munurinn svo 100 þúsund á ný en 121 þúsund árið 2011.



TÖLFRÆÐI FJÖLMIÐLA Útbreiðsla dagblaða

Að ofan má sjá gamalkunna bólubungu, en þar gefur að líta útbreiðslu dagblaða á hverja 1.000 íbúa landsins, skipt eftir því hvernig dreifingunni er háttað, seld blöð og fríblöð.

Þegar á síðasta áratug liðinnar aldar var farið að draga úr útbreiðslu dagblaða eftir því sem dauðastrið gömlu flokksblaðanna ágerðist. Þegar fríblaðið Fréttablaðið kom til sögunnar minnkaði hún enn örur.

Útbreiðsla fríblaða hefur vissulega minnkað eftir hrun, en á síðasta ári var hún þó helmingi meiri en útbreiðsla seldra blaða.

Samanlögð er útbreiðslan afar svipuð því og gerðist fyrir 20 árum, um 400 blöð á hvert þúsund Íslendinga. Munurinn er sá að nú er aðeins um þriðjungur sem velur sér blaðið sitt, hinir fá það bara inn um lúguna.

TOPP 10 Viðmælendur á ljósvaka		
Vikan 1.12.2011 - 7.12.2011		
	Fyrri vika	
1	Steingrímur J. Sigfússon	2
2	Katrín Júlíusdóttir	—
3	Kristján Þór Júlíusson	—
4	Sigríður Ingibjörg Ingadóttir	—
5	Árni Páll Arnason	—
6	Björn Valur Gíslason	—
7	Guðbjartur Hannesson	7
8	Gylfi Arnbjörnsson	—
9	Höskuldur Þór Þórhallsson	—
10	Páll Egill Winkel	—

EFST Á BAUGI

FJÖLMIÐLAVAKTIN



Viðmælendalistinn hefur verið sæmilega kvikur, en fyrst og fremst litast hann af umræðum inni á Alþingi, eins og títt er á fjárlagaaðventunni. Sú þrætubók endurspeglast á lista umfjöllunar-efna, en helsta einstaka málið sem þar hefur náð í gegn er þörfin á rúmbetri fangelsum.

HEIMILD: FJÖLMIÐLAVAKT CREDITINFO.

TOPP 10 Umfjöllunarefni fjölmiðla		
Vikan 1.12.2011 - 7.12.2011		
	Fyrri vika	
1	Vinstrihreyfingin-Grænt framboð	1
2	Samfylkingin	2
3	Alþingi	3
4	Fjármálaráðuneyti	7
5	Innanríkisráðuneyti	4
6	Sjálfstæðisflokkurinn	8
7	Embætti sérstaks saksóknara	—
8	Glitnir Banki hf (skilanafnd)	—
9	Hæstiréttur Íslands	—
10	Lögreglustjórinn á höfuðbsv.	—

FJÖLMIÐLAR

Hið heilaga orð



Fastur liður í tilverunni er útvarpsmessan klukkan ellefu á sunnudagsmorgnum. Ég reyni iðulega að leggja við hlustir því mér finnst mjög áhugavert að hlusta á hvaða skilaboðum prestar landsins vilja koma áfram til þjóðarinnar. Það hlýtur að vera stór dagur í lífi hvers prests þegar útvarpað er beint frá kirkju hans og því geri ég ráð fyrir að predikunin fyrir útvarpsmessuna sé vel undirbúin og prestarnir séu mjög meðvitaðir um að skilaboðin ná langt út fyrir söfnuð þeirra.

RÚV reynir að dreifa útsendingunum milli trúfélaga og er gaman að fá innsýn í aðra siði og venjur en í hinn hefðbundnu þjóðkirkju. T.d. er gaman að heyra hversu misjafnt hlutverk tónlist hefur eftir kirkjum.

Inntakið í flestum predikunum veldur mér þó oftast vonbrigðum, háfleg helgislepja sem nær ekki til mín. Þarna er því á ferðinni algjörlega vannýtt tækifæri presta til að bæta ímynd sína og kirkjunnar.

Eftir að hafa hlustað á predikanirnar um árabíl lét ég loks verða af því að skrá mig úr þjóðkirkjunni og það sorglega var að predikanirnar urðu til þess að gera mig mun vissara í minni sök

isvaldið að því leyti styðja hana og vernda. Breyta má þessu með lögum.“ Hann gagnrýnir þjóðkirkjuna, sem hann segir í raun vera stofnun sem rekin sé af hinu opinbera og fái umboð sitt fyrst og



um að þjóðkirkjan væri ekki rétti staðurinn fyrir mig.

Hjörtur Magni er einn fárra presta sem hafa nýtt tækifærið í útvarpsmessunum og lagt áherslu á að koma sínum skilaboðum á framfæri. Hann berst fyrir því að fá viðurkenningu á frikirkjunni í samræmi við þjóðkirkjuna. Í 62.gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hin evangelíska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal rík-

fremst frá hinu veraldlega valdi. Predikun Hjartar varð til þess að ég tók skrefið til fulls út úr þjóðkirkjunni.

Ég vona að útvarpsmessan komi til með að vera ávallt á dagskrá því þetta er frábær dagskrárliður sem er góð byrjun á góðum sunnudögum og vekur mig ávallt til umhugsunar.

Höfundur er blaðamaður.

FJÖLMIÐLARÝNI

ANDRÉS MAGNÚSSON
andres@vb.is

Óréttmætar fréttir

in helsta frétt vikunnar var að nafntogaður frægðarmaður og unnusta hans hefðu verið kærð fyrir nauðgun, en þau neita sök og segja ekkert hafa gerst með nauðung. Fréttin var raunar fram komin áður, en það var ekki fyrr en maðurinn var nafngreindur sem hún fékk vængi. Utan félagsmiðlanna hafa Pressan og DV fjallað mest um þau, oft af meiri þrótti en tíðkast um mál af þessu tagi, en frægð mannsins hefur þar auðvitað sitt að segja.

Fréttaflutningurinn og umræðan hafa verið mjög misgeðfæld. Þannig hefur verið ónotalegt að lesa fréttir í DV, þar sem lagt hefur verið út af því að einhver fyrirtæki kunni að bera tjón af því að „vörumerkið“ sé laskað.

Einnig má nefna fréttir og (skipulagða?) orðasveima um málsatvik, að ekki sé minnst á ótrúlega fullyrðingagleði á ýmsa lund, þar sem menn hafa óhikað stillt sér upp með eða móti kæranda eða hinum kærðu.

Við blasir að enginn hefur nein- ar forsendur til þess að leggja neitt mat á atburði eða trúverðuleika málsaðila í svo viðkvæmu og torveldu máli. Ekki frekar en í nokkru öðru sakamáli af þessu tagi. Það þarf einfaldlega að rannsaka og fara sína leið á vegum réttvísinnar. Þar hafa fjölmiðlar engu við að bæta og enn síður hrópendur á götuhornum netsins.

Í gær tók steininn úr þegar Pressan birti mynd af kæranda og öðrum hinna kærðu, að því er virtist í atlotum, en andlitin höfðu verið gerð óþekkjanleg. Af slíkri mynd kunna lesendur að hrapa að ályktunum, þó hún sanni bersýnlega ekkert um það sem kann að hafa gerst síðar, en vafalaust var myndinni komið á framfæri við Pressuna einmitt í þeim tilgangi: til þess að hafa áhrif á almenningsálitið. Um leið er þá reynt að mynda þrýsting á löggæsluna, jafnvel dómsvaldið, en um það eru ýmis dæmi á undanförunum árum og hreint ekki útilokað að slíkar vélar í fjölmiðlum hafi afvegaleitt réttvísin.

Allt þetta vita Pressumenn, sem eru þaulreyndir fjölmiðlamenn. Jú, það er freistandi að birta slíka mynd og alveg öruggt að hún mun þykja frétt næm, en það væri rangt. Það kom enda skýrt fram hjá Steingrími S. Ólafssyni ritstjóra Pressunnar í afsökunarbeiðni til lesenda eftir að myndin var fjarlægð af síðum fréttavefjarins. Hann tók fulla ábyrgð á þeim mistökum, sem fólust í birtingunni, og það var hraustlega gert. En það er enn óútskýrt hvernig í ósköpunum það gat gerst, því með einhverjum hætti hafa menn réttlætt lágkúruna á sínum tíma.

Á mánudag voru sendar út tvær fréttatilkynningar með stuttu millibili, sem fjölmiðlar voru duglegir við að endurbirta. Þær endurspeglu vafalaust ástand og horfur í íslensku þjóðfélagi vel. Svona fyrir þá sem kunna að lesa í slíkt. Sú fyrri var „13 einstaklingar sóttu um starf forstjóra Bankasýslu ríkisins“ en sú síðari „31 sótti um embætti listdansstjóra“.

Meiri athygli vakti hins vegar úrsögn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur úr Samfylkingunni, en hún var um hríð formaður flokksins. DV sagði þessa frétt í gær og urðu ýmsir til þess að éta það upp, aðrir létu í ljós viðbrögð og svo framvegis. Þessi frétt reyndist vera röng, Ingibjörg Sólrún hefur hreint ekki sagt skilið við flokk sinn, eins og Ríkisútvarpið gat upplýst eftir að hafa hringt í hana í vinnuna í Ka-búl.

Það er hins vegar illskiljanlegt að DV skuli hafa farið fram með þessa röngu frétt, því blaðið hefur augljóslega ekki haft neitt fyrir sér annað en einhvern söguburð ónafngreindrar heimildar.

Af langri frétt Sólrúnar Lilju Ragnarsdóttur verður ekki séð að reynt hafi verið að leita staðfestingar hennar hjá Ingibjörgu sjálfri, en á hinn bóginn er nokkru rými varið í að vitna til Kjartans Valgarðssonar, formanns Samfylkingarfélags Reykjavíkur, sem varðist fimlega og vildi ekkert staðfesta um úrsagnir einstakra manna. Af orðum hans mátti þó skilja að svo margar úrsagnir bærust flokknum í viku hverri að hann ætti fullt í fangi með að henda reiður á.

Það að ekki var loku fyrir það skotið að Ingibjörg Sólrún væri á meðal hinna fjölmörgu, sem yfirgefið hafa flokkinn í vikunni, er ekki nægilegur grundvöllur fréttaskrifa af þessu tagi.

Enn síður þegar haft er í huga að fréttin varðar ekki aðeins félagslíf aldins áhrifamanns, heldur væri hún stórpólitísk — ef rétt reyndist — og kallaði á nánari útskýringar formannsins fyrirverandi. Þessi frétt varð að biða staðfestingar Ingibjargar Sólrúnar.

Það er nefnilega ekki nóg að frétt gæti verið sönn, það er einmitt hlutverk fjölmiðla að ganga úr skugga um sannleiksgildi frásagna áður en þeim er miðlað til fjöldans.

Eins er ekki nóg að frétt sé bæði sönn og forvitnileg til þess að hana megi eða eigi að birta, birtingin þarf að vera réttmæt líka. Á því flaskaði Pressan.



Úr krananum

Já, þeir kunna þetta sko í Noregi! Þeir kunna sko að ala lax í kvíum! Auðvitað viljum við laxeldi á Íslandi! Þetta er svo frábær viðskiptahugmynd! Þetta er í hnotskurn innihald gegndarlausrar kranablaðamennsku fréttastofu Stöðvar 2 af enn einu íslensku laxeldisævintýri sem nú siglir hraðbyri í að verði að veruleika á Vestfjörðum. Fréttir hafa verið fluttar kvöld eftir kvöld af þessari nýju stóriðju og rætt við þá sem ætla að stýra uppbyggingunni. Svo býður okkar maður á Stöð 2 í umfangsmikla fréttarferð til Noregs, þar sem m.a. er rætt við landa okkar sem hefur rekið fiskeldi þar í landi en hyggst fjárfesta í svipaðri vinnslu fyrir vestan. Sá sér framtíðina bjarta í laxeldi á Íslandi, hægt að skapa fullt af störfum og þéna vel en þó ekki nema takist að slá aðeins á reglugerðakjafstæðið sem virðist vera það eina sem stendur í vegi fyrir því að við náum tökum á laxeldinu eins og Norðmenn.

Ekki dettur fréttamanninum í hug að nefna einu orði hina hlíðina á peningnum, þ.e. afleiðingar laxeldis Norðmanna á náttúruna. Ekki dettur fréttamanninum í hug að nefna það að einn þriðji laxa sem ganga í norskar ár er talinn af eldisuppruna, að milljónir laxa hafa sloppið úr kvíum frá upphafi laxeldis Norðmanna, að laxalús herjar á villta stofna og sjúkdómar eru viðvarandi vandamál. Fyrir nokkru sluppu um það bil sjö hundruð þúsund laxar úr kvíum í Þrændalögum en þar á undan höfðu tæplega tvö hundruð þúsund laxar sloppið úr kvíum í Noregi frá ársbyrjun 2011. Mest hefur sloppið tæp milljón laxa á einu ári og minnst rúmlega hundrað þúsund. Þetta eru skuggalegar tölur. Er þá ótalið það gríðarlega magn sem sleppur árlega úr kvíum í Kanada og Skotlandi. Ástæða er til að nefna að umfangsmiklar rannsóknir hafa farið fram á mögulegum neikvæðum áhrifum eldislaxa sem sleppa út í náttúruna á stofna villtra Atlantshafslaxa sem virðast koma fram bæði í vistfræðilegum- og erfðafræðilegum þáttum. Niðurstöðum þeirra rannsókna verður lýst nánar í öðrum og ítarlegri pistli. Fréttastofur sem ekki geta unnið verkin sín af meiri fagmennsku en gert hefur verið í aðdraganda nýs laxeldisævintýris á Íslandi eiga að halda sig við eitthvað annað. Framkvæmdir sem gætu haft óafturkræfar afleiðingar fyrir náttúruna eiga annað skilið en þennan einhliða fréttalutning. ■

Siglfirðingar með Flókadalsá

Sjö tilboð bárust í silungsveiði á fremsta svæði Flókadalsár og átti Stangveiðifélag Siglfjarðar hæsta tilboðið og var samþykkt að ganga til viðræðna við þá. Fyrir hafði Jón Helgi, kenndur við Byko, haft svæðið á leigu. Að sögn eigenda Flókadalsár hefur silungsveiðin verið á uppleið síðustu fjögur árin en í fyrra veiddust á milli 700 og 800 fiskar. Veitt er á þrjár stangir í efsta hluta árinna og er veiðisvæðið um fimm kílómetra langt.



Stóra bókin um villibráð

Bókaútgáfan Salka hefur gefið út Stóru bókina um villibráð eftir Úlfar Finnbjörnsson matreiðslumann og veiðimann. Bókin er alfræðirit, alls 321 síða að lengd, fyrir allt áhugafólk um nýtingu villibráðar, full af fróðleik og sálkeruuppskriftum, segir í kynningu Söllu. Ljósmyndir eftir Karl Petersson prýða bókina, bæði af réttunum ásamt skýringarmyndum af helstu verkunaraðferðum en teikningar eru eftir Jón Baldur Hlíðberg, og Dominique Plédel Jónsson skrifar kafla um vín með villibráð.



Stangaveiði Nýjar veiðibækur eftir Einar Fal og Bubba Morthens


Veiðisögur frá tvennum tímum

Salka hefur gefið út bókina Veiðisögur eftir Bubba Morthens og Hið íslenska bókmenntafélag hefur gefið út Íslenskar veiðiár eftir Robert Neil Stewart hershöfðingja.

ARNÓR GÍSLI ÓLAFSSON
ago@vb.is

Peir Bubbi Morthens og Einar Falur Ingólfsson mættu hjá Ármönnum í liðinni viku og kynntu þar veiðibækur sínar sem nýverið komu út. Einar Falur kynnti Íslenskar veiðiár en það er þýðing á bókinni Rivers of Iceland eftir Robert Neil Stewart hershöfðingja en hún kom fyrst út árið 1950 og hefur lengi verið talin til klassískra veiðibókmennta. Margir íslenskir veiðimenn kannast við eða hafa lesið bókina en hún er fyrir margra hluta sakir áhuga-verð eins og fram kom í erindi Einars. Einar lagði land undir fót við vinnslu bókarinnar og heimsótti afkomendur Stewarts á óðalssetri hans í hálöndum Skotlands. Þeir hafa haldið flestu til haga sem tengist veiði Stewarts, ekki bara veiðigræjunum, heldur var áhugavert að sjá myndir Einars af fjölmörgum og nákvæmum veiðidagbókum Stewarts frá Íslandi, fjölda gamalla mynda sem hann tók hér á Íslandi sem margar prýða bókina auk teikninga og frétta úr gömlum íslenskum dagblöðum; sem vonlegt er þótti mörgum Íslendingum snemma á síðustu öld það hin furðalegasta iðja að stunda veiði á stöng yfir hábjargræðistimann, og jafnvel sleppa fiskinum, hvað þá að fódra tófur á nesti sínu. Stewart var gjörkunnugur

Einar lagði land undir fót við vinnslu bókarinnar og heimsótti afkomendur Stewarts á óðalssetri hans í hálöndum Skotlands.



öllum aðstæðum hér, veiddi fyrst hér á landi árið 1912 og allt fram til 1957. Hann leigði um langt árabil veiðiréttinn í Hrútafjarðará og Síká. Lýsingar Stewarts á samgöngum hér á landi, á sveitabæjunum þar sem hann dvaldi og fólkinu sem hann kynntist, eru ekki síður merkilegar en næmar lýsingar hans á veiðiánum, fiskum og fuglalífi, veiðiskap og íslenskum fylgdarmönnum erlendra veiðimanna.



Einar Falur Ingólfsson.

Kysstur af veiðigyðjunni við Meðalfellsvatn

Bubbi Morthens las úr upphafs- og loka-köflum nýrrar bókar sinnar, Veiðisögur, sem Salka gefur út. Í upphafskaflanum lýsti hann í stemmingsfrásögn hvernig veiðin fangaði hug hans þegar hann var ungur drengur við Meðalfellsvatn og fékk loks að fara út á bát með föður sínum og bróður. Ekki fékk hann stöng í hendur heldur einungis línu á kefli og var svo beitan dregin eftir bátnum. Hinn ungi Bubbi festi í botni og uppskar auðvitað skammir fyrir; en þegar faðir hans reyndi að losa festuna reyndist vera lax á sem tók stökkið og sleit síðan eftir stutta viðureign. Þar með hafði veiðigyðjan kysst Bubba og ekki varð aftur snúið. Bubbi kemur víða við í sögum sínum, glímir við silung í Meðalfellsvatni og átök við stórlaxaí Rangánum, Norðlingafeljti, Grímsá, Kjarrá, Miðfjarðará, Hítará, Norðurá, Langá, Vatnsdalsá, Stóru Laxá í Hreppum, Hofsa og Laxá í Aðaldal. Bókina prýða myndir eftir Einar Fal Ingólfsson.

Jólagjafir fluguveiðimannsins



Jólagjafahandbókina er að finna á heimasíðu okkar arvik.is.



www.arvik.is



Vignir Þór Sverrisson, í eignastýringu VÍB, og þeir Jóhann Viðar Ívarsson og Ari Freyr Hermannsson hjá IFS Greiningu, fóru yfir væntanlega skráningu Haga í Kauphöllina.

Jákvæðir gagnvart skráningu Haga

VÍB hélt opinn fund á föstudaginn um væntanlega skráningu Haga í Kauphöll Íslands. Vignir Þór Sverrisson, sem starfar við stýringu eigna hjá VÍB, nefndi hversu jákvætt skref þetta væri fyrir íslenska fjárfesta, vonandi væri um að ræða þá fyrstu af mörgum skráningum á næstu misserum. Þeir Jóhann Viðar Ívarsson og Ari Freyr Hermannsson hjá IFS Greiningu greindu loks frá mati sínu

á Högum, með tilliti til skráningarinnar. Þeir vöktu athygli á arðgreiðslustefnu Haga, en til stendur að greiða hluthöfum 45 aura á hlut, með það að markmiði að sú tala hækki á næstu árum. Útboðsgengi Haga verður á verðbilinu 11-13,5 krónur á hlut. Samkvæmt verðmati IFS er verðmatsgengi Haga 13 krónur á hlut auk þess sem áætlað markgengi er 15,5 krónur á næstu 9-12 mánuðum.



Árni Hauksson lét sig ekki vanta á fundinn en hann er einn stærsti eigandi Haga ásamt viðskiptafélaga sínum, Hallbirni Karlssyni.

VB MYNDIR/BIG



Fjöldmenn var á fundinum sem haldinn var í Kaldalóni í Hörpu.



Ingunn Sigurrós Bragadóttir stýrði fundinum og umræðum á eftir.

Mastercraft jeppadekk

Sólning og Barðinn bjóða hin vönduðu dekk frá Mastercraft í Bandaríkjunum.

Dekkin frá Mastercraft eru sérhönnuð fyrir stærri bifreiðar og jeppa, veita hámarks-öryggi og eru á sama tíma einkar hljóðlát.

Vertu því öruggari með Mastercraft undir bílnum.

**Mastercraft
TIRES**

Mastercraft hefur framleitt dekk síðan 1909 og byggir því á yfir 100 ára reynslu.

Afgreiðslutímar í Sólningu, Smiðjuvegi og Barðanum, Skútuvegi

Virka daga **8.00–18.00**
Laugardaga **9.00–13.00**

SÓLNING

Kópavogur, Smiðjuvegi 68–70 | Sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12 | Sími 421 1399
Selfoss, Eyrarvegur 33 | Sími 482 2722

BARÐINN

Skútuvegi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080

www.solning.is www.bardinn.is

ÚR
KJALLARANUM



ARNAR
SIGURÐSSON
vinogvindlar@vb.is

Umboðsvandi

Með svipuðum hætti og Besti flokkurinn bauðst í gríni til að svíkja sín kosningaloforð, virðist norræna velferðarstjórnin hafi snúið hugtökunum „gagnsæi“ og „allt uppi á borðinu“ upp í nokkurs konar andhverfuhugtök. Sennilega eru þó fáar opinberar stofnanir sem endurspeгла andhverfu þessara hugtaka eins vel og Fríhöfnin í Keflavík og hefur svo verið um langt skeið. Engin leið er að átta sig á hvers konar innkaupastefna er í gildi, t.d. hvað ráði vali áfengis.

Sama á við um smásöluálagningu Fríhafnarinnar. Oft hefur komið í ljós að sælgæti hefur verið ódýrara í lágvöruverðsverslunum; afsláttur frá birgjum er nýttur til að hækka álagningu frekar en að lækka verð til neytenda og tímarit eru grímulaust seld á fullu verði þó að virðisaukaskattur ætti að dragast frá útsöluverði. Reyndar virðist allt sælgæti vera dýrara í Fríhöfninni en t.d. í Bónus ef sykur- og virðisaukaskatti er bætt við.

Nýlega var innkaupastjóra vikið frá störfum í Fríhöfninni. Engar fréttir hafa borist af því hvort um eiginleg afbrot í starfi hafi verið að ræða enda virðast engar vinnureglur eða skiljanleg innkaupastefna vera í gildi.

Fáránleikinn í rekstri Fríhafnarinnar hefur þó fleiri birtingarmyndir.



Fyrir það fyrsta hlýtur að mega spyrja þeirrar grundvallarspurningar hvernig sé hægt að réttlæta að fólki sem hefur ráð á að ferðast til útlanda bjóðist tollafríðindi sem öðrum (og efnaminni) bjóðast ekki? Þeim mun fleiri ferðir, þeim mun meiri tollafríðindi! Þvert á móti er þorri almennings skattþindur úr öllu hófi með þeim afleiðingum að heimabrug og smygj fer nú að flokkast sem rötgrónir atvinnuvegir. Til að toppa svo fáránleikann voru tollfríðindi ferðamanna aukin sem hluti af síðustu kjarasamningum. Við hvetjum að sjálfsgöðu aldrei til tollahækkana á ferðamenn heldur ættu allir tollar þvert á móti að hverfa.

Augljóslega eru engin haldbær rök fyrir ríkisrekstri í innflutningi eða smásöluverslun, hvort heldur er innan eða utan flugstöðva, nú eða með rekstri flugstöðva yfir höfuð. ■

Góð kaup

Rolf Johansen á að þessu sinni bestu kaupin. Annars vegar er um að ræða **Malpazo** frá Spáni árgærd 2007, óvenju fínlegt vín frá Spáni á kr. 3850 og fæst í **Heiðrónu**, **Skútuvogi** og **Kringlunni**. Hinsvegar stórkostlegt hvítvín frá **Louis Jadot** sem loksins er fánlegt aftur eftir stutt hlé. Vínid kemur frá bænum **Mersault** í **Burgundy**, árgærd 2008, klassískt fyrir svæðið, feitt og smjörkennt en með góðri sýru. Þótt vínid hafi verið þroskað á eikartunnu er ekki vottur af eikarbragði sem oft getur skemmt fyrir annars góðum hvítvínum. Líklega bestu kaupin hér á landi í hvítvíni í dag frá besta hvítvínssvæði veraldar. Verð kr. 6.740.



Umdeild umhelling

Misjafnar kenningar eru uppi um umhellingu rauðvína. Sumir ganga svo langt að vilja umhella öllu og þar með talið hvítvínunum. Óumdeilt er að megintilgangurinn er að skilja botnfall eftir í rauðvínslöskum því engum finnst gott að fá gruggið með í síðasta sopa. Botnfall er afleiðing þess að tannín, stama efnið úr hýðum vínberja, brotnar niður með tíma og verður að botnfalli. Þykkt hýðis er þó mismunandi og þar með magn botnfalls. Þannig er að öllu jöfnu lítið sem ekkert botnfall í vínunum úr **Pinot Noir** þrúgunni og því óþarfi að umhella slíkum vínunum. Góð vín frá **Burgundy** sem komin eru við aldur geta stórskaðast við umhellingu. Hugsanlegt er að ung vín mýkist lítilliga við að komast í snertingu við súrefni en að öllu jöfnu fá vín nægjanlega öndun af því að sitja í glasi um stund. Það er því umdeilanlegt hvort vínin beinlínis batni.



Hátíð Rauðvín getur verið góður kostur í jólapakkann

Jólagjafavínlisti vínsælkerera

ARNAR SIGURÐSSON
vinogvindlar@vb.is

Úrvalsvín getur glatt marga vínsælkeru á aðfangadag. Hér að neðan er settur fram listi yfir góð vín sem henta vel til tækifærisgjafa.

Fátt hentar betur til jólagjafa en góð rauðvín, sér í lagi sem mótvægi við hvít jól. Eftirfarandi er jólagjafavínlisti vínsælkeru en taka verður fram að sum vín eiga enn eftir að taka út nokkur ár í þroska til að ná hátindi sínum. Vínunum er

ráðað í röð eftir landsvæðum og sérstaklega merkt við þau sem flokkast sem bestu kaupin. Hér erum við ekki frekar en áður að leita eftir ódýrustu vínunum og ágætt að ítreka að innflytjendar vína kaupa ekki

umfjöllun á þessari síðu með beinum eða óbeinum hætti. Fæst þessara vína eru seld í ÁTVR en fást með sérpöntunum svo almenningur fari sér ekki að voða við að versla beint og milliliðalaust við innflytjendur.

Vínlisti

Jól


2011



Bordeaux		VERÐ		
Chateau Pichon Longueville G. Cru	'02	15.937	Þó 2002 væri yfirleitt lakt ár í Bordeaux almennt, tókst hér vel til og vínid um það bil tilbúið til neyslu.	Globus
Chateau Pichon Longueville G. Cru	'05	17.569	Einn af allra bestu árgöngum síðari ára. Góð kaup til geymslu.	Globus
Ch. Clos du Marquis (framleitt af Château Léoville-Las Cases)	'05	7.529	Líklega það vín sem fær hæstu einkun fyrir verðgildi. Frábær kaup.	Globus
Château Léoville-Las Cases	'06	37.649	Eitt af allra bestu vínunum ársins í Bordeaux. Vissulega ekki ódýrt en kostakaup engu að síður.	Globus
Château Ducru Beaucaillou	'06	17.569	Hér skilur lítið á milli í gæðum en mikið í verði samanborið við næsta vín fyrir ofan.	Globus
Château Haut Smith Lafitte	'02	8.784	Hér hafa gæðin verið á hraðri uppleið undanfarin ár. Ljómandi vín sem er tilbúið til neyslu.	Globus
Château d'Yquem Y	'02	25.099	Stórkostlegt vín frá besta sætvínsframleiðanda veraldar.	Globus
Château Guiraud (hálfflaska)	'03	3.995	Gott sætvín á skaplegra verði.	Globus
Búrgundi				
Arnoux Lachaux 1er Cru les Suchots	'08	18.391	Þetta vín er viðmiðunarvín fyrir svæðið, þ.e. enginn framleiðandi gerir betri vín af þessari tilteknu spildu.	Rolf Johansen
Arnoux Lachaux Chambolle Musigny	'08	7.360	„Kvenlegustu“ vínin frá Búrgundi og eitt af þeim betri.	Rolf Johansen
Joseph Drouhin Echezeaux	'09	19.999	Örugg kaup í góðum árgöngum.	Bakkus
Joseph Drouhin Musigny	'09	42.900	Eitt allra besta vín í heimi af þessu eftirsóttá svæði. Burghound gefur þessu víni sjaldséða 96 í einkunn.	Bakkus
Joseph Drouhin Chambolle Musigny Premier Cru „Les Amoureuses“	'09	29.000	Eitt af fágætustu vínunum svæðisins og ætti að flokkast sem Grand Cru.	Bakkus
François Allaines Chassagne-Mont-rachet „Les Chaumees“	'09	6.800	Góð kaup í hvítvíni af betri gerðinni.	Vínekran Bourgogne
Ítalía				
Isole e Olena Cepparello	'06	7.590	Ljómandi vín sem er tilbúið til neyslu.	Rolf Joh.
Tignanello „Super Toscana“	'08	8.784	Þetta vín þekkja Íslendingar vel en árgangurinn þyrfti nokkur ár í geymslu, eitt af því besta frá Ítalíu.	Globus
Púrtvín				
Taylor's	'00	9.580	Aldamótaárgangurinn er frábær til drykkjar nú þegar en mun vafalítið batna enn og hafa söfnunargildi.	Rolf Johansen
Graham's	'91	7.300	Líklega bestu kaupin í góðu púrtvíni sem tilbúið er til neyslu.	Globus
Graham's	'03	8.000	Kröftugt púrtvín sem fer að verða tilbúið.	Globus

Gullnu hlíðar Burgundy

Einn helsti sérfræðingur heimsins í vínunum frá **Burgundy** heitir **Allen D. Meadows** og rekur vefsíðuna **www.burghound.com** þar sem áskrifendur geta flett upp víneinkunnum. Nýlega kom út afar vönduð bók um þann hluta svæðisins sem kallast **Cote d'Or** sem mætti þýða „**Gullnu hlíðar**“ en nafnið er dregið af gullnum lit sem fjallshlíðarnar báðast í þegar kvöldsólar nýtur. Bókin fjallar einungis um þann hluta Burgundy sem er norðan- og sunnanmegin við bæinn **Vosne Romanée**



með sögulegum upplýsingum um svæðið og greinargóðum loftmyndum af öllum mikilvægustu ekrum svæðisins með útlínunum afmörkuðum. Því miður er okkur ekki kunnugt um að bókin fáiist í bókabúðum hérlandis en **Amazon**



þregst ekki og sömuleiðis fæst bókin keypt á **www.burghound.com**

Vinsæl vínglös
Bestu vínglös í heimi eru framleidd af **Riedel** frá **Austurríki** en enginn glasaframleiðandi hefur náð viðlíka árangri í að sameina útlit og notagildi. Hugsanlega eru til skrautlegri glös, en Riedel fær alltaf hæstu einkunn fyrir notagildi hjá víngæðingum og er alltaf fyrsti valkostur.

» vinogvindlar@vb.is



Bryndís Schram, Jón Baldvin Hannibalsson og Stefán Ólafsson höfðu um margt að skrafa.

Jólabókaflóðinu fagnað

Hið árlega jólaboð Forlagsins var haldið með pompi og prakt þar sem rithöfundar, útgefendur og aðrir áhængendur fögnuðu jólabókaflóðinu. Jólaboðið var haldið í verslunar- og lagerhúsnæði Forlagsins við Fiskislóð og lögðu margir leið sína þangað en þetta er í þriðja sinn sem jólaboðið er haldið í þessu húsnæði. Þekktir íslenskir rithöfundar voru fyrirferð-

armiklir meðal veislugesta enda margir sem hafa gefið út í nafni Forlagsins í gegnum tíðina. Flestar jólabækurnar eru komnar út og má gera ráð fyrir að Arnaldur Indriðason verði söluhæstur rithöfundur Forlagsins um jólin eins og fyrri jól. Að sjálfsögðu var gert vel við gesti í mat og drykk eins og venjan hefur verið í jólaboðum Forlagsins.



Jóhann Páll Valdimarsson útgefandi og Elín Hirst sem skráði sögu Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur.

VB MYND/HAG



Nafnarnir Þórarinn Hugleikur Dagsson, sem oftast er kallaður Hugleikur, og Þórarinn Eldjárn.



Valgerður Benediktsdóttir hjá réttindastofu Forlagsins og Þorsteinn frá Hamri skemmtu sér vel.



GLERSÝN

- **Gluggapvottur**
- **Gluggapvottur að innan**
- **Klæðningahreinsun**
- **Ræsting**
- **Húsfélagþjónusta**
- **Gólfbónun**
- **Teppahreinsun**
- **Steinteppeahreinsun**
- **Bílastæðahreinsun**
- **Djúphreinsun gangstétta**

Við sérhæfum okkur í gluggapvotti og leggjum sérstaka áherslu á að viðhafa vönduð vinnubrögð.

Gerum föst verðtilboð og samninga til lengri tíma, hvort sem um er að ræða smá eða stór verkefni.

Glersýn er staðsett að Smiðjuveg 4 í Kópavogi og skrifstofan að Glæsibæ 20 í Reykjavík.

Fáðu tilboð í síma 663 0000 eða glersyn@glersyn.is

www.glersyn.is



Stjörnur skína í hyldýpi

Faðir minn heitinn, **Jökull Jakobsson**, var blaðamaður, útvarpsmaður og rithöfundur sem skrifaði smásögur, skáldsögur og leikrit. Mamma sagði frá því í minningabók um hjónaband þeirra hvernig pabbi sat oft steinhissa yfir greinum og umsögnum gagnrýnenda um verk hans. Hann mátti auðvitað, einsog allir rithöfundar, þola ýmist lof eða last, en það sem vakti undrun hans var hve oft gagnrýnendur blaðanna lásu allt annað út úr verkum hans en hann hafði í huga, þegar hann sat og hamraði á Olivetti-ritvélinu sína.

Sigurður Pálsson orðar þetta svo í hinni snilldarlegu **Bernskubók**



sinni: „Merkling er aldrei endanleg í ritun, hversu mjög sem höfund kann að langa til þess. Merkling verður til hjá hverjum einasta skapandi lesanda.“ Skapandi lesendur eru vitanlega draumur allra höfunda, en gagnrýnendur í tímahraki sem þurfa að sýnast gáfaðir, helst hyldjúpir, eru að sama skapi martröð allra skálda. Þannig hefur verið fjarskalega fróðlegt að fylgjast með umfjöllun um skáldsögu **Vigdísar Grímsdóttur**, **Trúir þú á töfra?**

Það vantar ekki að stjörnum er sáldrað yfir hana, enda verðskuldar Vigdís að minnsta kosti Karlsvagninn í heilu lagi fyrir þessa undursamlegu bók – en flest ábúðarfullu gáfumennin taka vel og rækilega fram að sagan sé ógurlega flókin, margbrotin og torræð. „Þetta er saga í mörgum lögum,“ minnir mig að **Páll Baldvin** hafi sagt, og gaf sterklega til kynna að hann hefði þurft að beita öllum sínum alkunnu ofurgáfum til að ráða gátur Vigdísar.

En saga Vigdísar er hvorki flókin né torræð og það þarf ekki skipstjórnarréttindi á gáfumannaflleytu til að komast í gegnum hana. Þvert á móti: Hún er skínandi tær og fögur og grímm og skemmtileg og óttaleg – og hún er pólitísk, einsog **Kristín Ómarsdóttir** hefur réttilega bent á. Hún fjallar um heim þar sem allir eru fangar og einu undankomuleiðirnar eru skáldskapurinn, vináttan og trúin á töfrana.

Ps. Fyrirsögnin þýðir ekkert sérstakt. Mér fannst hún bara flott.

MEÐMÆLI VIKUNNAR

Með sumt á hreinu. Jakob Frímann Magnússon lítur um öxl eftir Þórunni Erlu-Valdimarsdóttur. Jakob Frímann þekkir vel til á tindinum og kann vel við útsýnið þar, en hefur líka farið um dali og jafnvel þufft að klöngrast um gilskorninga. Yfirleitt stutt í hlátur og hnitmiðaðar athugasemdir. Hér er rokkarinn, baráttumaðurinn, pólitíkusinn, eiginmaðurinn, afhafnaskáldið. Söguna ritar **Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir**, sem kann bæði að skrifa fræði og fantasíu og nú bætir hún við sig frímennsku. Húrra fyrir þeim, sem datt í hug að leiða Jakob og Þórunni saman!

VISKA VIKUNNAR

„Þannig hefur bara þetta líf manns verið. Það hefur hverfst um bækur og fólk, í heimi sem er fullur af fróðleik og fegurð og grimmd, en líka skemmtilegum mannlegum hégóma og allskonar skringilegum varíasjómum.“

BRAGI KRISTJÓNSSON BÓKSALI (F. 1938)
Í MORGUNBLAÐINU 21. JANÚAR 2006.

Ferðabækur Þúsund og ein þjóðleið Jónasar Kristjánssonar

Skoðað kort eins og aðrir lesa skáldsögur

HRAFN JÖKULLSSON

Fyrir aldarfjórðungi fórum við hjónin að fara langar sumarferðir. Kynntumst þá fornri og sérstæðri tilvist, sem felst í að hafa hestinn fyrir heimili og komast í nýjan haga og nýtt vatnsból að kvöldi. Við urðum heilluð af þessum lífsstíl, enda gaf hann óvenju mikla hvíld frá amstri kontóristans,“ segir Jónas Kristjánsson, höfundur stórbókarinnar Þúsund og ein þjóðleið. Þar er þjóðleiðum um Ísland lýst í máli og myndum og þær sýndar á vönduðum kortum. Bókin er 400 bls. í Atlas-stærð, prýdd myndum frá Þjóðminjasafni Íslands af fornum ferðalöngum. Þúsund og ein þjóðleið er gefin út í öskju og henni fylgir tölvudiskur með öllum leiðunum. Þannig geta menn hlaðið þeim í tölvur og staðsetningartæki.

Mikil rannsóknarvinna liggur að baki og grúsk varð að ástriðu: „Kort hafa alltaf verið dálæti mitt. Ég get skoðað kort eins og aðrir lesa skáldsögur. Heillaðist snemma af dönsku herforingjaráðskortunum af Íslandi. Þau eru fegurstu kort, sem ég hef séð. Síðan komu til



Jónas Kristjánsson. Hafði hestinn fyrir heimili á ferðum um fornar slóðir.

MYND/JENS EINARSSON

sögunnar GPS-leiðsögutæki, sem auðvelduðu ferðir og treystu öryggi fólks á ferðalögum. Þá vaknaði hjá mér sú hugmynd að koma þjóðleiðum þessara aldargömlu korta inn í staðsetningartæki. Fyrst kom ég inn leiðum, sem ég ætlaði að fara næsta sumar. Og síðan jókst þetta stig af stigi, uns af varð ástriða. Ég fór að færa inn leiðir þessara korta með skipulegum hætti.“

Landslagið sýnt ljóslifandi

Jónas studdist líka við fjölmörg útivistarkort fyrir einstök héruð og kort úr Árbókum Ferðafélags Íslands, og fékk aðstoð og upplýsingar víða. Þannig urðu til kort af rúmlega þúsund leiðum, ásamt fróðleik um náttúru og sögu. Útkoman er ritverk sem Ólafur Örn Haraldsson forseti Ferðafélags Íslands segir að marki kaflaskil í leiðsögn um Ísland.

„Kortin í bókinni eru í stærðinni 1/100.000 og með 20 metra hæðarlínunum eins og gömlu herforingjaráðskortin. Þau sýna landslagið á ljóslifandi hátt. Þau eru því miklu nákvæmari en flest kort, sem notuð eru í dag,“ segir Jón-

as sem sjálfur hefur farið 250 af þeim leiðum sem kortlagðar eru.

Mikil vinna liggur að baki bókinni og um framhaldið segir Jónas: „Daginn eftir að vinnunni lauk 4. júlí í sumar, fór ég beint í erfiðan hjartauppskurð og hef verið að jafna mig síðan. Ég hef ekki sinnt þessu verki á meðan og geri ekki ráð fyrir að halda því áfram. Það fellur í hlut annarra að fara allar þessar þúsund þjóðleiðir. Ég er orðinn of gamall til að komast yfir alla þá vinnu.“

Mikilvægustu fornleifar á Íslandi

Þúsund og ein þjóðleið nýtist ekki eingöngu hestamönnum og útivistarfólki. Hún er líka fróðleiksbrunnur um náttúru og sögu Íslands. „Í landi fárra fornminja frá landnáms- og Sturlungaöld er gott að eiga allar þessar leiðir, sem flestar liggja nákvæmlega eins og þær hafa legið frá upphafi Íslandsbyggðar. Og gott er að vita af atburðum, sem tengjast leiðum og vörðum, sem lýst er í bókinni. Þessar leiðir og vörður eru mikilvægustu fornleifar, sem til eru á Íslandi,“ segir Jónas Kristjánsson.

“

Það fellur í hlut annarra að fara allar þessar þúsund þjóðleiðir. Ég er orðinn of gamall til að komast yfir alla þá vinnu.

Óliver Tumi, segðu mér sögu

Yngsti rithöfundur Íslandssögunnar er hugsjónamaður.

HRAFN JÖKULLSSON

Óliver Tumi Auðunsson er 6 ára og alveg örugglega yngsti rithöfundur Íslandssögunnar. Hann er höfundur bókarinnar **Óliver Tumi**, segðu mér sögu, og er óhátt



Óliver Tumi. Útgáfugleði á laugardaginn.

að segja að þar fari pilturinn á kostum í fjörugum ævintýrum um stráka og stelpur, bókaorma og uglur, skrímsli og prinsessur.

Guðni Ágústsson fv. ráðherra er afi Ólivers og hann skrifar formála að þessu skemmtilega kveri. Þar kemur fram að Óliver Tumi byrjaði að segja sögur í frístundaheimilinu í Sæmundar-skóla. „Fljótlega fór Óliver Tumi að sýna foringjatakta sem aðallega birtust í því að hann vildi hafa sögustund, fór uppá stól og skáldaði uppúr sér ævintýri. Einn daginn stakk hann uppá því við gæslumanninn að hann skrifaði jafnóðum á blað söguna eða ævintýrið,“ segir Guðni.

Það var svo Óliver sjálfur sem átti frumkvæði að útgáfu, því dag nokkurn tilkynnti hann for- eldnum sínum að hann ætlaði að verða rithöfundur og gefa út jólabók. Og nú er jólabókin hans Ólivers komin út, fallega myndskreytt af **Halli**



Karli Hinrikssyni. Hluti af sölu- andvirði bókarinnar rennur til **Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra**, og var það sömuleiðis hugmynd og krafa hins unga höfundar!

Á laugardaginn klukkan 14 verður útgáfunni fagnað í Eymundsson, Austurstræti. Jólasveinninn mætir af þessu tilefni, sem og **Geir Ólafsson** sem á dögunum gaf út barnaplötuna **Amma er best**. Veislustjóri verður Guðni Ágústsson.

JÓLABÓKAFLÓÐIÐ Nokkrir rithöfundar segja hvaða bækur eru á þeirra óskalista

Svamlað með skáldum í flóðinu

HRAFN JÖKULSSON

Sjaldan hafa fleiri góðar bækur komið út og stjörnum rignir. Viðskiptablaðið fékk nokkra rithöfunda, sem ekki gefa út bækur þetta árið, til að upplýsa lesendur um hvað er á þeirra óskalista.

Óska eftir ljóðum eða fræðibókum í jólagjöf

„Ég keypti mér þrjár nýjar bækur á einu bretti og er að lesa þær allar jöfnum höndum. Þetta eru skáldsögurnar eftir Vigdísí Grímsdóttur, Guðmund Andra Thorsson og Hallgrím Helgason. Þær eru mjög ólíkar, en ég er ánægð með skáldskapinn í þeim öllum,“ segir **Kristín Marja Baldursdóttir**.

„Áður hafði ég keypt Hvernig ég kynntist fiskunum eftir Ota Pavel í þýðingu Gyrðis Elíassonar, hún er líka nýttkomin, og sumir kaflar hennar eru einstakir. Mig langar að lesa ótal fleiri bækur sem eru að koma út núna en ætla aðeins að hinkra, sjá hvað ættingjarnir fá í jólapakkann. Ég hef hins vegar óskað eftir ljóðabókum eða fræðibókum í jólagjöf, ég legg það ekki á mig að fara í uppnám á jólanóttu.“

Litríkar minningar lygilegri en skáldskapur

„Ég bæði hlakka til og kvíði fyrir að lesa Jójó eftir Steinunni Sigurðardóttur, því ég held að hún sé svo sterk. Þetta er ekki bók sem ég ætla að lesa í sætleikanum fyrir eða um jólin heldur yfir römmum kaffibolla í janúar. Reyndar gildir eitthvað svipað um Hálendið eftir Steinar Braga nema hvað ég ætla að biða með að lesa hana þangað til sonur minn hættir á brjósti,“ segir **Auður Jónsdóttir**.

„Mig blóðlangar að lesa Bónusstelpuna eftir Rögnu Sigurðardóttur. Allt sem ég hef lesið um þessa bók hljómar girnilega, bara eins og hún sé skrifuð ofan í mig. Listastelpa að gera kraftaverk á kúnnunum við kassann í Bónus – þetta gerist ekki safaríkara.

Svo mæli ég með Götumálaranum eftir eiginmann minn, Þórarín Leifsson. Hún er byggð á litríkum minningum sem ég hef heyrt glefsur úr í gegnum tíðina, bæði úr munni höfundar og mömmu hans. Sagan, sem fjallar um flækingslíf unglings um Andalúsíu og Marokkó, er svo lygileg að hún toppar allan skáldskap, enda gefin út sem skáldævisaga. Hún er auk þess fagurlega myndskreytt og myndirnar eru höfundaverk út af fyrir sig. Mér þykir sérstaklega vænt um þessa sögu því maðurinn minn skrifaði hana á meðan ég var ólétt; ég byrjaði að lesa fyrstu drög að henni þegar sonur minn var bara frumurækja en las hana síðast yfir daginn sem ég missti vatnið. Þessi saga hefur fylgt manninum mínum öhemju lengi og skemmtilegt að hún skuli fæðast sama árið og sonurinn. Hún á alltaf eftir að hafa meiri þýðingu fyrir mig en aðrar bækur í bókaskápnum.



Jón Kalman Stefánsson: Hjarta mannsins.



Guðrún Eva Mínervudóttir: Allt með kossi vekur.

Ég er mjög spennt fyrir skáldsögunni Allt með kossi vekur eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. Það er alltaf gefandi og ferskt að kafa inn í hugmyndaheiminn hennar Evu; yfirleitt sprikla þælingarnar af frjósemi. Ég er líka mjög spennt að skoða samspil skáldsögu og myndasögu innan sama verks.“

Frábær þýðing Gyrðis

„Einu jólaútgáfurnar sem ég hef lesið eru Nóvember 1976 eftir Hauk Ingvarsson, Götumálarinn eftir Þórarín Leifsson og Í klóm dalalæðunnar eftir Sindra Freysson. Og ein þýdd bók, Hvernig ég kynntist fiskunum eftir tékkneska höfundinn Ota Pavel,“ segir **Bragi Ólafsson**.

„Bók Hauks er virkilega skemmtilega skrifuð, og mér finnst aðdáunarvert hvernig Haukur lýs-



Sindri Freysson: Í klóm dalalæðunnar.

svart/hvítt efni.

Ég var mjög spenntur að lesa Götumálarann eftir Þórarín, því ég hitti Tóta á því ferðalagi sem hann lýsir í bókinni, árið 1986, og fylgdist með honum raka saman pesetum í Granada á Spáni þar sem hann nánast þakti heil torg með Johnny Rotten og Maríu mey. Þetta er alveg sérlega læsileg frásögn, sem andar vel og er alveg laus við mórál eða tilfinningasemi, en hún er dapurleg í grunninn, það er að segja efni hennar, stefnulaust flökkulífið. Í lok bókarinnar er virkilega smart hvernig Tóti gerir upp þetta tímabil í lífi sínu.

Ljóðin í bók Sindra, Í klóm dalalæðunnar, eru einstaklega áreynslulusa og öflugur kveðskapur. Án þess að geta, eða finnast ég þurfa að útskýra það eitthvað, þá er góð ljóðlist í mínum augum kvenlegt fyrirbæri, og það fannst mér ég skynja mjög sterkt þarna. Þetta eru tær og falleg ljóð með talsverðu biti.

En svo er það Ota Pavel. Þýðing Gyrðis á þessari bráðskemmtilegu bók er frábær texti. Mjög svo fyndin og léttleikandi frásögn, með miklum undirtóni sársauka.

En fyrst þetta eru allt bækur eftir karla, þá verð ég að nefna að minnsta kosti eina eftir konu: Jarðnæði eftir Oddnýju Eir Áv-arsdóttur. Það er sú bók sem ég er einna spenntastur fyrir að lesa núna. Svo bið ég líka eftir að komast í nýja bók Jóns Kal-

mans og kartöflubók Sölva Björns Sigurðssonar, Gestakomur í Sauðlauksdal.“

Erum við öll komin í skáldsögu Vigdísar?

„Ég las skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur, Trúir þú á töfra núna fyrir stuttu; þetta er pólitísk, tryllt bók – „leiðarvísir inn í framtíðina“, eins og stjórnmalafólkið myndi segja; því það er alltaf að lofa einhverri framtíð og hana lestu mögulega í bók Vigdísar. Ég óttast að við séum á leiðinni þangað, ef við erum þar ekki nú þegar. Og ég sakna þess heitt að gagnrýnendur tengi ekki verkið við tímana okkar – þetta yndis-



Vigdís Grímsdóttir: Trúir þú á töfra?

lesa. Skáldsögur, ljóð og endurminningar og bækur úr samtímanum. Ég nefni bækur Rögnu Sigurðardóttur, Oddnýjar Eirar Áv-arsdóttur, Hallgríms Helgasonar, Steinars Braga, Hauks Ingvarssonar, Sigurðar Pálssonar og Þórunnar Valdimarsdóttur, Guðmundar Andra Thorssonar, Þorsteins frá Hamri, Kristínar Svövu Tómasdóttur, að ekki sé nú minnst á bók Sigríðar Víðis Jónsdóttur, Ríkisfang ekkert. Ég nefni þessar í fljótu bragði og bið spennt eftir að hefja lestur, helst strax!“

Gaman að vera með alþingismanni á Vogu



Þórarinn Leifsson: Götumálarinn.

„Mannorð er lipurlega skrifuð skáldsaga eftir Bjarna Bjarnason sem kom snemma út í haust. Þetta er flott bók hjá Bjarna en sagan fjallar um útrásarviking sem á sand af seðlum en ekkert mannorð. Hann veltir upp spurningunni hvort hægt sé að kaupa aftur mannorð eða ekki. Því hann finnur skáld sem er með óflekkað mannorð en enga lífslöngun. Þetta er lipurlega skrifuð bók hjá Bjarna sem heldur sínum sterka og sérstaka tóni í íslenskri skáldsagnagerð,“ segir **Börkur Gunnarsson**.

„Ég nefni líka ljóðabókina Í klóm dalalæðunnar eftir Sindra Freysson. Hann hefur lengi verið afbragðs skáld og þótt hann hafi einbeitt sér meira að skáldsögunum í seinni tíð þá er fengur af því að fá ljóð frá honum aftur. „Leiðin til léttleikans er þung á fótinn,“ skrifar hann. Bókin er hljóðlát ferðalag inn á slóðir forfeðra hans, þarsem hann var sjálfur í sveit sem strákur.

Fallið eftir Þráin Bertelsson er síðan óskaplega skemmtileg bók. Það má örugglega segja margt um Þráin en það verður aldrei tekið frá honum hvað hann er skemmtilegur. Þrátt fyrir að umfjöllunar-efnið sé hryllingur alkóhólismans þá verður þetta allt svolítið sætt í höndunum á Þráni, þótt hryllingurinn sé þarna undir niðri. Hann fellur í Færeyjum og kemur sér blessunarlega strax í meðferð. Svo fylgjumst við með honum á Vogu og það er svo skemmtilegt að vera með alþingismanninum þarna innanum handrúkkara og bissettsfólk. Fólk sem er gríðarlega ólíkt og á í raun aðeins eitt sameiginlegt: sjúkdóminn ógurlega.“



Sölvi Björn Sigurðsson: Gestakomur í Sauðlauksdal.

Dans vil ég heyra

„Það er úr miklu að velja í jólabókaflóðinu í ár og ég hlakka mjög til að sökkva mér á kaf í lesturinn þegar amstrið er að baki og jólahelgin leggst yfir með tilheyrandi ilmi af reyktu keti og nýjum bókum. Af þeim sem ég bið spenntust eftir að rífa úr plasti ber





Steinunn Sigurðardóttir: Jójó.


Guðjónssonar ofarlega á óskalistanum,“ segir **Vilborg Davíðsdóttir**.

„Af því sem ég hef heyrt um Gestakomur í Sauðlauksdal eftir Sölva Björn Sigurðsson þá veit ég fyrir víst að ég mun líka njóta þess að lesa þá bók. Ég hef nýtt mér fróðleikinn í ritum Björns í Sauðlauksdal og þá sérstaklega Grasnytjum í nánast hverri einustu bók sem ég hef sjálf skrifað og það verður klárlega áhugavert að kynna Birni í gegnum bókina hans Sölva.

Síðast en ekki síst bið ég með óþreyju eftir að hefja lestur á Hjarta mannsins eftir Jón Kalman Stefánsson og fara með honum í Plássið vestur á fjörðum yfir jólnin. Spái því að Jón Kalman landi Íslensku bókmenntaverðlaununum í ár fyrir sinn fina þrileik, ef Guðrún Eva tekur þetta ekki, hver veit? Fyrir sjö ára dóttur mína hlakka ég síðan mest eftir að lesa bókina Dans vil ég heyra og hlusta með henni á geisladiskinn sem þar fylgir með. Ég er stórhvín af því framtaki Evu Maríu Jónsdóttur og Óskars Jónassonar að gera þessi stórskemmtilegu þjóðkvæði og vísur úr fjársjóðskistu Árnastofnunar að gengileg fyrir börn á öllum aldri.“



BREYTINGAR		GAMMA:GBI
1 vika:	1 mán:	1 ár:
0,04%	0,97%	12,35%



KROSSGENGI				
	£	€	\$	ISK
GBP	1	0.8569	0.6402	0.005395
EUR	1.1671	1	0.7471	0.006296
USD	1.5622	1.3386	1	0.008427
ISK	186.249	159.587	119.22	1

Leidandi í matar- og
drykkjarsjálfsöllum fyrir vinnustaði
Erum við hjá þér?
www.selecta.is



selecta
Sí: 5 85 85 85



Bílasalan Ingvar Helgason átti helmingshlut í Bevís á móti BNT hf.

Gjaldprot Skiptum er lokið á bílaleigufyrirtækinu Bevís

Milljón inn í bílaleigufyrirtæki

Skiptastjóri hefur lokið störfum við að skipta kröfum í bílaleigufyrirtækið Bevís. Tæp milljón fékkst upp í 262 milljóna kröfur.

HALLGRÍMUR ODDSSON
hallgrimur@vb.is

Um 0,35% fékkst upp í 262 milljóna króna kröfur í þrotabú félagsins Bevis ehf. Bevis var í eigu Ingvars Helgasonar ehf. og BNT, sem áttu hvort um sig 50% hlut. Félagið var móðurfélag bílaeiganna Bílaeigunnar Bónus

ehf. og ALP ehf. Í kjölfar hrunsins
tók Íslandsbanki félagið yfir.

Félagið var úrskurðað gjaldþrota í apríl á þessu ári og lauk skiptum á því undir lok síðasta mánaðar. Skipastjóri var Jóhannes Albert Sævarsson hrl, samkvæmt tilkynningu um skiptalok í Lögbirtinga blaðinu. Eignirnar sem fundust í búinu voru að fjárhæð rúmlega 2 milljónir króna. Þar með talið var skipatrygging, sem greidd var af þrotamanni. Um 930 þúsund krónur fengust upp í kröfurnar, eða 0,35%.

Bevís skilaði síðast ársreikningi fyrir árið 2009. Tap af rekstri það ár nam 232 milljónum og var eigið

fé félagsins neikvætt um 2 milljarða.

Sú staða sem uppi er í íslensku efnahagslífi hefur haft áhrif á rekstur Bevis ehf. og dótturfélaga síðastliðin tvö ár. Eigið fé félagsins er neikvætt í árslok að fjárhæð 2.095 milljón kr. og vinna stjórnendur að lausn á fjármögnunarmálum félagsins en niðurstaða liggur ekki enn fyrir. Við þessar aðstæður leikur vafi á rekstrarhæfi félagsins,“ stendur í ársreikningi fyrir árið 2009.

Svo fór að Íslandsbanki tók yfir félagið um mitt ár 2010. Samkeppniseftirlitið setti þó fjölmörg skilyrði fyrir yfirtökunni, meðal annars að bankinn skyldi selja fyrirtækið svo fljótt sem auðið væri.

INNKALLANIR

10. des.

G100 ehf.,

kt. 550803-2240,

10. des.

Conscriptor ehf.,

kt. 540108-0212,

10. des.

Ecoprocess hf.,

kt. 560702-2130,

10. des.

Nórðrýggingar ehf.,

kt. 681205-1790,

10. des.

Hjallaland ehf.,

kt. 700404-2850,

10. des.

joma ehf.,

kt. 510302-2220,

10. des.

Lónakat ehf.,

kt. 540405-0500,

10. des.

Sameinuðu hljóðnar ehf.,

kt. 640709-0650,

10. des.

Teisti ehf.,

kt. 590304-2170,

10. des.

Fiskey ehf.,

kt. 690787-1139,

10. des.

Gesthúð við Engjaveg ehf.,

kt. 570402-3820,

10. des.

Edda Lúdvígsdóttir KOS ehf.,

kt. 601201-3480,

10. des.

Froxtrot ehf.,

kt. 580809-0810,

10. des.

GG-2299 ehf.,

kt. 620304-2470,

10. des.

Gull og demantar ehf.,

kt. 580589-1469,

10. des.

Gilla Grill ehf.,

kt. 420210-0780,

10. des.

Green Apple ehf.,

kt. 541004-3940,

10. des.

Verkefni Byggingarfélag ehf.,

kt. 511205-0880,

10. des.

Örvær ehf.,

kt. 410304-3090,

10. des.

B-17 ehf.,

kt. 620606-0300,

10. des.

Byggingarfélagið Stóri Klettur ehf.,

kt. 470208-0820,

10. des.

Gæfsumjúrin ehf.,

kt. 561297-2589,

10. des.

Fiskeldi í Fellsmla ehf.,

kt. 680207-0620,

10. des.

Huldubygg ehf.,

kt. 670405-0950,

10. des.

Félag ehf.,

kt. 560807-0820,

10. des.

Biskupsstallar ehf.,

kt. 451206-0280,

10. des.

Húsmúsið Selfoss ehf.,

kt. 470597-2169,

10. des.

Sigurður Guðni Björnsson,

kt. 210771-4769,

10. des.

Taníð ehf.,

kt. 571209-0710,

10. des.

Brons ehf.,

kt. 590207-1600,

10. des.

Búrsýslan ehf.,

kt. 551297-2099,

10. des.

Carer ehf.,

kt. 601206-0990,

10. des.

SR ehf.,

kt. 590107-1230,

10. des.

Æskulind ehf.,

kt. 541098-3139,

10. des.

Heilsusæðingurinn ehf.,

kt. 700808-2780,

10. des.

Eldvarnarmústöð Íslands ehf.,

kt. 640904-2320,

10. des.

S/Y Smíði ehf.,

kt. 480508-0410,

10. des.

Aístal ehf.,

kt. 660402-2250,

10. des.

Veðlafélagið Ösmenn ehf.,

kt. 670906-1160,

10. des.

ZXL8 ehf. (áður Narc ehf.),

kt. 690909-1110,

10. des.

SKJ28 ehf.,

kt. 620402-4140,

10. des.

365058 ehf.,

kt. 630508-1500,

10. des.

Breki ehf. eignarhaldsfélag,

kt. 460405-1140,

10. des.

ET fiskur ehf.,

kt. 460596-3009,

10. des.

Gjerslupn hf.,

kt. 521289-1639,

10. des.

Glorri ehf.,

kt. 551008-0370,

10. des.

Bláþjónusta Íslands ehf.,

kt. 511109-0270,

10. des.

Bv25 ehf.,

kt. 431108-0620,

10. des.

Formvélar ehf.,

kt. 640204-2220,

10. des.

HGG ehf.,

kt. 510304-2680,

10. des.

Þorpúlpar ehf.,

kt. 530907-1200,

10. des.

High risk productions ehf.,

kt. 631205-0890,

10. des.

Nikkabær ehf.,

kt. 491008-0670,

10. des.

Sandhöll ehf.,

kt. 591099-1199,

10. des.

SPT ehf.,

kt. 520406-1070,

10. des.

Útfarmarmstöð Íslands ehf.,

kt. 540800-2510,

10. des.

Fitjagrill ehf.,

kt. 640993-2789,

10. des.

AG Matthíasson ehf.,

kt. 480503-2010,

10. des.

Byrás ehf.,

kt. 661007-4000,

10. des.

Æðri máttur ehf.,

kt. 450210-0560,

Árni Pálsson hdl.

Lilja Jónasdóttir hrl.

Ólafur Haraldsson hrl.

Ólafur Haraldsson hrl.

Ólafur Haraldsson hrl.

Ólafur Haraldsson hrl.

Órýgur Hrafn Jónsson hdl.

Ólafur Björnsson hrl.

Magnús Pálmi Skúlason hdl.

Magnús Pálmi Skúlason hdl.

Magnús Pálmi Skúlason hdl.

Magnús Pálmi Skúlason hdl.

Hulda Guðný Kjartansdóttir hdl.

Hulda Guðný Kjartansdóttir hdl.

Hulda Guðný Kjartansdóttir hdl.

Gudni Á. Haraldsson hrl.

Magnús H. Magnússon hdl.

Magnús H. Magnússon hdl.

Óskar Sigurðsson hrl.

Óskar Sigurðsson hrl.

Tómas Hrafn Sveinsson hdl.

Sigurður Sigurjónsson hrl.

Sigurður Sigurjónsson hrl.

Sigurður Sigurjónsson hrl.

Tómas Hrafn Sveinsson hdl.

Fróði Steingrímsson hdl.

Fróði Steingrímsson hdl.

Fróði Steingrímsson hdl.

Fróði Steingrímsson hdl.

Fróði Steingrímsson hdl.

Guðrún Bergsteinsdóttir hdl.

Arnar Þór Stefánsson

Arnar Þór Stefánsson hrl.

Lilja Jónasdóttir

Lilja Jónasdóttir

Jónas Ágnesson hrl.

Tómas Hrafn Sveinsson hdl.

Jónas Ágnesson hrl.

Jónas Ágnesson hrl.

Hannes J. Hafstein hdl.

Hannes J. Hafstein hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Sævar Þór Jónsson hdl.

Erla Skúladóttir hdl.

Erla Skúladóttir hdl.

Erla Skúladóttir hdl.

Erla Skúladóttir hdl.

Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.

Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.

Haraldur F. Tryggvason hdl.

17. des.

KLK Verkta ehf.,

kt. 701007-0260,

17. des.

Eldur og is ehf.,

kt. 500507-1600,

17. des.

Rísandi hús ehf.,

kt. 510408-1360,

17. des.

Borgarlega ehf.,

kt. 521103-3020,

17. des.

SH verk ehf.,

kt. 650705-0250,

17. des.

Skj Digital Islands ehf.,

kt. 701294-8079,

17. des.

Kambastál ehf.,

kt. 680809-1780,

17. des.

Víðskiptafélagið Flaumur ehf.,

kt. 411205-2740,

17. des.

Steyptusjapínar ehf.,

kt. 420306-0400,

17. des.

VPS ehf.,

kt. 550306-1230,

18. des.

BG Blakringan ehf.,

kt. 270151-5159,

18. des.

Lækjarnir 18 ehf.,

kt. 590707-0660,

18. des.

SH Festi ehf.,

kt. 560805-0120,

18. des.

Skot ehf.,

kt. 430506-0480,

18. des.

GG50 ehf.,

kt. 560210-0860,

18. des.

Járnhöf ehf.,

kt. 540409-0210,

18. des.

KT - 15 ehf.,

kt. 611103-2040,

18. des.

Patron ehf.,

kt. 510399-2429,

18. des.

Þróskur ehf.,

kt. 650303-2530,

18. des.

Á.Á. fjárfestingar ehf.,

kt. 641189-1119,

20. des.

One car ehf.,

kt. 630109-1240,

20. des.

Skál ehf.,

kt. 620905-0380,

20. des.

Valelaiga Ella ehf.,

kt. 640904-3050,

20. des.

PH útgerð ehf.,

kt. 410703-3270,

20. des.

Samspil ehf.,

kt. 630708-2080,

21. des.

Hennar leyndarmál ehf.,

kt. 690208-1560,

21. des.

Þríf ehf.,

kt. 630708-0600,

21. des.

Pendora ehf.,

kt. 650806-0500,

21. des.

BG Blakringan ehf.,

kt. 611292-2289,

21. des.

Geithaufer ehf.,

kt. 710506-1160,

24. des.

Prokarius ehf.,

kt. 621200-2080,

24. des.

37 ehf.,

kt. 541005-1450,

24. des.

Gjafalands ehf.,

kt. 490304-3980,

24. des.

M8 ehf.,

kt. 491008-2380,

25. des.

Frægr og fallæg ehf.,

kt. 630407-0360,

25. des.

Hornaburga ehf.,

kt. 631202-3730,

25. des.

Höfnes ehf.,

kt. 641008-1330,

25. des.

Hrúthóll ehf.,

kt. 600907-0690,

25. des.

OMG ehf.,

kt. 630408-0910,

26. des.

Stál og Hnifur ehf.,

kt. 490501-2070,

26. des.

Andrés Guðnason ehf.,

kt. 591174-0299,

26. des.

Penþús ehf.,

kt. 470408-1110,

26. des.

Simþjónustan ehf.,

kt. 510396-2869,

26. des.

Tex-1 ehf.,

kt. 610203-2560,

26. des.

PCS ehf.,

kt. 640907-0880,

26. des.

Pizza-Napoli ehf.,

kt. 661098-2289,

26. des.

Skandall ehf.,

kt. 561000-2470,

26. des.

Stíkla ehf.,

kt. 631204-3760,

27. des.

Dagbjartur ehf.,

kt. 420409-1840,

27. des.

Fenix ehf.,

kt. 480208-1610,

27. des.

Gæðir ehf.,

kt. 690598-3459,

13. desember 2011.

13. desember 2011.

9. desember 2011.

10. janúar 2012.

Ríkisskaut - Rekstur rafstöðva í fjarskiptastöðvum

Orkuveita Reykjavíkur - Aktur almenningsvagns á leið 57

Orkuveita Reykjavíkur - Jarðvarma og lagaklefi

Veigarðirn - Vaðlaheilaðargöng, eftirlit

TILBOÐSFRESTUR

13. desember 2011.
13. desember 2011.
19. desember 2011.
10. janúar 2012.

Ríkis kaup - Rekstur rafstöðva í fjarskiptastöðvum
Reykjavíkurborg - Akstur almenningsvagna á leið 57
Orkuveita Reykjavíkur - Jarðvinna og lagnakerfi
Vegagerðin - Vaðlaheiðargöng, eftirlit

GJALDÞROT

Toplux Holding ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 13. apríl 2011 var ofangreint búi tekið til gjaldþrota skipta. Sama dag var Hjálmar Blöndhal hl. skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Lýstar kröfur í búið námu alls kr. 580.225.082. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 6. júlí 2011 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að þeigðisla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Írski barinn ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppfærðum 24. nóvember 2010 var ofangengt bíl tekið til gjaldprotaskipta. Sama dag var Hildur Sólveig Pétursdóttir skipuð skiptastjóri í þrotabúinu. Lýstar krófur í búið námu alls kr. 147.783.20. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. nóvember 2011 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar krófur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldprotaskipta.

Járnfrúin ehf.

Með úrskurði héraðsdoms Reykjavíkur upp-
kveðnum 27. janúar 2010 var ofangreitt búi tekið
til gjaldprotaskipta. Sama dag var Guðrún Helga
Brynleifsdóttir skipuð skiptastjóri í þrotabúinu.
Lýstar kröfur í búi námu alls kr. 151.007.202. Engar
eignir fundust í búinu og var skiptum í því loklið 23.
nóvember 2011 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991
á þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk
áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag
gjaldprotaskipta.

Ísmerki ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkæðnum 17. febrúar 2010 var ofangreint búi tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var Stefán B.J. Gunnlaugsson hrl. skipaður skiptastjóri í protabúinu. Lýstar kröfur í búið námu alls kr. 249.093.224. Skiptum á búinu var lokið 23. júní 2011. Skiptum lauk með úthlutunargerð úr búinu samkvæmt 2. mgr. 160. gr. laga nr. 21/1999, upp í almennar kröfur greiddust 11,828% eða kr. 29.474.599.

Bevís ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-
kveðnum 15. apríl 2011 var neðangreint þá tækili
til gjaldprotaskipta. Sama dag var Jóhannes Albert
Sævarsson hfl. skipaður skiptastjóri í protabúinu.
Skiptum á búinu var lokið 29. nóvember 2011. Eignir
að fjárhæð k. 2.065.412 fundust í búinu, þ.m.t.
skiptatrygging sem greidd var af protamanni. Lýstar
kröfur námu samtals kr. 261.944.769 og komu kr.
928.412 upp í þær, skv. 156. gr. laga 21/1991 eða
0,35%. Skiptakostnaður greiddist að fullu. Skiptum
var því lokið þann 29. nóvember 2011 samkvæmt
160. gr. laga 21/1991

ÚTBOD

Ríkiskaup - Rekstur rafstöðva í fjar- skiptastöðvum

Ríkiskaup, fyrir hönd Ríkisútvarpsins ohf.,
Fjarskipta ehf. (Vodafone) og Neyðarlínunnar
ohf. óska eftir tilboðum í viðhald rafstöðva í
fjarskiptatölvum. Verkið er fölgjð í viðhaldi
rafstöðva, sígengisvéla og varavéla, og ýmiss ann-
ars búnaðar í fjarskiptastöðvum verkkaupa sem
staðsettar eru víða um land. Skilafrestur tilboða
er fyrir opnun sem verður 13.12.2011 kl. 15.00 hjá
Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík.

Reykjavíkurborg - Akstur almenningsvagna á leið 57

F.h. Strætó bs. er óskað eftir tilboðum frá verk tök- um í akstur almenningssvagna á leið 57 milli Akraness og Mosfellsbæjar. Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Tilboðum skal skila eigi síðar en: kl. 14:00 þriðjudaginn 13. desember 2011 í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12 – 14, 105 Reykjavík.

Orkuveita Reykjavíkur - Jarðvinna og laqnakerfi

Óskað er eftir tilboðum í verkíð: Jarðvinna og lagnakerfi, FTTH Gerði, Vestur. Verkið þætti nær til jarðvinnu og fullnaðarfrágangi lagnakerfis gagnaveitu frá tengistöðvum að inntakskassa ásamt frágangi yfirborðs lagnaleiða í hluta af Smáðíðahverfi í Reykjavík, milli Háteigsvegur og Réttarholtsvegur. Verkløp eru 25. apríl 2012. Tilboð verða óþunuf hjá Gagnaveitu Reykjavíkur Bæjarhálsl 1, 110 Reykjavík, mánuðaginn 19. desember 2011, kl. 10:00.

Vegagerðin - Vaðlaheiðargöng, eftirlit

Vegagerðin, fyrir hönd Vaðlaheiðarganga hf.,
óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð Vaðlaheið-
arganga milli Eymjafarðar og Fnjóskadal. Skila
skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00
þriðjudaginn 10. janúar 2012 og verða þau ögnuð
þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa
skilað inn tilboðum. Síðari opunarfundur verður
þriðjudaginn 17. janúar 2012 og verða þau ögnuð
þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa
skilað inn tilboðum.

FÓLK Á FERÐINNI

Hættir hjá PWC og í FLE
Þórir Ólafsson, fyrrverandi meðstjórnandi og meðeigandi **PricewaterhouseCoopers** hefur hætt störfum þar og ætlar að taka sér frí fyrst um sinn. Þórir hefur starfað hjá PWC frá árinu 1984 og verið hlut-hafi síðan 1992. Þórir hefur einnig látið af störfum sem formaður félags löggiltra endurskoðenda en hann tók sæti í stjórn félags löggiltra endurskoðenda árið 2007.

Frá Forlaginu til IÐNÚ
Heiðar Ingi Svansson hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra hjá **IÐNÚ** bókaútgáfu og lönmenntar en hann var áður vörustjóri hjá **Forlaginu**. Við starfi **Heiðars** tók **Haukur Olavsson** en hann var áður verslunarstjóri **Griffils**.

Framkvæmdastýra Evrópustofu
Birna Þórarinsdóttir stjórn-málafræðingur hefur verið ráðin framkvæmdastýra **Evr-ópustofu** – upplýsingamiðstöðvar **ESB**. Birna var yfirmaður verkefnaskrifstofu **UNIFEM** (nú UN Women) í Serbíu og Svartfjallalandi 2008-2010 og framkvæmdastýra landsnefndar **UNIFEM** á Íslandi 2004-2006. Birna er með MA-gráðu í alþjóðlegum öryggismálafræðum frá **Georgetown University** í Bandaríkjunum.

Jón Finnbogason kominn til Íslandsbanka
Jón Finnbogason, fyrrverandi forstjóri **Byrs hf.**, hefur verið ráðinn aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptabankasviðs **Íslandsbanka**. Framkvæmdastjóri er **Una Steinsdóttir**. Jón er lögmaður að mennt og hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 1998. Síðustu þrjú ár hefur hann starfað hjá **Byr** sparisjóði og síðar **Byr hf.** Jón var áður sjóðstjóri sérhæfðra skuldabréfasjóða á eignastýringasviði **Kaupþings**. Þá hefur hann verið formaður íþróttafélagsins **Gerplu** frá árinu 2006.



Nýir stjórnendur hjá Iceland Express
Skarphéðinn Berg Steinarsson, sem settist með skömmum fyrirvara í stól forstjóra **Iceland Express** nýlega, hefur verið ráðinn forstjóri þess til frambúðar. **Þórunn Reynisdóttir** var nýlega ráðin framkvæmdastjóri yfir nýju sölu- og markaðssviði og **Gunnar Petersen** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri fjármála.



Fólk Davíð B. Gíslason er með marga bolta á lofti í einu

Grjótharður Gróttumaður

Formaður slitastjórnar **Kaupþings** hefur haft brennandi áhuga á handbolta samhliða námi og starfi sínu og meðal annars settið í aganefnd **HSÍ**.

DÖGG HJALTALÍN
dogg@vb.is

Seltirningurinn **Davíð Benedikt Gíslason** er formaður slitastjórnar **Kaupþings** og hefur hann settið í slitastjórninni frá árinu 2009. Nú nýlega tók hann við formennsku slitastjórnarinnar af öðrum Seltirningi, **Ólafi Garðarssyni**. **Davíð** er fyrrverandi handboltahetja og hefur einnig mikinn áhuga á stangveiði.

Handboltahetja
Davíð var í unglingalandsliðinu í handbolta og byrjaði að spila með meistaraflokki **Gróttu** aðeins 15 ára. Kunnugir segja **Davíð** vera mjög mikinn keppnismann og er eftirminnilegasta atvik hans úr handboltanum þegar hann reif sig úr upphitunargallanum og hljóp inn á völinn í meistaraflokksleik. Það var aðeins eitt vandamál, hann hafði gleymt að fara í stuttbuxurnar.



Davíð B. Gíslason.

Stofnaði Gjaldheimtuna
Davíð hóf störf sem löglærður fulltrúi hjá **Almennu málflytningisstofunni** árið 1995 og vann hann þar allt til ársins 2003 þegar hann fór út í eigin rekstur. **Davíð** stofnaði **Gjaldheimtuna** árið 2003 í samstarfi við tvo aðra og var hann framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Árið 2006 bætir hann svo við

sig framkvæmdastjórastöðu í **Momentum** sem er dótturfyrirtæki **Gjaldheimtunnar**. Árið 2009 tekur hann svo sæti í slitastjórn **Kaupþings**.

Í aganefnd HSÍ
Davíð er giftur **Brynhildi Þorgeirsdóttur** og eiga þau fjögur

UM DAVÍÐ

- » 1989 Stúdent frá MR
- » 1995 Cand. juris frá Háskóla Íslands
- » 1996 Héraðsdómslögmannsréttindi
- » 1995-2003 Almenna málflytningstofan, löglærður fulltrúi
- » 2003 Gjaldheimtan, framkvæmdastjóri og einn þriggja eigenda
- » 2006 Momentum, framkvæmdastjóri (dótturfyrirtæki Gjaldheimtunnar)
- » 2009 Slitastjórn Kaupþings

börn, þau **Evu Björk**, **Þorgeir Bjarka**, **Önnu Láru** og **Benedikt Arnar**. Eins og áður segir hefur **Davíð** mikinn áhuga á handbolta og var hann stjórnarmaður í handknattleiksdeild **Gróttu/KR** árin 2000 og 2001. **Davíð** hefur einnig starfað fyrir **HSÍ**, meðal annars sem lögfræðilegur ráðunautur og hefur verið formaður laganefndar **HSÍ** frá árinu 2009. Árin 2007 til 2009 sat hann svo í aganefnd **HSÍ** og var formaður nefndarinnar árið 2008 til 2009.

UMMÆLI VIKUNNAR

Leiðbeiningar um lagaflækjur



„Og við náttúrlega verðum að gæta okkur á því að fara ekki að, að leiðbeina mönnum framhjá íslenskum lögum.“

ÖGMUNDUR JÓNASSEN INNANRÍKISRÁÐHERRA UM UMMÆLI KATRÍNAR JÚLÍUS-DÓTTUR VARÐANDI FJÁRFESTINGU KÍNVERJANS HUANG NUBO.

HVERNIG VÆRI AÐ
SENDA STARFSMÖNNUM
SAMSTARFSFYRIRTÆKJA
JÓLALEGA KVEÐJU Á
ADVENTUNNI?



Við sjáum um allt – einfalt og alls ekki dýrt. Hafið samband

AVAXTA-
ABILLINN
517 0110

VANTAR ÞIG BETRI YFIRSÝN YFIR LAUNAMÁL FYRIRTÆKISINS?

H3 LAUN ER LAUSNIN ÞÍN

TÖLVUMIÐLUN
WWW.TOLVUMIDLUN.IS



Endahnúturinn

Kemur mér ekki við

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@mbi.is

Það er fátt sem stjórnmálamönnum þykir skemmtilegra en að tala, að láta móðan mása um málefni líðandi stundar, burtséð frá því hvort þeir hafi eitthvað vit eða í raun áhuga á viðkomandi máli. Að sjálfsögðu dettur þeim aldrei í hug að málið komi þeim ekki við. Skiptir engu máli hvort um er að ræða laun yfirmanna einka-fyrirtækja, landakaup milli einstaklinga eða líðan kjölturakka á Akureyri – alltaf er stjórnmálamaðurinn tilbúinn að stíga fram og tjá skoðun sína á málinu. Þetta er ekki bara pirrandi – ég held að ég sé ekki sá eini sem tekur hóflegt mark á skoðunum þingmanna þegar þeir tjá sig um hluti sem tengjast vinnunni þeirra lítið sem ekkert. Þetta er líka merki um hættulega afstöðu stjórnmálamanna til stöðu sinnar í samfélaginu. Ef þeir líta svo á að þeir eigi að hafa skoðun á öllu og að þeir eigi að tjá þessa skoðun sína opinberlega þá þýðir það líka að þeir líti svo á að þeir hafi einhvern rétt til þess að skipta sér af öllu. Að ekkert í samfélagi okkar sé þeim óviðkomandi. Að allt sé pólitískt. Þarna eru horfin mörkin milli einkalífs og hins opinbera. Sumir hlutir koma stjórnmálamönnum ekki við frekar en að þeir koma öðrum við en þeim sem í hlut eiga. Ef tveir einstaklingar vilja eiga viðskipti með landspildu þá á það að vera þeirra einkamál. Sama á við um það hvaða laun einkafyrirtæki ákveður að greiða starfsmönnum sínum. Það væri hressandi tilbreyting að heyra það svar frá stjórnmálamanni, næst þegar hann er spurður um afstöðu hans til löglegrar hegðunar einstaklinga, að þetta komi honum ekki við.


Að sama skapi er óþolandi að horfa upp á stjórnmálamenn sem neita að vinna vinnuna sína og sitja hjá í mikilvægum málum. Dæmi um slíkt er nýleg afgreiðsla þingsályktunartillögu um staðfestingu á palestínsku ríki. Formaður Sjálfstæðisflokksins var búinn að segja það opinberlega að hann teldi slíka ákvörðun ranga, en þegar kom að atkvæðagreiðslunni sat hann hjá með öllum sínum þingflokki. Hann hefði betur átt að standa í lappirnar og greiða atkvæði í samræmi við sannfæringu sína. ■



„Þessi bók er eins og vel hlaðin varða og mun standa um aldir.“
Páll Ásgeir Ásgeirsson,
rithöfundur og göngugarpur

„Ómetanleg bók sem mun nýtast jafnt fræðimönnum sem göngufólki.“
Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir,
forstöðumaður fornleifaverndar ríkisins

„Bókin Þúsund og ein þjóðleið er merkileg bók og mikilsvert framlag Jónasar Kristjánssonar til verndar þekktum þjóðleiðum á Íslandi“
Haraldur Þórarinnsson,
formaður Landssambands hestamannafélaga



ÞÚSUND OG EIN ÞJÓÐLEIÐ

Jónas Kristjánsson hefur áratugum saman skrásett þjóðleiðir á Íslandi og birtist afraksturinn í þessari einstöku bók. Yfir eittþúsund göngu- og reiðleiðum er lýst og bær sýndar á vönduðum kortum.

Þessi útgáfa er viðburður í íslenskrí bókaútgáfu. - Kjörgripur fyrir alla þá sem ferðast og unna náttúru landsins.



Stafrænn diskur fylgir sem gerir kleift að hlaða leiðunum inn í GPS-tæki og tölvur.



„Sú bók sem hér kemur út markar kaflaskil í leiðsögn um landið okkar.“
Ólafur Örn Haraldsson,
forseti ferðafélags Íslands

Vesturgata 19 | 101 Reykjavík | www.sogurutgafa.is | 557-3100

sögur UTGÁFA

NÝ VIÐMIÐ

FARTÖLVUR FYRIR SKRIFSTOFUNA



9 SERIES

Skjár	13.3" 1366x768 400 nits LED NonGloss
Örgjörvi	i5 2410M
Vinnsluminni	RAM 4 GB
Harður diskur	128GB SSD
Skjákort/stýring	Intel GMA HD
Raflöðuending	7 klst
Litur	Svört
VERÐ	299.900



N400B4B

Skjár	14.0"/15.6" 1600x900 LED Non-Gloss
Örgjörvi	i5 2410M
Vinnsluminni	RAM 4 GB
Harður diskur	500GB 7200 rpm
Skjákort/stýring	Nvidia NVS4200M 1GB
Raflöðuending	6 klst
Litur	Svört
VERÐ	219.900 (14.0") 229.900 (15.6")

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SAMSUNG

FYRIR ÞÁ KRÖFUHÖRÐU